



Ráðhús Reykjavíkur  
Borgarráð

***Efni: Drög að samningum við tónlistarskóla vegna efri og neðri stiga tónlistarnáms.***

Á fundi skóla- og frístundaráðs 25. janúar 2017 var lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 24. janúar 2017, um drög að samningum við tónlistarskóla vegna neðri og efri stiga tónlistarnáms auk fylgiskjals, trúnaðarmál, og draga að þjónustusamningum við tónlistarskóla vegna neðri og efri stiga tónlistarnáms og draga að þjónustusamningunum vegna neðri og efri stiga tónlistarnáms þar sem fram koma breytingar á fyrri drögum. Jafnframt lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 10. janúar 2017, auk fylgiskjals, merkt trúnaðarmál, varðandi drög að nýjum reglum um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla og drög að samningum vegna neðri og efri stiga tónlistarnáms. Jafnframt lögð fram drög að reglum um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla lögð fram á 111. fundi skóla- og frístundaráðs og drög að samningum vegna vegna neðri og stiga tónlistarnáms lögð fram á 111. fundi skóla- og frístundaráðs. Enn fremur reglur um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla, dags. 29. maí 2012, samningsform tónlistarskólasamninga, dags. 2012, samkomulag um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms, dags. 13. apríl 2016, reglur um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til stuðnings við tónlistarnám og jöfnunar á aðstöðumun nemenda, dags. 31. ágúst 2016, minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 22. ágúst 2016, varðandi drög að nýjum reglum um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla og drög að samningum vegna neðri og efri stiga tónlistarnáms og tillaga um að sviðsstjóra verði falið að leggja fram drög að breytingum á reglum um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla og drög að samningum við þá. Jafnframt minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 22. ágúst 2016. Enn fremur lagðar fram umsagnir og athugasemdir eftirfarandi aðila um reglur um þjónustusamninga við tónlistarskóla og drög að samningum vegna neðri og efri stiga tónlistarnáms: Samband íslenskra sveitarfélaga, dags. 5. janúar 2017; Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, dags. 5. janúar 2017; Tónlistarskóli FÍH, ódags; Tónskóli Hörpunnar, dags. 4. janúar 2017; Stjórn samtaka tónlistarskóla, dags. 5. janúar 2017; Píanóskóli Þorsteins Gauta, ódags; Tónskóli Sigursveins og Tónskóli Hörpunnar, dags. 8. janúar 2017; Söngskóli Sigurðar Demetz, dags. 9. janúar 2017; Tónskóli Eddu Borg, dags. 7. janúar 2017; Tónlistarskólinn í Grafarvogi, ódags, Allegro Suzukitónlistarskólinn, dags. 8. janúar 2017 og Tónskólans Do Re Mi, dags. 30. desember 2016 og 7. janúar 2017 merkt trúnaðarmál. Einnig samantekt frá fundi með stjórnendum tónlistarskóla þann 23. september 2016.

Með vísan til minnisblaðs sviðsstjóra, dags. 24. janúar 2017 auk fylgiskjala, eru drög að samningum við tónlistarskólana vegna neðri og efri stiga samþykktir með fjórum atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og vísað til borgarráðs. Samþykkt er að fela sviðsstjóra að gera samninga við þá aðila sem

tilgreindir eru í fskj. 8.1.1 á grundvelli þeirra upplýsinga sem þar koma fram. Gerður er fyrirvari um að skólarnir uppfylli skilyrði nýrra reglna Reykjavíkurborgar um þjónustusamninga við tónlistarskóla. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar og flugvallarvina sitja hjá.

Drög að samningum við tónlistarskóla vegna neðri og efri stiga tónlistarnáms voru samþykkt og vísað til borgarráðs.

Samningunum er hér með vísað til borgarráðs.

Virðingarfyllt



Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:

Minnisblað, dags. 24. janúar 2017

Drög um reglur um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla

Minnisblað, dags. 10. janúar 2017

Drög að samningum vegna neðri og efri stiga

Drög að reglum um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla lögð fram á 111. fundi skóla- og frístundaráðs

Drög að samningum vegna vegna neðri og stiga tónlistarnáms lögð fram á 111. fundi skóla- og frístundaráðs.

Enn fremur reglur um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla, dags. 29. maí 2012

Samningsform tónlistarskólasamninga, dags. 2012

Samkomulag um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms, dags. 13. apríl 2016

Reglur um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til stuðnings við tónlistarnám og jöfnunar á aðstöðumun nemenda, dags. 31. ágúst 2016

Minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 22. ágúst 2016

Drög að samningum vegna neðri og efri stiga tónlistarnáms

Málsmeðferðartillaga

Drög að reglum um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistaskóla

Samband íslenskra sveitarfélaga, dags. 5. janúar 2017

Bréf, Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, dags. 5. janúar 2017

Bréf, Tónlistarskóli FÍH, ódags

Bréf, Tónskóli Hörpunnar, dags. 4. janúar 2017

Bréf, Stjórn samtaka tónlistarskóla, dags. 5. janúar 2017

Bréf, Píanóskóli Þorsteins Gauta, ódags

Bréf, Tónskóli Sigursveins og Tónskóli Hörpunnar, dags. 8. janúar 2017

Bréf, Söngskóli Sigurðar Demetz, dags. 9. janúar 2017

Bréf, Tónskóli Eddu Borg, dags. 7. janúar 2017

Bréf, Tónlistarskólinn í Grafarvogi, ódags

Bréf, Allegro Suzukitónlistarskólinn, dags. 8. janúar 2017.

Einnig samantekt frá fundi með stjórnendum tónlistarskóla þann 23. september



## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

***Efni: Drög að nýjum reglum um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla og drög að samningum vegna neðri og efri stiga tónlistarnáms.***

### **I Yfirlit yfir meðferð málsins**

Á 111. fundi skóla- og frístundaráðs þann 11. janúar sl. var sviðsstjóra falið að taka afstöðu til umsagna og athugasemda sem borist höfðu í tengslum við drög að reglum um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla og drög að samningum vegna neðri og efri stiga tónlistarnáms. Lagðar verði fram tillögur að breytingum eftir því sem við á 112. fundi skóla- og frístundaráðs. Tónlistarskólum verði gefinn formlega kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum varðandi framlag Reykjavíkurborgar til þeirra en upplýsingar um kennslumagn og fjárhæðir voru sendar tónlistarskólum til kynningar þann 13. desember 2016. Gerður var fyrirvari um samþykki borgarráðs.

Um forsögu málsins og tillögur um helstu breytingar er vísað til minnisblaða sviðsstjóra, dags. 22. ágúst 2016, lagt fram á 103. fundi skóla- og frístundaráðs þann 24. ágúst 2016, dags. 13. desember 2016, lagt fram á 110. fundi skóla- og frístundaráðs þann 14. desember 2016 auk minnisblaðs, dags. 10. janúar 2017, lagt fram á 111. fundi skóla- og frístundaráðs.

### **II Umsagnir og tillögur að breytingum**

Skóla- og frístundasviði bárust umsagnir og athugasemdir eftirfarandi aðila um reglur um þjónustusamninga við tónlistarskóla og drög að samningum vegna neðri og efri stiga tónlistarnáms: Samband íslenskra sveitarfélaga, dags. 5. janúar 2017; Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, dags. 5. janúar 2017; Tónlistarskóli FÍH, ódags; Tónskóli Hörpunnar, dags. 4. janúar 2017; Stjórn samtaka tónlistarskóla, dags. 5. janúar 2017; Píanóskóli Þorsteins Gauta, ódags; Tónskóli Sigursveins og Tónskóli Hörpunnar, dags. 8. janúar 2017; Söngskóli Sigurðar Demetz, dags. 9. janúar 2017; Tónskóli Eddu Borg, dags. 7. janúar 2017; Tónlistarskólinn í Grafarvogi, ódags og Allegro Suzukitónlistarskólinn, dags. 8. janúar 2017.

Með tilliti til framangreindra umsagna og vegna nánari skoðunar hafa eftirfarandi breytingar verið helst gerðar á drögum að reglum um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla, sjá nánar í fskj. 7.3 og 8.3 og 8.5:

Í gr. 1.3 hefur verið gerð sú breyting að í stað þess að liggja skuli fyrir fjárhagsáætlun til þriggja ára áður en þjónustusamningur er gerður skal liggja fyrir fjárhagsáætlun til þriggja ára eða til jafn langs tíma og þjónustusamningur nær til.

Í gr. 1.3.4 hefur verið gerð sú breyting að bætt hefur verið við lokamálsliðinn nýrri setningu sem er svohljóðandi: Til samræmis við lög um ársreikninga nr. 3/2006 skal koma fram í skýrslu stjórnar með ársreikningi ef vafi leikur á um rekstrarhæfi sbr. gr. 11.3 í reglum þessum.

Í 4. gr. er nýtt ákvæði þar sem kveðið er á um hvað skuli koma fram í þjónustusamningum við tónlistarskóla að minnsta kosti.

Í stað þess að fram komi í 3 másl. í gr. 5.2. að „Alla jafna“ sé tekið tillit til gildandi úthlutunar við úthlutun fjármagns tónlistarskól í stað „Heimilt er „ að taka tillit til gildandi úthlutunar.

Í gr. 5.11 er fjallað um nýtingu framlags vegna tölvunotkunar tónlistarkennara. Fallið er frá því að skrifleg beiðni þurfi að liggja fyrir vegna eigin notkunar hljóðfæris tónlistarkennara. Ákvæðið er felld úr reglum og er eingöngu í samningum. Í samningunum er felld út orðin „hljóðfæra og „ og jafnframt „ hljóðfæra eða“.. Sjá gr. 2.10 í samningi vegna neðri stiga og gr. 2.9 í samningi vegna efri stiga.

Í gr. 7.1.3 er nú tekið fram að fjármagn skuli að fullu notað vegna kennslu- og stjórnunarkostnaðar.

Í stað þess að ákvæði í gr. 7.1.5, 9.1, 9.5, 11.1, 12.1, 12.2, 12.3, 12.4, 12.5 komi fram með ítarlegum hætti í reglum koma þau nú ítarlegar fram í samningum.

Eftirfarandi ákvæði hafa verið felld úr reglunum: 7.1.5, 9.2, 8.5 í eldri drögum, 10.5, 11.2, 15.3, 15.4 og færð í samninga.

Í gr. 6.3 er fallið frá breytingum varðandi lágmarksfjölda nemenda (150) og er ákvæðið óbreytt frá núgildandi reglum. Það sama gildir um gr. 9.1. Sett er bráðabirgðaákvæði sem kveður á um að ákvæði 9.1. eigi ekki við vegna skólaársins 2016 – 2017 gagnvart þeim tónlistarskólum sem gerður var þjónustusamningur við árið 2012.

Í 1. másl. í gr. 7.3 er bætt við orðinu „auk hliðargreina“.

Í tengslum við gr. 8.2 hefur verið sett ákvæði til bráðabirgða þar sem fram kemur að síðasti málsliður í ákvæði 8.2 um að fjármagn skuli að fullu notað vegna kennslu- og stjórnunarkostnaðar eigi ekki við um samninga vegna efri stiga vegna skólaársins 2016 – 2017 ef tónlistarskóli hefur fengið bættan neikvæðan mismun kennslumagns á grundvelli upplýsinga frá vori 2014 og vori 2016. Nánar skal kveðið á um skilyrði á nýtingu fjármagns í samningi við þá tónlistarskóla sem í hlut eiga.

Framangreint ákvæði til bráðabirgða á við um 8 tónlistarskóla af 12 sem kenna á efri stigum og njóta framlags úr Jöfnunarsjóði. Ákvæði 3.3 í samningum vegna efri stiga er því breytt með þeim hætti að í samningum við umrædda skóla kemur fram í gr. 3.3 :

Fjármagn skal að lágmarki notað til greiðslu kennslu- og stjórnunarkostnaðar og að lágmarki vegna nemendastunda skv. gr. 3.2 í samningi þessum.

Tónlistarskólinn kennir að lágmarki nemendastundir samkvæmt grein 3.2. en inni í úthlutun til hans vegna skólaársins 2016-2017 eru auk þess stundir sem nema 70% af neikvæðum mismun uppgefins kennslumagns skólans á efri stigum vorið 2014 og svo vorið 2016. (Sjá reglur JS) Þannig fær því skólinn að þessu sinni greitt til viðbótar við nemendastundir í gr.3.2. fyrir XX nemendastundir (dálkur 2 í töflu) – og er sá fjöldi nemendastunda 70% af neikvæðum mismun á uppgefnu kennslumagni skólans frá vori 2014 til vors 2016. Úthlutun til skólans er því að þessu sinni í raun tvískipt: XX kr. eru vegna kennslumagns í grein 3.2. og YY kr. eru vegna viðbótarkennslumagns vegna fækkunar stunda á efri stigum og kemur sú úthlutun aðeins til á skólaárinu 2016-2017.

Í samningum við tónlistarskóla sem ekki fá viðbætur vegna neikvæðs mismunar á kennslumagni vorið 2014 og vorið 2016 verður gr. 3.3 svohljóðandi:

Fjármagn skal að fullu notað til greiðslu kennslu- og stjórnunarkostnaðar og að lágmarki vegna nemendastunda skv. gr. 3.2 í samningi þessum.

Í gr. 9.5 er fallið frá 2 málslið varðandi það að tónleikahald skuli kynnt með sýnilegum hætti á opinberum vettvangi.

Í gr. 12.1. eru felld út orðin „ skal gera“ og í þeirra stað kemur orðið „gerir“.

Í gr. 12.2. er felld út orðin „ ber að beiðni „ og í þeirra stað kemur orðið „afhendir“.

Í gr. 12.3. eru felld út orðin „ er heimilt að krefja“ og í þeirra stað koma orðin „getur krafist“.

Í gr. 12.5 er felld út orðið „skal“ og í þess stað kemur orðið „skilar“.

Í gr. 12.6 er felld út orðið „skal“ og í þess stað kemur orðið „skilar“.

Í drögum að þjónustusamningur við tónlistarskóla vegna neðri og efri stiga hafa verið gerðar breytingar sem leiða af ofangreindu.

Að öðru leyti er það mat skóla- og frístundasviðs að orðalag reglna og samninga sé skýrt og að ekki sé tilefni til að gera frekari breytingar

### **III Almennt um umsagnir og aukið samráð**

Í umsögnum sem borist hafa koma fram ábendingar um mikilvægi þess að tímasetningar afhendingar gagna mættu vera skýrari. Slíkar dagsetningar er að finna í reglunum. Auk þess kom fram að stöðlun forma fyrir umbeðnar upplýsingar væri til bóta og í raun væri nú þegar um slíkt að ræða hjá Reykjavíkurborg en mætti mögulega ganga lengra.

Reykjavíkurborg samdi við aðila sem þróað hefur staðlað form fyrir upplýsingar um laun, nemendalista, kennslumagn og kostnað í tónlistarskólum og leggur til formið endurgjaldslaust fyrir tónlistarskóla. Leiðbeiningar hafa um árabíl verið sendar vegna skila á greinargerð tónlistarskóla vegna hvers skólaárs. Sú grind liggur mögulega til grundvallar þegar kemur að gerð starfsáætlunar. Umgjörðin verður skoðuð með fulltrúum tónlistarskólanna með tilliti til krafna í nýjum reglum og samningum.

Form vegna skila á upplýsingum vegna kennslu á efri stigum koma frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og eru einnig stöðluð. Tekið er undir gagnsemi þess að staðla form vegna upplýsingagjafar.

Tekið er fram að skóla- og frístundasvið hefur í hyggju að auka samráð við tónlistarskóla í Reykjavík. Teknir verða upp reglulegir fundir með stjórn félags stjórnenda í tónlistarskólum í Reykjavík, STÍR, annars vegar og hins vegar opnir fundir með öllum hópnum og þeim öðrum sem stjórnendur vilja hafa með sér í þeirri vinnu. Stefnt er að því að leita einnig til fulltrúa foreldra og nemenda í þessari vinnu.

#### **IV. Afgreiðsla**

Með vísan til þess sem að framan hefur verið rakið eru drög reglum Reykjavíkurborgar um þjónustusamninga við tónlistarskóla lagðir fram til samþykktar og tilvísunar til borgarráðs.

**Reglur um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla****1. gr.  
Gildissvið**

Reglur þessar gilda um:

- 1.1 Þjónustusamninga, sem Reykjavíkurborgar gerir við tónlistarskóla í Reykjavík vegna nemenda með lögheimili í Reykjavík sem stunda fornám, grunnnám og miðnám á hljóðfæri og fornám og grunnnám í söng (neðri stig tónlistarnáms), sbr. lög nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla og aðalnámskrá tónlistarskóla, sbr. auglýsingu nr. 529/2000, og úthlutun fjármagns á grundvelli þeirra.
- 1.2 Þjónustusamninga, sem Reykjavíkurborg gerir við tónlistarskóla í Reykjavík vegna nemenda sem stunda nám í söng á miðstigi, framhaldsstigi og viðbótarnám eftir framhaldsstig og sem stunda nám í hljóðfæraleik á framhaldsstigi og viðbótarnám eftir framhaldsstig (efri stig tónlistarnáms), og greitt er vegna á grundvelli samkomulags, dags. 13. apríl 2016, um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms og reglna Jöfnunarsjóðs, dags. 31. ágúst 2016, um framlögin.
- 1.3 Áður en þjónustusamningur er gerður við tónlistarskóla skal eftirfarandi liggja fyrir:
  - 1.3.1 Sérstakt samþykki mennta- og menningarmálaráðuneytis sbr. lög nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.
  - 1.3.2 Samþykktir fyrir tónlistarskóla, þar sem fram kemur rekstrarform, stjórn, og fjármögnun, undirritaðar af stjórn eða skólanefnd skólans.
  - 1.3.3 Þriggja ára fjárhagsáætlun skólans eða fjárhagsáætlun til jafn langs tíma og þjónustusamningur nær til.
  - 1.3.4 Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að ganga úr skugga um rekstrarhæfi tónlistarskóla áður en þjónustusamningur er gerður við skólann og hvenær sem er eftir að slíkur samningur hefur verið gerður ef málefnalegar ástæður eru fyrir hendi. Ef vafi leikur á um rekstrarhæfi tónlistarskóla er Reykjavíkurborg heimilt að hafna samningsgerð við skólann eða eftir atvikum að segja upp gildandi samningi. Til samræmis við lög um ársreikninga nr. 3/2006 skal koma fram í skýrslu stjórnar með ársreikningi ef vafi leikur á um rekstrarhæfi sbr. gr. 12.4 í reglum þessum.

**2. gr.  
Skilgreiningar á hugtökum**

- 2.1 Með tónlistarskóla í reglum þessum er átt við tónlistarskóla eins og hann er skilgreindur í 1. gr. laga nr. 75/1985.
- 2.2 Með neðri stigum tónlistarnáms í reglum þessum er átt við fornám, grunnnám og nám á miðstigi í hljóðfæraleik og fornám og grunnnám í söng. Fjárhagslegur stuðningur Reykjavíkurborgar er bundinn við nemendur í framangreindu námi með lögheimili í Reykjavík.

- 2.3 Með efri stigum tónlistarnáms í reglum þessum er átt við nám í söng á miðstigi, framhaldsstigi og viðbótarnám eftir framhaldsstig og nám í hljóðfæraleik á framhaldsstigi og viðbótarnám eftir framhaldsstig. Reykjavíkurborg leggur ekki til fjármuni vegna framangreinds náms heldur miðlar framlagi úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á grundvelli samkomulags, dags. 13. apríl 2016, um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms. Ekki er gerð krafa um að nemendur hafi lögheimili í Reykjavík.
- 2.4 Með nemendastundum í reglum þessum er átt við allar kennslustundir í aðalnámsgrein, meðleik og aukanámsgreinum, umreiknuðum yfir í kennslustundir í grunnnámi.

### 3. gr. Markmið

- 3.1 Markmið reglna þessara er:
- 3.1.1 Að stuðla að faglegu, vel skipulögðu og fjölbreyttu námi á neðri og efri stigum tónlistarnáms í Reykjavík.
- 3.1.2 Að stuðla að því að hjá tónlistarskólum í Reykjavík starfi fagfólk, sem hefur menntun og hæfni til að sinna kennslu í tónlistarnámi.
- 3.1.3 Að tónlistarskólar í Reykjavík séu sýnilegt og lifandi afl í nærumhverfi sínu.

### 4. gr.

- 4.1 Í þjónustusamningi Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla skal að minnsta kosti fjalla um fjárframlag til tónlistarskóla og kennslumagn, skilyrði framlags til tónlistarskóla, skilyrði um kennslu og kennslumagn tónlistarnáms, umsókn og innritun í tónlistarskóla, upplýsingagjöf og eftirlit, vanefndir á þjónustusamningi, leiðréttingar á fjárframlagi og samningstíma.

### 5. gr.

#### Um fjárframlag til tónlistarskóla

- 5.1 Reykjavíkurborg ber hvorki lagalega né fjárhagslega ábyrgð á rekstri þeirra tónlistarskóla sem gert hafa þjónustusamning við Reykjavíkurborg.
- 5.2 *Fjárframlag vegna nemenda á neðri stigum tónlistarnáms:* Reykjavíkurborg tekur ákvörðun um árlegt heildarfjármagn og kennslumagn til tónlistarskóla vegna náms á neðri stigum tónlistarnáms. Heildarframlög til skólanna ráðast af árlegum fjárhagsramma skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og geta framlög til skólanna tekið breytingum milli ára. Alla jafna er tekið tillit til gildandi úthlutunar við úthlutun fjármagns til tónlistarskóla. Þess skal getið í kynningarefni skólans að hann njóti framlaga frá Reykjavíkurborg.
- 5.3 *Fjárframlag vegna nemenda á efri stigum tónlistarnáms:* Reykjavíkurborg miðlar framlagi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna náms á efri stigum tónlistarnáms, sbr. gr. 2.3 reglna þessara. Um úthlutun og miðlun framlags Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga gilda



ákvæði samkomulags, dags. 13. apríl 2016, um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms og reglur Jöfnunarsjóðs, dags. 31. ágúst 2016, og ákvæði reglna þessara.

5.4 Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar greiðir tónlistarskólum fjárframlag í samræmi við þjónustusamninga, sbr. gr. 1.1 í reglum þessum og miðlar framlagi úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga í samræmi við þjónustusamninga, sbr. gr. 1.2 í reglum þessum.

5.5 *Um fjárframlag vegna nemenda á neðri og efri stigum tónlistarnáms:*

Bein fjárframlög Reykjavíkurborgar til tónlistarskóla eru einungis vegna nemenda með lögheimili í Reykjavík og falla utan samkomulags ríkis og sveitarfélaga frá 13. apríl 2016 um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda. Á meðan framangreint samkomulag er í gildi leggur Reykjavíkurborg ekki til fé til tónlistarskóla umfram framlag ríkisins vegna þeirra nemenda sem falla undir samkomulagið. Verði samkomulagið hvorki framlengt né endurskoðað að gildistíma liðnum mun Reykjavíkurborg taka afstöðu til þess hvort gera eigi þjónustusamninga við tónlistarskóla um framlög vegna þeirra nemenda sem féllu undir samkomulagið og þá aðeins vegna nemenda með lögheimili í Reykjavík.

5.6 Tónlistarskóli nýtir árlegt framlag til greiðslu kennslu- og stjórnunarkostnaðar kennara og skólastjóra í samræmi við þann fjölda nemendastunda sem tilgreindar eru í samningi við hann og skólarnir telja sig að lágmarki geta kennt m.v. heildarframlag.

5.7 Tónlistarskólar skulu innheimta skólagjöld. Skólagjöldum er ætlað að standa undir öðrum kostnaði við skólareksturinn en launakostnaði kennara og skólastjóra, að svo miklu leyti sem rekstrarkostnaðurinn er ekki borinn af styrktarmeðlimum eða annarri fjáröflun.

5.8 Tónlistarskólar bera ábyrgð á að kennsla og önnur starfsemi þeirra sé í samræmi við gildandi þjónustusamning. Skilyrði þess að tónlistarskóli fái fjárframlag frá Reykjavíkurborg og Jöfnunarsjóði sveitarfélaga er að hann starfi að fullu samkvæmt þessum reglum.

5.9 Tónlistarskólum ber að fara eftir kjarasamningum sem Samband íslenskra sveitarfélaga gerir við stéttarfélag tónlistarskólakennara á hverjum tíma, þ.m.t. ábyrgð á réttu og samræmdu mati menntunar og reynslu tónlistarkennara í samræmi við ákvæði kjarasamnings.

5.10 Tónlistarskóli sem greiðir fleiri stjórnunarstundir en kjarasamningar kveða á um þarf að skila frávikagreiningu til Reykjavíkurborgar en hvorki fjármagn frá Reykjavíkurborg né Jöfnunarsjóði sveitarfélaga skal nota til greiðslu þess kostnaðar.

5.11 Tónlistarskóla er heimilt að sækja sérstaklega um aukaframlag vegna viðbótarlaunakostnaðar skólans við afleysingar vegna langtímaforfalla tónlistarkennara sem ekki hafa náð 70 ára aldri, að loknum samfelldum eins mánaðar

forföllum kennarans, sem staðfest eru með læknisvottorði og að því gefnu að tónlistarkennarinn eigi rétt á greiðslu launa í veikindum sínum. Umsóknarfrestur um aukaframlag er til 1. júní vegna yfirstandandi skólaárs. Ekki er greitt aukaframlag vegna viðbótarlaunakostnaðar vegna langtímaveikinda tónlistarkennara sem náð hafa 70 ára aldri.

## 6. gr.

### Ákvörðun um breytingu á úthlutun fjárframlags

- 6.1 Skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar gerir tillögu til borgarráðs um gerð þjónustusamnings við nýja tónlistarskóla, s.s. í nýjum hverfum, hverfum sem eru í vexti eða þegar starfandi tónlistarskóli hættir rekstri. Í þessum tilvikum skal Reykjavíkurborg auglýsa eftir aðilum sem áhuga hafa á að reka tónlistarskóla eða setja upp útibú frá starfandi skóla.
- 6.2 Ef tónlistarskóli hættir eða umtalsverð fækkun verður á kenndum stundum í tilgreindum skólum er heimilt að úthluta samsvarandi stundum til annarra skóla. Miða skal við að beina kennslumagni einkum í þau hverfi sem eru í vexti með tilliti til barnafjölda eða þar sem fá tækifæri eru til tónlistarnáms.
- 6.3 Skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar getur veitt tónlistarskóla undanþágu frá lágmarksfjölda nemenda ( 150 ) ef um er að ræða borgarhluta sem skortir slíka þjónustu að mati skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, nýjungar í starfi eða faglega þróun sem talin er þörf á að styrkja, s.s. fyrir nemendur sem með sérstakar þarfir. Tillögu um slíkt skal leggja fyrir skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar.

## 7. gr.

### Skilyrði um kennslu og kennslumagn á neðri stigum tónlistarnáms

- 7.1 Tónlistarskóli sem Reykjavíkurborg gerir þjónustusamning við skal uppfylla eftirtalin skilyrði og markmið um kennslu og kennslumagn vegna neðra stiga tónlistarnáms:
  - 7.1.1 Tónlistarskóli skal leitast við að kenna hverjum nemanda í fullu námi að jafnaði eina klukkustund á viku í aðalnámsgrein, auk hliðargreina, á starfstíma tónlistarskólans samkvæmt kjarasamningi.
  - 7.1.2 Aðalnámskrá tónlistarskóla skal ávallt liggja til grundvallar náminu, en skólanum er heimilt að leggja áherslu á afmarkaða þætti aðalnámskrárinnar í þeim tilgangi að auka fjölbreytni í tónlistarskólafarfinu og mæta áhuga nemenda.
  - 7.1.3 Fjármagn skal að fullu notað vegna kennslu- og stjórnunarkostnaðar.
  - 7.1.4 Tónlistarskóla er heimilt að sækja um að fjárframlög úr borgarsjóði vegna samþykkt kennslumagns á neðri stigum tónlistarnáms verði nýtt með öðrum hætti en að framan greinir, en þó aðeins þannig að breytingin leiði til fjölgunar nemenda, enda fái hver nemandi a.m.k. eina klukkustund á viku í aðalnámsgrein sinni þar sem kennsla fer fram í smærri eða stærri hópum auk hliðargreina. Skólinn skal gera grein fyrir nýtingu

fjármagns á grundvelli breytts fyrirkomulags kennslu og áhrifum þess í starfsáætlun og greinargerð.

7.1.5 Áhersla er lögð á að tónlistarskólar leiti eftir samstarfi við grunnskóla Reykjavíkurborgar um kennslu yngri nemenda á skólatíma eða í beinu framhaldi af honum. Skriflegt samþykki foreldra nemenda þarf til að taka nemendur út úr kennslutímum grunnskóla til iðkunar tónlistarnáms.

## 8. gr.

### Skilyrði um kennslu og kennslumagn á efri stigum tónlistarnáms

- 8.1 Á grundvelli samkomulags ríkis við Samband íslenskra sveitarfélaga, dags. 13. apríl 2016, um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms greiðir ríkið framlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til greiðslu kennslukostnaðar í tónlistarskólum vegna náms í hljóðfæraleik á framhaldsstigi og náms í söng á miðstigi og framhaldsstigi auk viðbótarnáms eftir framhaldsstig. Reykjavíkurborg tekur við framlagi vegna tónlistarnáms á efri stigum frá Jöfnunarsjóði, stýrir aðgengi að náminu og nýtingu kennslumagns með gerð þjónustusamninga og greiðir áfram til tónlistarskóla á grundvelli samkomulags og reglna um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til stuðnings við tónlistarnám og jöfnunar á aðstöðumun nemenda og að teknu tilliti til málefnalegra sjónarmiða þegar þeim reglum sleppir.
- 8.2 Í þjónustusamningi við tónlistarskóla vegna kennslu á efra stigum tónlistarnáms skal tilgreina heildarframlag á skólaárinu úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga sem kemur í hlut skólans vegna þess kennslumagns sem fellur undir samkomulag og ríkis og Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 13. apríl 2016 og reglur Jöfnunarsjóðs um framlögin. Sömuleiðis skal tilgreina það kennslumagn sem miðað er við í útreikningi framlags, sem byggir á upplýsingum frá skólum til Reykjavíkurborgar og Jöfnunarsjóðs frá fyrra ári. Enn fremur skal tilgreina það lágmarkskennslumagn sem skólanum er ætlað að uppfylla. Fjármagn skal að fullu notað vegna kennslu- og stjórnunarkostnaðar.
- 8.3 Tónlistarskóli skal fylgja reglum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um kennslu og nýtingu kennslumagns og þessum reglum þegar reglum Jöfnunarsjóðs sleppir.

## 9. gr.

### Skilyrði um kennslu og kennslumagn á neðri og efri stigum tónlistarnáms

- 9.1 Tónlistarskóli þarf að jafnaði hafa a.m.k. 150 nemendur, sem stunda nám til viðurkenndra áfangaprófa samkvæmt aðalnámskrá tónlistarskóla. Skóli er ekki skyldugur til að hafa 150 reykvíska nemendur, heldur einungis að hafa 150 nemendur í styrkhæfu námi að mati Reykjavíkurborgar.
- 9.2 Tónlistarskólanum er heimilt að ráðstafa fleiri nemendastundum en fram kemur í þjónustusamningi en aukin þjónusta skólans hefur ekki áhrif á fjárhæð framlags.

9.3 Tónlistarskóli sem velur að kenna fleiri nemendastundir en þjónustusamningur kveður á um skal gera grein fyrir því og með hvaða hætti það hefur áhrif á það kennslumagn sem hverjum nemanda býðst.

9.4 Skólaári skal ljúka með prófum og opinberum tónleikum.

### 10. gr.

#### Kaup á viðbótarþjónustu

10.1 Skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar getur samkvæmt nánari reglum tekið ákvörðun um og lagt til við borgarráð að keypt verði viðbótarþjónustu af ákveðnum tónlistarskólum. Rökstyðja skal slíka ákvörðun.

### 11. gr.

#### Umsókn og innritun í tónlistarskóla

11.1 Umsókn um nám í tónlistarskóla fer fram í miðlægu innritunarkerfi Reykjavíkurborgar.

### 12. gr.

#### Upplýsingagjöf og eftirlit

12.1 Tónlistarskóli gerir starfsáætlun samkvæmt leiðbeiningum skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og sendir Reykjavíkurborg eigi síðar en 1. júlí ár hvert.

12.2 Tónlistarskóli afhendir skóla- og frístundasviði þegar eftir því er óskað yfirlit yfir kennara og stjórnendur skólans þar sem m.a. komi fram upplýsingar um laun og kennslu hvers og eins auk upplýsinga um áætlaðan nemendafjölda.

12.3 Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur getur krafist tónlistarskóla um fjárhagsáætlun fyrir tiltekið tímabil samkvæmt leiðbeiningum Reykjavíkurborgar.

12.4 Tónlistarskóli sendir skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar endurskoðaðan ársreikning um liðið fjárhagsár sem gerður er í samræmi við lög um ársreikninga og góða reiknisskilavenju auk skýrslu stjórnar að jafnaði 1. júní ár hvert. Hafi skólar valið annað uppgjörstímabil ber þeim að tilkynna skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar um það.

12.5 Tónlistarskóli skilar greinargerð um starfsemi síðasta skólaárs samkvæmt leiðbeiningum skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar fyrir 1. júlí ár hvert.

12.6 Tónlistarskóli skilar til skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar upplýsingum um kennslu og nýtingu kennslumagns á efri stigum tónlistarnáms vegna yfirstandandi skólaárs á viðeigandi eyðublaði fyrir 1. mars ár hvert.

- 12.7 Reykjavíkurborg getur hvenær sem er látið gera stjórnsýsluúttekt á tónlistarskólum.

### 13. gr.

#### Menntun skólastjórnenda og kennara

- 13.1 Stjórn/skólanefnd tónlistarskóla ræður skólastjóra.
- 13.2 Menntun skólastjóra skal vera tónlistarskólakennari III samkvæmt kjarasamningum við tónlistarkennara hið minnsta og framhaldsmenntun á sviði tónlistar eða stjórnunar er æskileg.
- 13.3 Alla jafna er gert ráð fyrir því að starf skólastjóra sé fullt starf.
- 13.4 Minnst 80% kennara í hverjum tónlistarskóla skulu hafa réttindi tónlistarskólakennara III samkvæmt kjarasamningum við tónlistarkennara.

### 14. gr.

#### Samningstími

- 14.1 Þjónustusamningur Reykjavíkurborgar við nýjan tónlistarskóla skal gerður til eins árs í senn.
- 14.2 Eftir þriggja ára starfstíma tónlistarskóla er heimilt að gera þjónustusamning til allt að þriggja ára í senn en þó með þeim fyrirvara að framlag Reykjavíkurborgar geti lækkað verði árlegur fjárhagsrammi skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar eða fjárheimildir Jöfnunarsjóðs skertar. Stefnt skal að því að endurskoðun þjónustusamnings með þriggja ára gildistíma eigi sér stað hálfu ári áður en hann fellur úr gildi.

### 15. gr.

#### Vanefndir á þjónustusamningi

- 15.1 Ef rökstuddur grunur er um að tónlistarskóli standist ekki kröfur sem gerðar eru í lögum nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla eða lögum sem koma í þeirra stað, aðalnámskrá tónlistarskóla, reglum um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til stuðnings við tónlistarnám og jöfnunar á aðstöðumun nemenda og reglum þessum getur skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar stöðvað greiðslur og farið fram á endurstaðfestingu mennta- og menningarmálaráðuneytis.
- 15.2 Berist endurskoðaður ársreikningur tónlistarskóla ekki á tilsettum tíma, sbr. gr. 11.4 í reglum þessum, getur skóla- og frístundasvið stöðvað greiðslur til skólans. Sama gildir ef starfsáætlun tónlistarskóla fyrir næsta skólaár, sbr. gr. 11.1 í reglum þessum og/eða greinargerð um skólastarf síðasta skólaárs, sbr. gr. 11.5 í reglum þessum, berast ekki á tilsettum tíma,.

### 16. gr.

#### Gildistaka

16.1 Reglur þessar eru settar samkvæmt 2. gr. laga nr. 75/1985, um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, ákvæðum samkomulags ríkis og Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 13. apríl 2016 um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms og reglum um framlög Jöfnunarsjóðs um framlögin frá 31. ágúst 2016. Reglur þessar taka gildi við samþykkt borgarráðs. Frá sama tíma falla úr gildi reglur samþykktar af borgarráði þann 29. maí 2012 um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla.

#### Ákvæði til bráðabirgða

Ákvæði 2. mgr. í gr. 4.12 um að ekki sé greitt aukaframlag vegna langtímaveikinda tónlistarkennara sem náð hefur 70 ára aldri, tekur gildi frá 1. september 2017.

Síðasti málsliður í ákvæði 8.2 um að fjármagn skuli að fullu notað vegna kennslu- og stjórnunarkostnaðar á ekki við um samninga vegna efri stiga vegna skólaársins 2016 – 2017 ef tónlistarskóli hefur fengið bættan neikvæðan mismun kennslumagns á grundvelli upplýsinga frá vori 2014 og vori 2016. Nánar skal kveðið á um skilyrði á nýtingu fjármagns í samningi við þá tónlistarskóla sem í hlut eiga.

Ákvæði 9.1 á ekki við vegna skólaársins 2016 – 2017 gagnvart þeim tónlistarskólum sem gerður var þjónustusamningur við árið 2012.

**Reglur um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla****1. gr.  
Gildissvið**

Reglur þessar gilda um:

- 1.1 Þjónustusamninga, sem Reykjavíkurborg gerir við tónlistarskóla í Reykjavík vegna nemenda með lögheimili í Reykjavík sem stunda fornám, grunnám og miðnám á hljóðfæri og fornám og grunnám í söng (neðri stig tónlistarnáms), sbr. lög nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla og aðalnámskrá tónlistarskóla, sbr. auglýsingu nr. 529/2000, og úthlutun fjármagns á grundvelli þeirra.
- 1.2 Þjónustusamninga, sem Reykjavíkurborg gerir við tónlistarskóla í Reykjavík vegna nemenda sem stunda nám í söng á miðstigi, framhaldsstigi og viðbótarnám eftir framhaldsstig og sem stunda nám í hljóðfæraleik á framhaldsstigi og viðbótarnám eftir framhaldsstig (efri stig tónlistarnáms), og greitt er vegna á grundvelli samkomulags, dags. 13. apríl 2016, um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms og reglna Jöfnunarsjóðs, dags. 31. ágúst 2016, um framlögin.
- 1.3 Áður en þjónustusamningur er gerður við tónlistarskóla skal eftirfarandi liggja fyrir:
  - 1.3.1 Sérstakt samþykki mennta- og menningarmálaráðuneytis sbr. lög nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.
  - 1.3.2 Samþykktir fyrir tónlistarskóla, þar sem fram kemur rekstrarform, stjórn, og fjármögnun, undirritaðar af stjórn eða skólanefnd skólans.
  - 1.3.3 Þriggja ára fjárhagsáætlun skólans eða fjárhagsáætlun til jafn langs tíma og þjónustusamningur nær til.
  - 1.3.4 Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að ganga úr skugga um rekstrarhæfi tónlistarskóla áður en þjónustusamningur er gerður við skólann og hvenær sem er eftir að slíkur samningur hefur verið gerður ef málefnalegar ástæður eru fyrir hendi. Ef vafi leikur á um rekstrarhæfi tónlistarskóla er Reykjavíkurborg heimilt að hafna samningsgerð við skólann eða eftir atvikum að segja upp gildandi samningi. Til samræmis við lög um ársreikninga nr. 3/2006 skal koma fram í skýrslu stjórnar með ársreikningi ef vafi leikur á um rekstrarhæfi sbr. gr. 12.4 í reglum þessum.

**2. gr.  
Skilgreiningar á hugtökum**

- 2.1 Með tónlistarskóla í reglum þessum er átt við tónlistarskóla eins og hann er skilgreindur í 1. gr. laga nr. 75/1985.
- 2.2 Með neðri stigum tónlistarnáms í reglum þessum er átt við fornám, grunnám og nám á miðstigi í hljóðfæraleik og fornám og grunnám í söng. Fjárhagslegur stuðningur Reykjavíkurborgar er bundinn við nemendur í framangreindu námi með lögheimili í Reykjavík.

- 2.3 Með efri stigum tónlistarnáms í reglum þessum er átt við nám í söng á miðstigi, framhaldsstigi og viðbótarnám eftir framhaldsstig og nám í hljóðfæraleik á framhaldsstigi og viðbótarnám eftir framhaldsstig. Reykjavíkurborg leggur ekki til fjármuni vegna framangreinds náms heldur miðlar framlagi úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á grundvelli samkomulags, dags. 13. apríl 2016, um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms. Ekki er gerð krafa um að nemendur hafi lögheimili í Reykjavík.
- 2.4 Með nemendastundum í reglum þessum er átt við allar kennslustundir í aðalnámsgrein, meðleik og aukánámsgreinum, umreiknuðum yfir í kennslustundir í grunnnámi.

### 3. gr. Markmið

- 3.1 Markmið reglna þessara er:
- 3.1.1 Að stuðla að faglegu, vel skipulögðu og fjölbreyttu námi á neðri og efri stigum tónlistarnáms í Reykjavík.
- 3.1.2 Að stuðla að því að hjá tónlistarskólum í Reykjavík starfi fagfólk, sem hefur menntun og hæfni til að sinna kennslu í tónlistarnámi.
- 3.1.3 Að tónlistarskólar í Reykjavík séu sýnilegt og lifandi afl í nærumhverfi sínu.

### 4. gr.

- 4.1 Í þjónustusamningi Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla skal að minnsta kosti fjalla um fjárframlag til tónlistarskóla og kennslumagn, skilyrði framlags til tónlistarskóla, skilyrði um kennslu og kennslumagn tónlistarnáms, umsókn og innritun í tónlistarskóla, upplýsingagjöf og eftirlit, vanefndir á þjónustusamningi, leiðréttingar á fjárframlagi og samningstíma.

### 54. gr.

#### Um fjárframlag til tónlistarskóla

- 54.1 Reykjavíkurborg ber hvorki lagalega né fjárhagslega ábyrgð á rekstri þeirra tónlistarskóla sem gert hafa þjónustusamning við Reykjavíkurborg.
- 54.2 *Fjárframlag vegna nemenda á neðri stigum tónlistarnáms:* Reykjavíkurborg tekur ákvörðun um árlegt heildarfjármagn og kennslumagn til tónlistarskóla vegna náms á neðri stigum tónlistarnáms. Heildarframlög til skólanna ráðast af árlegum fjárhagsramma skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og geta framlög til skólanna tekið breytingum milli ára. Alla jafna Heimilt er að tekið ~~aka~~ tillit til gildandi úthlutunar við úthlutun fjármagns til tónlistarskóla. Þess skal getið í kynningarefni skólans að hann njóti framlaga frá Reykjavíkurborg.
- 54.3 *Fjárframlag vegna nemenda á efri stigum tónlistarnáms:* Reykjavíkurborg miðlar framlagi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna náms á efri stigum tónlistarnáms, sbr. gr. 2.3 reglna þessara. Um úthlutun og miðlun framlags Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga gilda



ákvæði samkomulags, dags. 13. apríl 2016, um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms og reglur Jöfnunarsjóðs, dags. 31. ágúst 2016, og ákvæði reglna þessara.

**54.4** Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar greiðir tónlistarskólum fjárframlag í samræmi við þjónustusamninga, sbr. gr. 1.1 í reglum þessum og miðlar framlagi úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga í samræmi við þjónustusamninga, sbr. gr. 1.2 í reglum þessum.

**54.5** *Um fjárframlag vegna nemenda á neðri og efri stigum tónlistarnáms:*

Bein fjárframlög Reykjavíkurborgar til tónlistarskóla eru einungis vegna nemenda með lögheimili í Reykjavík og falla utan samkomulags ríkis og sveitarfélaga frá 13. apríl 2016 um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda. Á meðan framangreint samkomulag er í gildi leggur Reykjavíkurborg ekki til fé til tónlistarskóla umfram framlag ríkisins vegna þeirra nemenda sem falla undir samkomulagið. Verði samkomulagið hvorki framlengt né endurskoðað að gildistíma liðnum mun Reykjavíkurborg taka afstöðu til þess hvort gera eigi þjónustusamninga við tónlistarskóla um framlög vegna þeirra nemenda sem féllu undir samkomulagið og þá aðeins vegna nemenda með lögheimili í Reykjavík.

**54.6** Tónlistarskóli skal nýtt á árlegt framlag til greiðslu kennslu- og stjórnunarkostnaðar kennara og skólastjóra í samræmi við þann fjölda nemendastunda sem tilgreindar eru í samningi við hann og skólarnir telja sig að lágmarki geta kennt m.v. heildarframlag.

**54.7** Tónlistarskólar skulu innheimta skólagjöld. Skólagjöldum er ætlað að standa undir öðrum kostnaði við skólareksturinn en launakostnaði kennara og skólastjóra, að svo miklu leyti sem rekstrarkostnaðurinn er ekki borinn af styrktarmeðlimum eða annarri fjáröflun.

**54.8** Tónlistarskólar bera ábyrgð á að kennsla og önnur starfsemi þeirra sé í samræmi við gildandi þjónustusamning. Skilyrði þess að tónlistarskóli fái fjárframlag frá Reykjavíkurborg og Jöfnunarsjóði sveitarfélaga er að hann starfi að fullu samkvæmt þessum reglum.

**54.9** Tónlistarskólum ber að fara eftir kjarasamningum sem Samband íslenskra sveitarfélaga gerir við stéttarfélag tónlistarskólakennara á hverjum tíma, þ.m.t. ábyrgð á réttu og samræmdu mati menntunar og reynslu tónlistarkennara í samræmi við ákvæði kjarasamnings.

**54.10** Tónlistarskóli sem greiðir fleiri stjórnunarstundir en kjarasamningar kveða á um þarf að skila frávikagreiningu til Reykjavíkurborgar en hvorki fjármagn frá Reykjavíkurborg né Jöfnunarsjóði sveitarfélaga skal nota til greiðslu þess kostnaðar.

**54.11** Skilyrði fyrir nýtingu framlags vegna hljóðfæra- og tölvunotkunar tónlistarkennara er að fyrir liggi skrifleg beiðni tónlistarskóla um að tónlistarkennari leggi sjálfur til hljóðfæri eða tölvu. Að öðru leyti fer um greiðslur vegna hljóðfæra- og tölvunotkunar

~~tónlistarkennara samkvæmt ákvæðum kjarasamninga. Tónlistarskóli skal skila í árlegri greinargerð yfirliti um eigin hljóðfæra- eða tölvunotkun tónlistarkennara.~~

**Athugasemd [GS1]:** Er nú í samningi með þeim hætti að gera á grein fyrir þessum þætti í árlegri greinargerð.

- 54.12** Tónlistarskóla er heimilt að sækja sérstaklega um aukaframlag vegna viðbótarlaunakostnaðar skólans við afleysingar vegna langtímaforfalla tónlistarkennara, sem ekki hafa náð 70 ára aldri, að loknum samfelldum eins mánaðar forföllum kennarans, sem staðfest eru með læknisvottorði og að því gefnu að tónlistarkennarinn eigi rétt á greiðslu launa í veikindum sínum. Umsóknarfrestur um aukaframlag er til 1. júní vegna yfirstandandi skólaárs. Ekki er greitt aukaframlag vegna viðbótarlaunakostnaðar vegna langtímaveikinda tónlistarkennara sem náð hafa 70 ára aldri.

#### 65. gr.

#### Ákvörðun um breytingu á úthlutun fjárframlags

- 65.1** Skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar gerir tillögu til borgarráðs um gerð þjónustusamnings við nýja tónlistarskóla, s.s. í nýjum hverfum, hverfum sem eru í vexti eða þegar starfandi tónlistarskóli hættir rekstri. Í þessum tilvikum skal Reykjavíkurborg auglýsa eftir aðilum sem áhuga hafa á að reka tónlistarskóla eða setja upp útibú frá starfandi skóla.

- 65.2** Ef tónlistarskóli hættir eða umtalsverð fækkun verður á kenndum stundum í tilgreindum skólum er heimilt að úthluta samsvarandi stundum til annarra skóla. Miða skal við að beina kennslumagni einkum í þau hverfi sem eru í vexti með tilliti til barnafjölda eða þar sem fá tækifæri eru til tónlistarnáms.

- 65.3** Skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar getur veitt tónlistarskóla undanþágu frá lágmarksfjölda nemenda ( 150 ) ef um er að ræða borgarhluta sem skortir slíka þjónustu að mati skóla- og frístundaviðs Reykjavíkurborgar, nýjungar í starfi eða faglega þróun sem talin er þörf á að styrkja, s.s. fyrir nemendur sem með sérstakar þarfir. Tillögu um slíkt skal leggja fyrir skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar.

**Athugasemd [GS2]:** Öbreytti ákvæði frá núgildandi reglum

#### 76. gr.

#### Skilyrði um kennslu og kennslumagn á neðri stigum tónlistarnáms

- 67.1** Tónlistarskóli sem Reykjavíkurborg gerir þjónustusamning við skal uppfylla eftirtalin skilyrði og markmið um kennslu og kennslumagn vegna neðra stigas tónlistarnáms:

**76.1.1** Tónlistarskóli skal leitast við að kenna hverjum nemanda í fullu námi að jafnaði eina klukkustund á viku í aðalnámssgrein, auk hliðargreina, á starfstíma tónlistarskólans samkvæmt kjarasamningi.

**76.1.2** Aðalnámsskrá tónlistarskóla skal ávallt liggja til grundvallar náminu, en skólanum er heimilt að leggja áherslu á afmarkaða þætti aðalnámsskrárinnar í þeim tilgangi að auka fjölbreytni í tónlistarskólastarfinu og mæta áhuga nemenda.

**7.1.3** Fjármagn skal að fullu notað vegna kennslu- og stjórnunarkostnaðar.

~~76.1.43~~ Tónlistarskóla er heimilt að sækja um að fjárframlög úr borgarsjóði vegna samþykkt kennslumagns á neðri stigum tónlistarnáms verði nýtt með öðrum hætti en að framan greinir, en þó aðeins þannig að breytingin leiði til fjölgunar nemenda, enda fái hver nemandi a.m.k. eina klukkustund á viku í aðalnámsgrein sinni þar sem kennsla fer fram í smærri eða stærri hópum auk hliðargreina. Skólinn skal gera grein fyrir nýtingu fjármagns á grundvelli breytts fyrirkomulags kennslu og áhrifum þess í starfsáætlun og greinargerð.

~~76.1.54~~ Áhersla er lögð á að tónlistarskólar leiti eftir samstarfi við grunnskóla Reykjavíkurborgar um kennslu yngri nemenda á skólatíma eða í beinu framhaldi af honum. Skriflegt samþykki foreldra nemenda þarf til að taka nemendur út úr kennslutímum grunnskóla til iðkunar tónlistarnáms.

~~6.1.5~~ Sjái tónlistarskóli sér ekki fært að uppfylla skilyrði um kennsluskyldu eða þjónustu miðað við forsendur þær er fram koma í þjónustusamningi skal skólinn tilkynna skóla- og fristundasviði Reykjavíkurborgar um það svo fljótt sem verða má. Skóla- og fristundasvið Reykjavíkurborgar mun þá endurskoða fjárhæð framlags og lækka framlagið í samræmi við breyttar forsendur.

Athugasemd [user3]: Á við um bæði stig, er nú eingöngu í samningi.

#### 87. gr.

#### **Skilyrði um kennslu og kennslumagn á efri stigum tónlistarnáms**

~~87.1~~ Á grundvelli samkomulags ríkis við Samband íslenskra sveitarfélaga, dags. 13. apríl 2016, um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms greiðir ríkið framlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til greiðslu kennslukostnaðar í tónlistarskólum vegna náms í hljóðfæraleik á framhaldsstigi og náms í söng á miðstigi og framhaldsstigi auk viðbótarnáms eftir framhaldsstig. Reykjavíkurborg tekur við framlagi vegna tónlistarnáms á efri stigum frá Jöfnunarsjóði, stýrir aðgengi að náminu og nýtingu kennslumagns með gerð þjónustusamninga og greiðir áfram til tónlistarskóla á grundvelli samkomulags og reglna um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til stuðnings við tónlistarnám og jöfnunar á aðstöðumun nemenda og að teknu tilliti til málefna legra sjónarmiða þegar þeim reglum sleppir.

~~87.2~~ Í þjónustusamningi við tónlistarskóla vegna kennslu á efra stigum tónlistarnáms skal tilgreina heildarframlag á skólaárinu úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga sem kemur í hlut skólans vegna þess kennslumagns sem fellur undir samkomulag og ríkis og Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 13. apríl 2016 og reglur Jöfnunarsjóðs um framlögin. Sömuleiðis skal tilgreina það kennslumagn sem miðað er við í útreikningi framlags, sem byggir á upplýsingum frá skólum til Reykjavíkurborgar og Jöfnunarsjóðs frá fyrra ári. Enn fremur skal tilgreina það lágmarkskennslumagn sem skólanum er ætlað að uppfylla. Fjármagn skal að fullu notað vegna kennslu- og stjórnumarkostnaðar.

Athugasemd [GS4]: Sjá bráðabirgðaákvæði

~~87.3~~ Tónlistarskóli skal fylgja reglum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um kennslu og nýtingu kennslumagns og þessum reglum þegar reglum Jöfnunarsjóðs sleppir.

**98. gr.****Skilyrði um kennslu og kennslumagn á neðri og efri stigum tónlistarnáms**

9.1 Tónlistarskóli þarf að jafnaði hafa a.m.k. 150 nemendur, óháð-lögheimili, sem stunda nám til viðurkenndra áfangaprófa samkvæmt aðalnámskrá tónlistarskóla. Skóli er ekki skyldugur til að hafa 150 reykvíska nemendur, heldur einungis að hafa 150 nemendur í styrkhæfu námi að mati Reykjavíkurborgar. Tónlistarskólar sem ekki uppfylla framangreint skilyrði um fjölda nemenda geta sótt um undanþágu til þriggja ára að hámarki til skóla og frístundaráðs Reykjavíkurborgar. Skilyrði slíkrar undanþágu er að um sé að ræða borgarhluta sem skortir slíka þjónustu eða fá tækifæri eru til tónlistarnáms, sérhæft tónlistarnám, nýjungar í starfi eða faglega þróun sem talin er þörf á að styrkja, s.s. fyrir nemendur sem þurfa sérstakan stuðning.

9.2 Í starfsáætlun, til samræmis við gr. 11.1 í reglum þessum, skal tónlistarskóli upplýsa um fjölda nemendastunda sem kenndar skulu að lágmarki á komandi skólaári fyrir annars vegar áætlað fjárframlag Reykjavíkurborgar og hins vegar áætlað fjárframlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga ef við á.

**Athugasemd [GS5]:** Lagt til að ákvæðið verði óbreytt frá því sem nú er og tekið til umræðu og skoðunar til framtíðar. Undanþágúákvæðið er á sama stað og það er í núgildandi reglum í 5. gr. um ákvörðun um breytingu á úthlutun fjárframlags.

**Athugasemd [GS6]:** Fært í samning

9.3 Tónlistarskólanum er heimilt að ráðstafa fleiri nemendastundum en fram kemur í þjónustusamningi en aukin þjónusta skólans hefur ekki áhrif á fjárhæð framlags.

8.1 9.4 Tónlistarskóli sem velur að kenna fleiri nemendastundir en þjónustusamningur kveður á um skal gera grein fyrir því og með hvaða hætti það hefur áhrif á það kennslumagn sem hverjum nemanda býðst.

Sjái tónlistarskóli sér ekki fært að uppfylla skilyrði um kennsluskyldu eða þjónustu miðað við forsendur þær er fram koma í þjónustusamningi skal skólinn tilkynna skóla og frístundasviði Reykjavíkurborg um það svo fljótt sem verða má. Skóla og frístundasvið Reykjavíkurborgar mun þá endurskoða fjárhæð framlags og lækka framlagið í samræmi við breyttar forsendur.

**Athugasemd [user7]:** Er í samningi, gr. 3.11

9.58.5 Skólaári skal ljúka með prófum og opinberum tónleikum. Tónleikahald skal kynnt með sýnilegum hætti á opinberum vettvangi skólans, s.s. vef eða auglýsingu í fjölmiðlum. Tónleikar skulu öllum opnir og án endurgjalds þegar um hefðbundna skólatónleika er að ræða.

**Athugasemd [GS8]:** Felld út verður skoðað.

**109. gr.****Kaup á viðbótarþjónustu**

109.1 Skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar getur samkvæmt nánari reglum tekið ákvörðun um og lagt til við borgarráð að keypt verði viðbótarþjónusta af ákveðnum tónlistarskólum. Rökstyðja skal slíka ákvörðun.

**110. gr.****Umsókn og innritun í tónlistarskóla**

**110.1** Umsókn um nám í tónlistarskóla fer fram í miðlægu innritunarkerfi Reykjavíkurborgar. ~~Tónlistarskólar bera ábyrgð á að upplýsingar í innritunarkerfi Reykjavíkurborgar um nemendur sem eru í skólanum séu réttar og að þær séu í samræmi við nám þeirra í skólanum.~~

Athugasemd [user9]: Er í samningi í gr. 4.1

**110.2** Tónlistarskóli skal setja sér inntökureglur og birta á heimasíðu sinni. Tónlistarskóli skal gæta jafnræðis við inntöku nemenda og skulu aðferðir skólans við mat á umsækjendum vera gagnsæjar og aðgengilegar almenningi á heimasíðu skólans. Kostnaður vegna námsins skal tilgreindur með skýrum og aðgengilegum hætti og vera umsækjendum um nám ljós áður en þeir senda inn umsókn sína.

Athugasemd [user10]: Er í samningi, gr. 4.2

**121. gr.****Upplýsingagjöf og eftirlit**

**12.1** Tónlistarskóli skal gera gerir starfsáætlun samkvæmt leiðbeiningum skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og sendira Reykjavíkurborg eigi síðar en 1. júlí ár hvert. Í starfsáætlun upplýsir skal tónlistarskóli meðal annars upplýsa um fjölda nemendastunda sem kenndar verða skulu að lágmarki á komandi skólaári fyrir annars vegar áætlað fjárframlag Reykjavíkurborgar og hins vegar áætlað fjárframlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Athugasemd [GS11]: Er í samningi, gr. 3.3

**12.2** Tónlistarskólija afhendir ber að beiðni skóla- og frístundasviðs að afhenda þegar eftir því er óskað yfirliti yfir kennara og stjórnendur skólans þar sem m.a. komi fram upplýsingar um laun og kennslu hvers og eins auk jafnframt komi fram upplýsingar um áætlaðan nemendafjölda. Ef um samkennslu er að ræða þarf að tilgreina hversu margir nemendur eru í hóp. Upplýsingum skal skilað á því formi sem óskað er eftir af hálfu skóla- og frístundasviðs hverju sinni, sbr. Tónalaun eða á öðru sambærilegu formi.

Athugasemd [GS12]: Er í samningi gr. 5.2

**12.3** Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur getur krafðið er heimilt að krefja tónlistarskóla um fjárhagsáætlun fyrir tiltekið tímabil samkvæmt leiðbeiningum Reykjavíkurborgar. Með fjárhagsáætlun skal fylgja yfirlit yfir kennara og stjórnendur skólans þar sem m.a. komi fram upplýsingar um laun og kennslu hvers og eins. Jafnframt komi fram upplýsingar um áætlaðan nemendafjölda. Ef um samkennslu er að ræða þarf að tilgreina hversu margir nemendur eru í hóp. Upplýsingum skal skilað á því formi sem óskað er eftir af hálfu Reykjavíkurborgar hverju sinni.

Athugasemd [GS13]: Er í samningi gr. 5.3

**12.4** Tónlistarskóli sendir skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar endurskoðaðan ársreikning um liðið fjárhagsár sem gerður er í samræmi við lög um ársreikninga og góða reiknisskilavenju auk skýrslu stjórnar að jafnaði 1. júní ár hvert. Hafi skólar valið annað uppgjörstímabil ber þeim að tilkynna skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar um það. Reikningar skulu áritaðir af framkvæmdastjóra (skólastjóra), stjórn félagsins (skólanefnd) og endurskoðendum eða þeim sem setur

upp reikninginn og yfirfer bókhald. Í ársreikningi skulu tekjur af skólagjöldum vegna nemenda á neðri og efri stigum tónlistarnáms sundurgreindar í skýringum þegar við á. Jafnframt skal sundurgreina launakostnað vegna kennslu og stjórnunar sérstaklega vegna neðri og efri stiga tónlistarnáms þegar við á. Sama gildir um aukaframlag vegna langtíma forfalla tónlistarkennara vegna veikinda eða slysa.

Athugasemd [GS14]: Er í samningi, gr. 5.4

- 12.5 Tónlistarskóli skal skilar greinargerð um starfsemi síðasta skólaárs samkvæmt leiðbeiningum skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar til skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar um starfsemi síðasta skólaárs fyrir 1. júlí árlega hvert. Í greinargerð skulu koma fram upplýsingar um starfsemi skólans, s.s. fjölda nemenda, fjölda nemenda á biðlista, fjölda kennra nemendastunda, fjölda kennara og stöðugilda, innritunarreglur og innritunarviðmið, fjölda áfangaprófa, yfirlit yfir tónleika, nýjungar í skólastarfi, upplýsingar um skólagjöld við skólann á mismunandi námsstigum auk afsláttar ef um slíkt er að ræða og annað það sem skólar vilja taka fram eða Reykjavíkurborg óskar eftir.

Athugasemd [GS15]: Er í samningi, gr. 5.5

- 12.6 Tónlistarskóli skal skilar til skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar upplýsingum um kennslu og nýtingu kennslumagns á efri stigum tónlistarnáms vegna yfirstandandi skólaárs á viðeigandi eyðublaði fyrir 1. mars ár hvert.

- 12.7 Reykjavíkurborg getur hvenær sem er látið gera stjórnsýsluúttekt á tónlistarskólum.

- 11.1 Um upplýsingar um frávik í fjölda stjórnunarstunda frá ákvæðum kjarasamnings- og greinargerð um eigin hljóðfæra- eða tölvunotkun tónlistarkennara fer samkvæmt 4. gr. reglna þessara.

Athugasemd [GS16]: Felit út vegna umfjöllunar í öðrum greinum

### 132. gr.

#### Menntun skólastjórnenda og kennara

- 12.1 Stjórn/skólanefnd tónlistarskóla ræður skólastjóra.
- 12.2 Menntun skólastjóra skal vera tónlistarskólakennari III samkvæmt kjarasamningum við tónlistarkennara hið minnsta og framhaldsmenntun á sviði tónlistar eða stjórnunar er æskileg.
- 12.3 Alla jafna er gert ráð fyrir því að starf skólastjóra sé fullt starf.
- 12.4 Minnst 80% kennara í hverjum tónlistarskóla skulu hafa réttindi tónlistarskólakennara III samkvæmt kjarasamningum við tónlistarkennara.

### 143. gr.

#### Samningstími

- 143.1 Þjónustusamningur Reykjavíkurborgar við nýjan tónlistarskóla skal gerður til eins árs í senn.

**14.2** Eftir þriggja ára starfstíma tónlistarskóla er heimilt að gera þjónustusamning til allt að þriggja ára í senn en þó með þeim fyrirvara að framlag Reykjavíkurborgar geti lækkað verði árlegur fjárhagsrammi skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar eða fjárheimildir Jöfnunarsjóðs skertar. Stefnt skal að því að endurskoðun þjónustusamnings með þriggja ára gildistíma eigi sér stað hálfu ári áður en hann fellur úr gildi.

#### 154. gr.

##### Vanefndir á þjónustusamningi eða leiðréttingar

**154.1** Ef rökstuddur grunur er um að tónlistarskóli standist ekki kröfur sem gerðar eru í lögum nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla eða lögum sem koma í þeirra stað, aðalnámskrá tónlistarskóla, reglum um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til stuðnings við tónlistarnám og jöfnunar á aðstöðumun nemenda og reglum þessum getur skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar stöðvað greiðslur og farið fram á endurstaðfestingu mennta- og menningarmálaráðuneytis.

**154.2** Berist endurskoðaður ársreikningur tónlistarskóla ekki á tilsettum tíma, sbr. gr. 11.4 í reglum þessum, getur skóla- og frístundasvið stöðvað greiðslur til skólans. Sama gildir ef starfsáætlun tónlistarskóla fyrir næsta skólaár, sbr. gr. 11.1 í reglum þessum og/eða greinargerð um skólastarf síðasta skólaárs, sbr. gr. 11.5 í reglum þessum, berast ekki á tilsettum tíma.

~~**154.3** Komi í ljós að skóla- og frístundasvið hafi ofgreitt framlag til tónlistarskóla af einhverjum ástæðum, t.d. vegna rangra upplýsinga eða mistaka mun skóla- og frístundasvið lækka framlag til skólans við næstu greiðslu sem því nemur eða krefjast endurgreiðslu. Skólinn getur óskað eftir því að endurgreiðslu verði dreift á þrjá mánuði.~~

Athugasemd [user17]: Er í samningi, gr. 6.3

~~**154.4** Komi til vanefnda á þjónustusamningi er heimilt að grípa til hefðbundinna vanefndaúrreða. Sé um verulega vanefnd að ræða er heimilt að grípa til riftunar að undangengnum hæfilegum fresti til úrbóta.~~

Athugasemd [user18]: Er í samningi, gr. 6

#### 165. gr.

##### Gildistaka

**165.1** Reglur þessar eru settar samkvæmt 2. gr. laga nr. 75/1985, um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, ákvæðum samkomulags ríkis og Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 13. apríl 2016 um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms og reglum um framlög Jöfnunarsjóðs um framlögin frá 31. ágúst 2016. Reglur þessar taka gildi við samþykkt borgarráðs. Frá sama tíma falla úr gildi reglur samþykktar af borgarráði þann 29. maí 2012 um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla.

### Ákvæði til bráðabirgða

Ákvæði 2. mgr. í gr. 4.12 um að ekki sé greitt aukaframlag vegna langtímaveikinda tónlistarkennara sem náð hefur 70 ára aldri, tekur gildi frá 1. september 2017. byrjun skólaársins 2017–2018.

Síðasti málsliður í ákvæði 8.2 um að fjármagn skuli að fullu notað vegna kennslu- og stjórnunarkostnaðar á ekki við um samninga vegna efri stiga vegna skólaársins 2016 – 2017 ef tónlistarskóli hefur fengið bættan neikvæðan mismun kennslumagns á grundvelli upplýsinga frá vori 2014 og vori 2016. Nánar skal kveðið á um skilyrði á nýtingu fjármagns í samningi við þá tónlistarskóla sem í hlut eiga.

Ákvæði 9.1 á ekki við vegna skólaársins 2016 – 2017 gagnvart þeim tónlistarskólum sem gerður var þjónustusamningur við árið 2012.

Þrátt fyrir gr. 8.1 í reglum þessum þarf tónlistarskóli, vegna skólaársins 2016–2017 ekki að sækja um undanþágu frá þeirri reglu að tónlistarskóli skuli að jafnaði hafa a.m.k. 150 nemendur, óháð lögheimili, sem stunda nám til viðurkenndra áfangaprófa samkvæmt aðalnámsskrá tónlistarskóla.

Athugasemd [GS19]: Fallið frá breytingu





## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

***Efni: Drög að nýjum reglum um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla og drög að samningum vegna neðri og efri stiga tónlistarnám og umsagnir tónlistarskóla.***

### **I Forsaga málsins**

Á 110. fundi skóla- og frístundaráðs þann 14. desember 2016 var samþykkt að vísa drögum að reglum um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar og drögum að samningum við tónlistarskóla vegna neðri og efri stiga til umsagnar tónlistarskóla í Reykjavík sem hagsmuni hafa af málinu, jafnframt til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Áður hafði málið fengið umfjöllun á 103. fundi skóla- og frístundaráðs þann 24. ágúst 2016. Um forsögu málsins og tillögur um helstu breytingar er vísað til minnisblaða sviðsstjóra, dags. 22. ágúst 2016, lagt fram á 103. fundi skóla- og frístundaráðs þann 24. ágúst 2016 og minnisblað, dags. 13. desember 2016, lagt fram á 110. fundi skóla- og frístundaráðs þann 14. desember 2016.

Þann 23. september 2016 var haldinn kynningarfundur með stjórnendum tónlistarskóla vegna fyrirhugaðra breytinga á reglum og samningum vegna tónlistarnáms í Reykjavík. Kynnt var minnisblað sviðsstjóra til skóla- og frístundaráðs, dags. 22. ágúst 2016, þar sem fram koma áherslur sem samþykktar höfðu verið í skóla- og frístundaráði þann 24. ágúst 2016. Umræður og vinna fór fram í hópum en einnig stóð til boða að senda ábendingar eftir fundinn. Ábendingar í kjölfar fundarins voru hafðar til hliðsjónar við frekari vinnu við drög að reglum og samningum. Tónlistarskólastjórnendum var bent á að hægt væri að skoða möguleika á sérákvæðum eða undanþágum sem skólar vildu sjá í sínum samningi.

Þann 16. desember 2016 var tónlistarskólum í Reykjavík og skömmu síðar bæði Jöfnunarsjóði og Sambandi íslenskra sveitarfélaga sent bréf þar sem óskað var umsagnar um drög að reglum og samningum fyrir neðri og efri stig tónlistarnáms. Jafnframt var skólastjórum tónlistarskóla boðið til tveggja kynningarfunda þar sem farið var yfir drög að reglum og samningum, annar í desember og hinn í byrjun janúar. Veittur var frestur til að skila umsögnum til 8. janúar 2017.

## **II Umsagnir og athugasemdir, aukið samráð**

Skóla- og frístundasviði hafa borist umsagnir stjórnar STÍR, dags. 5. janúar 2017, mótteknar þann 8. janúar 2017, Tónlistarskóla FÍH, ódags., mótteknar 4. janúar 2017, Tónskóla Hörpunnar, dags. 4. janúar 2017, Tónskóla Eddu Borg, dags. 7. janúar 2017, Tónskóla Sigursveins og Tónskóla Hörpunnar, dags. 8. janúar 2017, mótteknar þann 9. janúar 2017, Söngskólanum í Reykjavík og Söngskóla Sigurðar Demetz, dags. 9. janúar 2017, Píanóskóla Þorsteins Gauta, ódagsett, mótteknar 8. janúar 2017, Tónlistarskólanum í Grafarvogi, ódagsett, mótteknar 9. janúar 2017, Suzuki tónlistarskólans Allegro, dags. 8. janúar 2017, mótteknar 9. janúar 2017 auk umsagnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 5. janúar 2017 og Jöfnunarsjóðs, dags. 5. janúar 2017. Auk þessa hafa fyrirsvarsmenn tónlistarskólanna komið á framfæri athugasemdum sínum í tengslum við kynningarfundir skóla- og frístundasviðs.

Gerðar eru athugasemdir við ýmis atriði sem taka þarf til nánari skoðunar.

Skóla- og frístundasvið hefur í hyggju að auka samráð við tónlistarskóla í Reykjavík. Teknir verða upp reglulegir fundir með stjórn félags stjórnenda í tónlistarskólum í Reykjavík, STÍR, annars vegar og hins vegar opnir fundir með öllum hópnum og þeim öðrum sem stjórnendur vilja hafa með sér í þeirri vinnu. Stefnt er að því að leita einnig til fulltrúa foreldra og nemenda í þessari vinnu.

Mikill áhugi er meðal stjórnenda tónlistarskóla á samvinnu við fulltrúa Reykjavíkurborgar með áherslu á atriði eins og þróun reglna, samninga, viðmiða um gæði í starfinu, mat og stefnu í málaflokknum almennt – svo eitthvað sé nefnt. Í þeirri vinnu verður tekinn upp þráðurinn frá skýrslu starfshóps um Stefnumótun í tónlistarfræðslu í Reykjavík frá 2011 en þar eru talin upp nokkur leiðarljós tónlistarfræðslunnar s.s. aðgengi, gæði, fjölbreytni og ytra og innra mat.

Tekið er fram að Reykjavíkurborg og tónlistarskólar hafi almennt átt gott samstarf, fullt traust er til skólanna.

## **III Kynning á kennslumagni og fjárhæðum á samningstímanum**

Þann 13. desember 2016 var tónlistarskólum sem í hlut eiga sent ítarlegt bréf þar sem fram kom með skýringum hvaða kennslumagn væri lagt til grundvallar við fyrirhugaða samningagerð við skólann og upphæðir sem gengið væri út frá í ferlinu vegna bæði neðri og efri stiga fyrir allt samningstímabilið frá 1. september 2016 til 31. ágúst 2017. Í framhaldi af því voru greiddar uppreiknaðar og leiðréttar upphæðir vegna bæði framlaga úr Jöfnunarsjóði og borgarsjóði. Greiðslur voru miðaðar við upphaf tímabilsins, 1. september 2016, eða frá þeim tíma sem samningum er ætlað að gilda og til 31. desember 2016. Ef um var að ræða kröfu um endurgreiðslu tónlistarskóla var fjárhæðinni skipt niður á tímabilið janúar til ágúst 2017.

Í meðfylgjandi fylgiskjali er yfirlit yfir kennslumagn á neðri og efri stigum hjá þeim tónlistarskólum sem hlut eiga að máli og þær fjárhæðir sem því fylgja. Fyrirvari er gerður um fjárhæðir varðandi samþykki borgarráðs.

## **IV. Framhald málsins**

**Málsmeðferðartillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Bjartrar framtíðar,  
Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúa Pírata**

Skóla- og frístundaráð felur sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs að taka afstöðu til umsagna og athugasemda sem borist hafa í tengslum við drög að reglum um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla og drög að samningum vegna neðri og efri stiga. Lagðar verði fram tillögur að breytingum eftir því sem við á 112. fundi skóla- og frístundaráðs. Tónlistarskólum verði gefinn formlega kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum varðandi framlag Reykjavíkurborgar til þeirra en upplýsingar um kennslumagn og fjárhæðir voru sendar tónlistarskólum til kynningar þann 13. desember 2016. Gerður er fyrirvari um samþykki borgarráðs.

## Reglur um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla

### 1. gr. Gildissvið

Reglur þessar gilda um:

- 1.1 Þjónustusamninga, sem Reykjavíkurborgar gerir við tónlistarskóla í Reykjavík vegna nemenda með lögheimili í Reykjavík sem stunda fornám, grunnnám og miðnám á hljóðfæri og fornám og grunnnám í söng (neðri stig tónlistarnáms), sbr. lög nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla og aðalnámskrá tónlistarskóla, sbr. auglýsingu nr. 529/2000, og úthlutun fjármagns á grundvelli þeirra.
  - 1.2 Þjónustusamninga, sem Reykjavíkurborg gerir við tónlistarskóla í Reykjavík vegna nemenda sem stunda nám í söng á miðstigi, framhaldsstigi og viðbótarnám eftir framhaldsstig og sem stunda nám í hljóðfæraleik á framhaldsstigi og viðbótarnám eftir framhaldsstig (efri stig tónlistarnáms), og greitt er vegna á grundvelli samkomulags, dags. 13. apríl 2016, um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms og reglna Jöfnunarsjóðs, dags. 31. ágúst 2016, um framlögin.
- 1.3 Áður en þjónustusamningur er gerður við tónlistarskóla skal eftirfarandi liggja fyrir:
  - 1.3.1 Sérstakt samþykki mennta- og menningarmálaráðuneytis sbr. lög nr. 75/1985.
  - 1.3.2 Samþykktir fyrir tónlistarskóla, þar sem fram kemur rekstrarform, stjórn, og fjármögnun, undirritaðar af stjórn eða skólanefnd skólans.
  - 1.3.3 Þriggja ára fjárhagsáætlun skólans.
  - 1.3.4 Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að ganga úr skugga um rekstrarhæfi tónlistarskóla áður en þjónustusamningur er gerður við skólann og hvenær sem er eftir að slíkur samningur hefur verið gerður ef málefnalegar ástæður eru fyrir hendi. Ef vafi leikur á um rekstrarhæfi tónlistarskóla er Reykjavíkurborg heimilt að hafna samningsgerð við skólann eða eftir atvikum að segja upp gildandi samningi. Til samræmis við lög um ársreikninga nr. 3/2006 skal koma fram í skýrslu stjórnar með ársreikningi ef vafi leikur á um rekstrarhæfi sbr. gr. 11.3 í reglum þessum.

### 2. gr. Skilgreiningar á hugtökum

- 2.1 Með tónlistarskóla í reglum þessum er átt við tónlistarskóla eins og hann er skilgreindur í 1. gr. laga nr. 75/1985.
- 2.2 Með neðri stigum tónlistarnáms í reglum þessum er átt við fornám, grunnnám og nám á miðstigi í hljóðfæraleik og fornám og grunnnám í söng. Fjárhagslegur stuðningur Reykjavíkurborgar er bundinn við nemendur í framangreindu námi með lögheimili í Reykjavík.
- 2.3 Með efri stigum tónlistarnáms í reglum þessum er átt við nám í söng á miðstigi, framhaldsstigi og viðbótarnám eftir framhaldsstig og nám í hljóðfæraleik á

framhaldsstigi og viðbótarnám eftir framhaldsstig. Reykjavíkurborg leggur ekki til fjármuni vegna framangreinds náms heldur miðlar framlagi úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á grundvelli samkomulags, dags. 13. apríl 2016, um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms. Ekki er gerð krafa um að nemendur hafi lögheimili í Reykjavík.

- 2.4 Með nemendastundum í reglum þessum er átt við allar kennslustundir í aðalnámsgrein, meðleik og aukanámsgreinum, umreiknuðum yfir í kennslustundir í grunnnámi.

### 3. gr. Markmið

- 3.1 Markmið reglna þessara er:

3.1.1 Að stuðla að faglegu, vel skipulögðu og fjölbreyttu námi á neðri og efri stigum tónlistarnáms í Reykjavík.

3.1.2 Að stuðla að því að hjá tónlistarskólum í Reykjavík starfi fagfólk, sem hefur menntun og hæfni til að sinna kennslu í tónlistarnámi.

3.1.3 Að tónlistarskólar í Reykjavík séu sýnilegt og lifandi afl í nærumhverfi sínu.

### 4. gr. Um fjárframlag til tónlistarskóla

- 4.1 Reykjavíkurborg ber hvorki lagalega né fjárhagslega ábyrgð á rekstri þeirra tónlistarskóla sem gert hafa þjónustusamning við Reykjavíkurborg.
- 4.2 *Fjárframlag vegna nemenda á neðri stigum tónlistarnáms:* Reykjavíkurborg tekur ákvörðun um árlegt heildarfjármagn og kennslumagn til tónlistarskóla vegna náms á neðri stigum tónlistarnáms. Heildarframlög til skólanna ráðast af árlegum fjárhagsramma skóla- og frístundasviðs og geta framlög til skólanna tekið breytingum milli ára. Heimilt er að taka tillit til gildandi úthlutunar við úthlutun fjármagns til tónlistarskóla. Þess skal getið í kynningarefni skólans að hann njóti framlaga frá Reykjavíkurborg.
- 4.3 *Fjárframlag vegna nemenda á efri stigum tónlistarnáms:* Reykjavíkurborg miðlar framlagi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna náms á efri stigum tónlistarnáms, sbr. gr. 2.3 reglna þessara. Um úthlutun og miðlun framlags Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga gilda ákvæði samkomulags, dags. 13. apríl 2016, um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms og reglur Jöfnunarsjóðs, dags. 31. ágúst 2016, og ákvæði reglna þessara.
- 4.4 Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborg greiðir tónlistarskólum fjárframlag í samræmi við þjónustusamninga, sbr. gr. 1.1 í reglum þessum og miðlar framlagi úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga í samræmi við þjónustusamninga, sbr. gr. 1.2 í reglum þessum.

**4.5** *Um fjárframlag vegna nemenda á neðri og efri stigum tónlistarnáms:*

Bein fjárframlög Reykjavíkurborgar til tónlistarskóla eru einungis vegna nemenda með lögheimili í Reykjavík og falla utan samkomulags ríkis og sveitarfélaga frá 13. apríl 2016 um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda. Á meðan framangreint samkomulag er í gildi leggur Reykjavíkurborg ekki til fé til tónlistarskóla umfram framlag ríkisins vegna þeirra nemenda sem falla undir samkomulagið. Verði samkomulagið hvorki framlengt né endurskoðað að gildistíma liðnum mun Reykjavíkurborg taka afstöðu til þess hvort gera eigi þjónustusamninga við tónlistarskóla um framlög vegna þeirra nemenda sem féllu undir samkomulagið og þá aðeins vegna nemenda með lögheimili í Reykjavík.

- 4.6** Tónlistarskóli skal nýta árlegt framlag til greiðslu kennslu- og stjórnunarkostnaðar kennara og skólastjóra í samræmi við þann fjölda nemendastunda sem tilgreindar eru í samningi við hann og skólarnir telja sig að lágmarki geta kennt m.v. heildarframlag.
- 4.7** Tónlistarskólar skulu innheimta skólagjöld. Skólagjöldum er ætlað að standa undir öðrum kostnaði við skólareksturinn en launakostnaði kennara og skólastjóra, að svo miklu leyti sem rekstrarkostnaðurinn er ekki borinn af styrktarmeðlimum eða annarri fjáröflun.
- 4.8** Tónlistarskólar bera ábyrgð á að kennsla og önnur starfsemi þeirra sé í samræmi við gildandi þjónustusamning. Skilyrði þess að tónlistarskóli fái fjárframlag frá Reykjavíkurborg og Jöfnunarsjóði sveitarfélaga er að hann starfi að fullu samkvæmt þessum reglum.
- 4.9** Tónlistarskólum ber að fara eftir kjarasamningum sem Samband íslenskra sveitarfélaga gerir við stéttarfélög tónlistarskólakennara á hverjum tíma, þ.m.t. ábyrgð á réttu og samræmdu mati menntunar og reynslu tónlistarkennara í samræmi við ákvæði kjarasamnings.
- 4.10** Tónlistarskóli sem greiðir fleiri stjórnunarstundir en kjarasamningar kveða á um þarf að skila frávikagreiningu til Reykjavíkurborgar en hvorki fjármagn frá Reykjavíkurborg né Jöfnunarsjóði sveitarfélaga skal nota til greiðslu þess kostnaðar.
- 4.11** Skilyrði fyrir nýtingu framlags vegna hljóðfæra- og tölvunotkunar tónlistarkennara er að fyrir liggja skrifleg beiðni tónlistarskóla um að tónlistarkennari leggi sjálfur til hljóðfæri eða tölvu. Að öðru leyti fer um greiðslur vegna hljóðfæra- og tölvunotkunar tónlistarkennara samkvæmt ákvæðum kjarasamninga. Tónlistarskóli skal skila í árlegri greinargerð yfirliti um eigin hljóðfæra- eða tölvunotkun tónlistarkennara.
- 4.12** Tónlistarskóla er heimilt að sækja sérstaklega um aukaframlag vegna viðbótarlaunakostnaðar skóla vegna langtímaforfalla tónlistarkennara, sem ekki hafa náð 70 ára aldri, að loknum samfelldum eins mánaðar forföllum kennarans, sem staðfest eru með læknisvottorði og að því gefnu að tónlistarkennarinn eigi rétt á greiðslu launa í veikindum sínum. Umsóknarfrestur um aukaframlag er til 1. júní

vegna yfirstandandi skólaárs. Ekki er greitt aukaframlag vegna viðbótarlaunakostnaðar vegna langtímaveikinda tónlistarkennara sem náð hafa 70 ára aldri.

## 5. gr.

### Ákvörðun um breytingu á úthlutun fjárframlags

- 5.1 Skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar gerir tillögu til borgarráðs um gerð þjónustusamnings við nýja tónlistarskóla, s.s. í nýjum hverfum, hverfum sem eru í vexti eða þegar starfandi tónlistarskóli hættir rekstri. Í þessum tilvikum skal Reykjavíkurborg auglýsa eftir aðilum sem áhuga hafa á að reka tónlistarskóla eða setja upp útibú frá starfandi skóla.
- 5.2 Ef tónlistarskóli hættir eða umtalsverð fækkun verður á kenndum stundum í tilgreindum skólum er heimilt að úthluta samsvarandi stundum til annarra skóla. Miða skal við að beina kennslumagni einkum í þau hverfi sem eru í vexti með tilliti til barnafjölda eða þar sem fá tækifæri eru til tónlistarnáms.

## 6. gr.

### Skilyrði um kennslu og kennslumagn á neðri stigum tónlistarnáms

- 6.1 Tónlistarskóli sem Reykjavíkurborg gerir þjónustusamning við skal uppfylla eftirtalin skilyrði og markmið um kennslu og kennslumagn vegna neðra stigs tónlistarnáms:
- 6.1.1 Tónlistarskóli skal leitast við að kenna hverjum nemanda í fullu námi að jafnaði eina klukkustund á viku í aðalnámsgrein, auk hliðargreina, á starfstíma tónlistarskólans samkvæmt kjarasamningi.
- 6.1.2 Aðalnámsskrá tónlistarskóla skal ávallt liggja til grundvallar náminu, en skólanum er heimilt að leggja áherslu á afmarkaða þætti aðalnámsskrárinnar í þeim tilgangi að auka fjölbreytni í tónlistarskólalastarfinu og mæta áhuga nemenda.
- 6.1.3 Tónlistarskóla er heimilt að sækja um að fjárframlög úr borgarsjóði vegna samþykkt kennslumagns á neðri stigum tónlistarnáms verði nýtt með öðrum hætti en að framan greinir, en þó aðeins þannig að breytingin leiði til fjölgunar nemenda, enda fái hver nemandi a.m.k. eina klukkustund á viku í aðalnámsgrein sinni þar sem kennsla fer fram í smærri eða stærri hópum. Skólinn skal gera grein fyrir nýtingu fjármagns á grundvelli breytts fyrirkomulags kennslu og áhrifum þess í starfsáætlun og greinargerð.
- 6.1.4 Áhersla er lögð á að tónlistarskólar leiti eftir samstarfi við grunnskóla Reykjavíkurborgar um kennslu yngri nemenda á skólatíma eða í beinu framhaldi af honum. Skriflegt samþykki foreldra nemenda þarf til að taka nemendur út úr kennslutímum grunnskóla til iðkunar tónlistarnáms.
- 6.1.5 Sjái tónlistarskóli sér ekki fært að uppfylla skilyrði um kennsluskyldu eða þjónustu miðað við forsendur þær er fram koma í þjónustusamningi skal skólinn tilkynna skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborg um það svo fljótt sem verða má. Skóla- og frístundasvið

Reykjavíkurborgar mun þá endurskoða fjárhæð framlags og lækka framlagið í samræmi við breyttar forsendur.

### 7. gr.

#### Skilyrði um kennslu og kennslumagn á efri stigum tónlistarnáms

- 7.1 Á grundvelli samkomulags ríkis við Samband íslenskra sveitarfélaga, dags. 13. apríl 2016, um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms greiðir ríkið framlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til greiðslu kennslukostnaðar í tónlistarskólum vegna náms í hljóðfæraleik á framhaldsstigi og náms í söng á miðstigi og framhaldsstigi auk viðbótarnáms eftir framhaldsstig. Reykjavíkurborg tekur við framlagi vegna tónlistarnáms á efri stigum frá Jöfnunarsjóði, stýrir aðgengi að náminu og nýtingu kennslumagns með gerð þjónustusamninga og greiðir áfram til tónlistarskóla á grundvelli samkomulags og reglna um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til stuðnings við tónlistarnám og jöfnunar á aðstöðumun nemenda og að teknu tilliti til málefnaþgra sjónarmiða þegar þeim reglum sleppir.
- 7.2 Í þjónustusamningi við tónlistarskóla vegna kennslu á efra stigum tónlistarnáms skal tilgreina heildarframlag á skólaárinu úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga sem kemur í hlut skólans vegna þess kennslumagns sem fellur undir samkomulag og ríkis og Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 13. apríl 2016 og reglur Jöfnunarsjóðs um framlögin. Sömu leiðis skal tilgreina það kennslumagn sem miðað er við í útreikningi framlags, sem byggir á upplýsingum frá skólum til Reykjavíkurborgar og Jöfnunarsjóðs frá fyrra ári. Enn fremur skal tilgreina það lágmarkskennslumagn sem skólanum er ætlað að uppfylla. Fjármagn skal að fullu notað vegna kennslu- og stjórnunarkostnaðar
- 7.3 Tónlistarskóli skal fylgja reglum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um kennslu og nýtingu kennslumagns og þessum reglum þegar reglum Jöfnunarsjóðs sleppir.

### 8. gr.

#### Skilyrði um kennslu og kennslumagn á neðri og efri stigum tónlistarnáms

- 8.1 Tónlistarskóli þarf að jafnaði hafa a.m.k. 150 nemendur, óháð lögheimili, sem stunda nám til viðurkenndra áfangaprófa samkvæmt aðalnámskrá tónlistarskóla. Tónlistarskólar sem ekki uppfylla framangreint skilyrði um fjölda nemenda geta sótt um undanþágu til þriggja ára að hámarki til skóla- og frístundaráðs Reykjavíkurborgar. Skilyrði slíkrar undanþágu er að um sé að ræða borgarhluta sem skortir slíka þjónustu eða fá tækifæri eru til tónlistarnáms, sérhæft tónlistarnám, nýjungar í starfi eða faglega þróun sem talin er þörf á að styrkja, s.s. fyrir nemendur sem þurfa sérstakan stuðning.
- 8.2 Í starfsáætlun, til samræmis við gr. 11.1 í reglum þessum, skal tónlistarskóli upplýsa um fjölda nemendastunda sem kenndar skulu að lágmarki á komandi skólaári fyrir



annars vegar áætlað fjárframlag Reykjavíkurborgar og hins vegar áætlað fjárframlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga ef við á.

- 8.3 Tónlistarskólanum er heimilt að ráðstafa fleiri nemendastundum en fram kemur í þjónustusamningi en aukin þjónusta skólans hefur ekki áhrif á fjárhæð framlags.
- 8.4 Tónlistarskóli sem velur að kenna fleiri nemendastundir en þjónustusamningur kveður á um skal gera grein fyrir því og með hvaða hætti það hefur áhrif á það kennslumagn sem hverjum nemanda býðst.
- 8.5 Skólaári skal ljúka með prófum og opinberum tónleikum. Tónleikahald skal kynnt með sýnilegum hætti á opinberum vettvangi skólans, s.s. vef eða auglýsingu í fjölmiðlum. Tónleikar skulu öllum opnir og án endurgjalds þegar um hefðbundna skólatónleika er að ræða.

#### 9. gr.

##### Kaup á viðbótarþjónustu

- 9.1 Skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar getur samkvæmt nánari reglum tekið ákvörðun um og lagt til við borgarráð að keypt verði viðbótarþjónustu af ákveðnum tónlistarskólum. Rökstyðja skal slíka ákvörðun.

#### 10. gr.

##### Umsókn og innritun í tónlistarskóla

- 10.1 Umsókn um nám í tónlistarskóla fer fram í miðlægu innritunarkerfi Reykjavíkurborgar. Tónlistarskólar bera ábyrgð á að upplýsingar í innritunarkerfi Reykjavíkurborgar um nemendur sem eru í skólanum séu réttar og að þær séu í samræmi við nám þeirra í skólanum.
- 10.2 Tónlistarskóli skal setja sér inntökureglur og birta á heimasíðu sinni. Tónlistarskóli skal gæta jafnræðis við inntöku nemenda og skulu aðferðir skólans við mat á umsækjendum vera gagnsæjar og aðgengilegar almenningsi á heimasíðu skólans. Kostnaður vegna námsins skal tilgreindur með skýrum og aðgengilegum hætti og vera umsækjendum um nám ljós áður en þeir senda inn umsókn sína.

#### 11. gr.

##### Upplýsingagjöf og eftirlit

- 11.1 Tónlistarskóli skal gera starfsáætlun samkvæmt leiðbeiningum skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og senda Reykjavíkurborg eigi síðar en 1. júlí ár hvert. Í starfsáætlun skal tónlistarskóli meðal annars upplýsa um fjölda nemendastunda sem kenndar skulu að lágmarki á komandi skólaári fyrir annars vegar áætlað fjárframlag Reykjavíkurborgar og hins vegar áætlað fjárframlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

- 11.2** Tónlistarskóla ber að beiðni skóla- og frístundasviðs að afhenda þegar eftir því er óskað yfirliti yfir kennara og stjórnendur skólans þar sem m.a. komi fram upplýsingar um laun og kennslu hvers og eins. Jafnframt komi fram upplýsingar um áætlaðan nemendafjölda. Ef um samkennslu er að ræða þarf að tilgreina hversu margir nemendur eru í hóp. Upplýsingum skal skilað á því formi sem óskað er eftir af hálfu skóla- og frístundasviðs hverju sinni, sbr. Tónalaun eða á öðru sambærilegu formi.
- 11.3** Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur er heimilt að krefja tónlistarskóla um fjárhagsáætlun fyrir tiltekið tímabil samkvæmt leiðbeiningum Reykjavíkurborgar. Með fjárhagsáætlun skal fylgja yfirlit yfir kennara og stjórnendur skólans þar sem m.a. komi fram upplýsingar um laun og kennslu hvers og eins. Jafnframt komi fram upplýsingar um áætlaðan nemendafjölda. Ef um samkennslu er að ræða þarf að tilgreina hversu margir nemendur eru í hóp. Upplýsingum skal skilað á því formi sem óskað er eftir af hálfu Reykjavíkurborgar hverju sinni.
- 11.4** Tónlistarskóli sendir skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar endurskoðaðan ársreikning sem gerður er í samræmi við lög um ársreikninga og góða reiknisskilavenju auk skýrslu stjórnar að jafnaði 1. júní ár hvert. Hafi skólar valið annað uppgjörstímabil ber þeim að tilkynna skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar um það. Reikningar skulu áritaðir af framkvæmdastjóra (skólastjóra), stjórn félagsins (skólanefnd) og endurskoðendum eða þeim sem setur upp reikninginn og yfirfer bókhald. Í ársreikningi skulu tekjur af skólagjöldum vegna nemenda á neðra og efra stigi tónlistarnáms sundurgreindar í skýringum þegar við á. Jafnframt skal sundurgreina launakostnað vegna kennslu og stjórnunar sérstaklega vegna neðri og efri stiga tónlistarnáms þegar við á. Sama gildir um aukaframlag vegna langtíma forfalla tónlistarkennara vegna veikinda eða slysa.
- 11.5** Tónlistarskóli skal skila greinargerð til skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar um starfsemi síðasta skólaárs fyrir 1. júlí árlega. Í greinargerð skulu koma fram upplýsingar um starfsemi skólans, s.s. fjölda nemenda, fjölda nemenda á biðlista, fjölda kenndra nemendastunda, fjölda kennara og stöðugilda, innritunarreglur og innritunarviðmið, fjölda áfangaprófa, yfirlit yfir tónleika, nýjungar í skólastarfi, upplýsingar um skólagjöld við skólann á mismunandi námsstigum auk afslátta ef um slíkt er að ræða og annað það sem skólar vilja taka fram eða Reykjavíkurborg óskar eftir.
- 11.6** Tónlistarskóli skal skila til skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar upplýsingum um kennslu og nýtingu kennslumagns á efri stigum tónlistarnáms vegna yfirstandandi skólaárs á viðeigandi eyðublaði fyrir 1. mars ár hvert.
- 11.7** Reykjavíkurborg getur hvenær sem er látið gera stjórnsýsluúttekt á tónlistarskólum.

- 11.8 Um upplýsingar um frávík í fjölda stjórnunarstunda frá ákvæðum kjarasamnings og greinargerð um eigin hljóðfæra- eða tölvunotkun tónlistarkennara fer samkvæmt 4. gr. reglna þessara.

## 12. gr.

### Menntun skólastjórnaenda og kennara

- 12.1 Stjórn/skólanefnd ræður skólastjóra tónlistarskóla.
- 12.2 Menntun skólastjóra skal vera tónlistarskólakennari III samkvæmt kjarasamningum við tónlistarkennara hið minnsta og framhaldsmenntun á sviði tónlistar eða stjórnunar er æskileg.
- 12.3 Alla jafna er gert ráð fyrir því að starf skólastjóra sé fullt starf.
- 12.4 Minnst 80% kennara í hverjum tónlistarskóla skulu hafa réttindi tónlistarskólakennara III samkvæmt kjarasamningum við tónlistarkennara.

## 13. gr.

### Samningstími

- 13.1 Þjónustusamningur Reykjavíkurborgar við nýjan tónlistarskóla skal gerður til eins árs í senn. Eftir þriggja ára starfstíma tónlistarskóla er heimilt að gera þjónustusamning til allt að þriggja ára í senn en þó með þeim fyrirvara að framlag Reykjavíkurborgar geti lækkað verði árlegur fjárhagsrammi skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar eða fjárheimildir Jöfnunarsjóðs skertar. Stefnt skal að því að endurskoðun þjónustusamnings með þriggja ára gildistíma eigi sér stað hálfu ári áður en hann fellur úr gildi.

## 14. gr.

### Vanefndir á þjónustusamningi eða leiðréttingar

- 14.1 Ef rökstuddur grunur er um að tónlistarskóli standist ekki kröfur sem gerðar eru í lögum nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla eða lögum sem koma í þeirra stað, aðalnámskrá tónlistarskóla, reglum um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til stuðnings við tónlistarnám og jöfnunar á aðstöðumun nemenda og reglum þessum getur skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar stöðvað greiðslur og farið fram á endurstaðfestingu mennta- og menningarmálaráðuneytis.
- 14.2 Berist endurskoðaður ársreikningur tónlistarskóla ekki á tilsettum tíma, sbr. gr. 11.4 í reglum þessum, getur skóla- og frístundasvið stöðvað greiðslur til skólans. Sama gildir ef starfsáætlun tónlistarskóla fyrir næsta skólaár, sbr. gr. 11.1 í reglum þessum og/eða greinargerð um skólastarf síðasta skólaárs, sbr. gr. 11.5 í reglum þessum, berast ekki á tilsettum tíma,.
- 14.3 Komi í ljós að skóla- og frístundasvið hafi ofgreitt framlag til tónlistarskóla af einhverjum ástæðum, t.d. vegna rangra upplýsinga eða mistaka mun skóla- og

frístundasvið lækka framlag til skólans við næstu greiðslu sem því nemur eða krefjast endurgreiðslu. Skólinn getur óskað eftir því að endurgreiðslu verði dreift á þrjá mánuði.

- 14.4 Komi til vanefnda á þjónustusamningi er heimilt að grípa til hefðbundinna vanefndaúrræða. Sé um verulega vanefnd að ræða er heimilt að grípa til riftunar að undangengnum hæfilegum fresti til úrbóta.

### 15. gr. Gildistaka

- 15.1 Reglur þessar eru settar samkvæmt 2. gr. laga nr. 75/1985, um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, ákvæðum samkomulags ríkis og Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 13. apríl 2016 um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms og reglum um framlög Jöfnunarsjóðs um framlögin frá 31. ágúst 2016. Reglur þessar taka gildi við samþykkt borgarráðs. Frá sama tíma falla úr gildi reglur samþykktar af borgarráði þann 29. maí 2012 um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla.

### Ákvæði til bráðabirgða

Ákvæði 1.3.3 þar sem áskilið er að tónlistarskóli leggi fram þriggja ára fjárhagsáætlunar áður en kemur að gerð þjónustusamnings tekur gildi 1. ágúst 2017. Fram að þeim tíma skal lögð fram fjárhagsáætlun til eins árs.

Ákvæði 2. mgr. í gr. 4.12 um að ekki sé greitt aukaframlag vegna langtímaveikinda tónlistarkennara sem náð hefur 70 ára aldri, tekur gildi frá byrjun skólaársins 2017 – 2018.

Þrátt fyrir gr. 8.1 í reglum þessum þarf tónlistarskóli, vegna skólaársins 2016-2017 ekki að sækja um undanþágu frá þeirri reglu að tónlistarskóli skuli að jafnaði hafa a.m.k. 150 nemendur, óháð lögheimili, sem stunda nám til viðurkenndra áfangaprófa samkvæmt aðalnámsskrá tónlistarskóla.

DRÖG

## ÞJÓNUSTUSAMNINGUR VIÐ TÓNLISTARSKÓLA VEGNA NEÐRI STIGA TÓNLISTARNÁMS

Reykjavíkurborg vegna skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609 annars vegar og [Nafn skóla] [kennitala tónlistarskóla] hins vegar, hér eftir tónlistarskólinn, gera með sér svofelldan samning í samræmi við reglur um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla, dags. xx, sem er fylgiskjal með samningi þessum og órjúfanlegur hluti hans:

### 1. gr.

#### Markmið

- 1.1. Markmið samningsaðila er að styrkja og efla tónlistarskólanám í Reykjavík.

### 2. gr.

#### Fjárframlög

- 2.1. Reykjavíkurborg tekur ákvörðun um árlegt heildarfjármagn til tónlistarskóla vegna náms á neðri stigum tónlistarnáms og er framlag Reykjavíkurborgar til tónlistarskólans [ ] þ.kr. á samningstímanum 1. september 2016 til 31. ágúst 2017.
- 2.2. Fjárframlög Reykjavíkurborgar eru einungis vegna nemenda með lögheimili í Reykjavík.
- 2.3. Fjárframlög Reykjavíkurborgar eru vegna nemenda sem stunda fornám, grunnnám og miðnám á hljóðfæri og fornám og grunnnám í söng ( neðri stig tónlistarnáms).
- 2.4. Um framlag Reykjavíkurborgar gilda reglur um þjónustusamninga Reykjavíkurborg við tónlistarskóla dags. [ ]. Þess skal getið í kynningarefni skólans að skólinn njóti fjárframlaga frá Reykjavíkurborg.
- 2.5. Tónlistarskólinn skal nýta fjárframlagið til greiðslu kennslu- og stjórnunarkostnaðar kennara og skólastjóra í samræmi við þann fjölda nemendastunda sem tilgreindur er í samningi þessum. Framlag vegna umsaminna kenndra nemendastunda getur tekið breytingum í samræmi við breytingar kjarasamninga Sambands íslenskra sveitarfélaga og FÍH og FT. Leiði breytingar kjarasamninga til aukinna útgjalda er hækkun fjárframlags háð samþykktum breytingum á fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar.
- 2.6. Gerður er fyrirvari um að framlag er miðað við árlegan fjárhagsramma skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og getur lækkað verði fjárhagsrammi sviðsins skertur.
- 2.7. Tónlistarskólinn skal innheimta skólagjöld. Skólagjöldum er ætlað að standa undir öðrum kostnaði við skólareksturinn en launakostnaði kennara og skólastjóra, að svo miklu leyti sem rekstrarkostnaðurinn er ekki borinn af styrktarmeðlimum eða annarri fjáröflun.2.6 Tónlistarskólinn ber ábyrgð á að kennsla og önnur starfsemi hans sé í samræmi við gildandi þjónustusamning. Skilyrði þess að tónlistarskóli fái fjárframlag frá Reykjavíkurborg er að hann starfi að fullu samkvæmt reglum um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla.
- 2.8. Tónlistarskólanum ber að fara eftir kjarasamningum sem Samband íslenskra sveitarfélaga gerir við stéttarfélög tónlistarskólakennara á hverjum tíma. Í þessu felst meðal annars að tónlistarskólanum ber að tryggja að mat á menntun og reynslu tónlistarkennara sé í samræmi við ákvæði kjarasamninga.

DRÖG

- 2.9 Tónlistarskóli sem greiðir fleiri stjórnunarstundir en kjarasamningar kveða á um þarf að skila frávikagreiningu til Reykjavíkurborgar en óheimilt er að nota fjármagn frá Reykjavíkurborg til greiðslu slíks kostnaðar.
- 2.10 Skilyrði fyrir nýtingu fjárframlags vegna hljóðfæra- og tölvunotkunar tónlistarkennara er að fyrir liggja skrifleg beiðni tónlistarskóla um að tónlistarkennari leggi sjálfur til hljóðfæri eða tölvu. Að öðru leyti fer um framlög vegna hljóðfæra- og tölvunotkunar tónlistarkennara samkvæmt ákvæðum kjarasamninga. Tónlistarskólinn skal skila í árlegri greinargerð samkvæmt gr. 5.7 í samningi þessum, yfirliti um notkun hljóðfæra eða tölvu í eigu tónlistarkennara sem greitt er fyrir.
- 2.11 Tónlistarskólanum er heimilt að sækja sérstaklega um aukaframlag vegna kostnaðar við afleysingar vegna langtímaforfalla kennara, að loknum eins mánaðar samfelldum forföllum tiltekins kennara, sem staðfest eru með læknisvottorði, til samræmis við gr. 4.10 í reglum um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla.
- 2.12 Heildarframlag til tónlistarskóla, framlag og aukaframlag skv. gr. 2.5, verður aldrei hærra en sem nemur raunverulegum launakostnaði skólans vegna kennslu og stjórnunar á gildistíma samningsins.
- 2.13 Framlag skv. gr. 2.1 skal greitt út síðasta virka dag hvers mánaðar (eftirá).

### 3. gr.

#### Kennsla og kennslumagn á grundvelli framlags

- 3.1 Tónlistarskólinn skal leitast við að kenna hverjum nemanda í fullu námi að jafnaði eina klukkustund á viku í aðalnámsgrein, auk hliðargreina, á starfstíma tónlistarskólans samkvæmt kjarasamningi.
- 3.2 Tónlistarskólinn ábyrgist að kennsla þeirra nemenda, sem innritaðir eru í skólann, sé í samræmi við lög og reglugerðir og önnur stjórnvaldsfyrirmæli sem áhrif kunna að hafa á rekstur tónlistarskóla. Aðalnámskrá tónlistarskóla skal ávallt liggja til grundvallar náminu, en skólanum er heimilt að leggja áherslu á afmarkaða þætti aðalnámskrárinnar í þeim tilgangi að auka fjölbreytni í tónlistarskólalærslu og mæta áhuga nemenda.
- 3.3 Tónlistarskólanum ber í starfsáætlun að upplýsa skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar um hversu margar nemendastundir hann getur kennt að lágmarki fyrir áætlað framlag Reykjavíkurborgar, sbr. gr. 8.2 í reglum um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla. Starfsáætlun skal berast fyrir 1. júlí ár hvert.
- 3.4 Tónlistarskólinn kennir að lágmarki [fjöldi stunda] nemendastundir fyrir framlag samkvæmt samningnum á samningstímanum.
- 3.5 Framlag samkvæmt samningnum tekur til kennslu þeirra nemenda sem falla undir reglur um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla vegna nemenda á neðri stigum tónlistarnáms, sbr. gr. 1.1. í reglum um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla.
- 3.6 Tónlistarskólanum er heimilt að ráðstafa fleiri nemendastundum en fram kemur í grein 3.4. en aukin þjónusta skólans hefur ekki áhrif á fjárhæð framlags, sbr. gr. 2.1.
- 3.7 Tónlistarskóli sem velur að kenna fleiri nemendastundir en þjónustusamningur kveður á um skal gera grein fyrir því í starfsáætlun og greinargerð og taka fram hvort og með hvaða hætti það hefur áhrif á það heildarkennslumagn sem hverjum nemanda í fullu námi býðst.
- 3.8 Nemendur skulu fá kennslu að lágmarki í samræmi við lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985, aðalnámskrá tónlistarskóla, sbr.

DRÖG

auglýsingu nr. 529/2000 og reglur um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla.

- 3.9 Áhersla er lögð á að tónlistarskólar leiti eftir samstarfi við grunnskóla Reykjavíkurborgar um kennslu yngri nemenda á skólatíma eða í beinu framhaldi af honum. Skriflegt samþykki foreldra/forráðamanna nemenda þarf til að taka nemendur út úr kennslutímum grunnskóla til iðkunar tónlistarnáms.
- 3.10 Skólaári skal ljúka með prófum og opinberum tónleikum og fer um tónleikana samkvæmt gr. 8.4 í reglum um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla.
- 3.11 Sjái tónlistarskólinn sér ekki fært að uppfylla skilyrði um kennsluskyldu eða þjónustu miðað við forsendur þær er fram koma í samningi þessum skal skólinn tilkynna skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar það svo fljótt sem verða má. Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar mun þá endurskoða fjárhæð framlags og lækka framlagið í samræmi við breyttar forsendur.

**4. gr.**

**Umsókn og innritun í tónlistarskóla**

- 4.1 Umsókn um nám í tónlistarskóla fer fram í miðlægu innritunarkerfi Reykjavíkurborgar. Tónlistarskólinn ber ábyrgð á að upplýsingar í innritunarkerfi Reykjavíkurborgar um nemendur sem eru í skólanum séu réttar og að þær séu í samræmi við nám þeirra í skólanum.
- 4.2 Tónlistarskólinn skal setja sér inntökureglur og birta á heimasíðu sinni. Tónlistarskólinn skal gæta jafnræðis við inntöku nemenda og skulu aðferðir skólans við mat á umsækjendum vera gagnsæjar og aðgengilegar almenningi á heimasíðu skólans. Kostnaður vegna námsins skal tilgreindur með skýrum og aðgengilegum hætti og vera umsækjendum um nám ljós áður en þeir senda inn umsókn sína.

**5. gr.**

**Upplýsingagjöf og eftirlit skóla- og frístundasviðs**

- 5.1 Tónlistarskólinn skal skila starfsáætlun eigi síðar en 1. júlí ár hvert samkvæmt leiðbeiningum skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar til samræmis við gr. 11.1 í reglum um þjónustusamninga við tónlistarskóla.
- 5.2 Tónlistarskólanum ber að beiðni skóla- og frístundasviðs að afhenda þegar eftir því er óskað yfirliti yfir kennara og stjórnendur skólans þar sem m.a. komi fram upplýsingar um laun og kennslu hvers og eins. Jafnframt komi fram upplýsingar um áætlaðan nemendafjölda. Ef um samkennslu er að ræða þarf að tilgreina hversu margir nemendur eru í hóp. Upplýsingum skal skilað á því formi sem óskað er eftir af hálfu skóla- og frístundasviðs hverju sinni, sbr. Tónalaun eða á öðru sambærilegu formi.
- 5.3 Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur er heimilt að krefja tónlistarskóla um fjárhagsáætlun fyrir tiltekið tímabil samkvæmt leiðbeiningum Reykjavíkurborgar. Með fjárhagsáætlun skal fylgja yfirlit yfir kennara og stjórnendur skólans þar sem m.a. komi fram upplýsingar um laun og kennslu hvers og eins. Jafnframt komi fram upplýsingar um áætlaðan nemendafjölda. Ef um samkennslu er að ræða þarf að tilgreina hversu margir nemendur eru í hóp. Upplýsingum skal skilað á því formi sem óskað er eftir af hálfu Reykjavíkurborgar hverju sinni. 5.4 Tónlistarskólinn skal senda skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar endurskoðaðan ársreikning sem gerður er í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og góða reikningsskilavenju auk skýrslu stjórnar fyrir 1. júní ár hvert til samræmis við gr. 11.4 í reglum um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla.

DRÖG

- 5.5 Tónlistarskólinn skal skila greinargerð til skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar um starfsemi síðasta skólaárs fyrir 1. júlí árlega, sbr. gr. 11.5 í reglum um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla.
- 5.6 Reykjavíkurborg getur hvenær sem er látið gera stjórnsýsluúttekt á tónlistarskólanum, sbr. gr. 11.6 í reglum um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla.
- 5.7 Um upplýsingar um frávik í fjölda stjórnunarstunda frá ákvæðum kjarasamnings og greinargerð um eigin hljóðfæra- eða tölvunotkun tónlistarkennara fer samkvæmt 4. gr. reglna um þjónustusamninga við tónlistarskóla.
- 5.8 Tónlistarskólanum er einnig skylt að veita skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar allar aðrar upplýsingar um starfsemi og fjárhag skólans og allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar kunna að vera vegna rannsókna eða úttekta sem skóla- og frístundasvið kann að framkvæma eða láta framkvæma og varða tónlistarfræðslu í Reykjavík, sbr. ákvæði 11. gr. reglna um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla.

#### 6. gr. Vanefndir

- 6.1 Ef rökstuddur grunur er um að tónlistarskóli standist ekki kröfur sem gerðar eru í lögum nr. 75/1985, aðalnámskrá tónlistarskóla og reglum um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla getur skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar stöðvað greiðslur og farið fram á endurstaðfestingu mennta- og menningarmálaráðuneytis.
- 6.2 Berist endurskoðaður ársreikningur tónlistarskóla ekki á tilsettum tíma, sbr. gr. 11.4 í reglum um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla, getur skóla- og frístundasvið stöðvað greiðslur til skólans. Sama gildir ef starfsáætlun tónlistarskóla fyrir næsta skólaár, sbr. gr. 11.1 og/eða greinargerð um skólastarf síðasta skólaárs, sbr. gr. 11.5 í framangreindum reglum, berast ekki á tilsettum tíma.
- 6.3 Komi í ljós að skóla- og frístundasvið hefur ofgreitt framlag til tónlistarskóla af einhverjum ástæðum, t.d. vegna rangra upplýsinga eða mistaka mun skóla- og frístundasvið lækka framlag til skólans við næstu greiðslu sem því nemur eða krefjast endurgreiðslu. Tónlistarskólinn getur óskað eftir því að endurgreiðslu verði dreift á þrjá mánuði.
- 6.4 Komi til vanefnda á þjónustusamningi er heimilt að grípa til hefðbundinna vanefndaúrræða. Sé um verulega vanefnd að ræða er heimilt að grípa til riftunar að undangengnum hæfilegum fresti til úrbóta.

#### 7. gr.

##### Gildistími og uppsögn, áskilnaður um rekstrarhæfi

- 7.1 Samningur þessi gildir fyrir tímabilið 1. september 2016 til og með 31. ágúst 2017.
- 7.2 Óski annar hvor aðilinn eftir því að segja samningnum upp fyrir er gagnkvæmur uppsagnarfrestur þrjú mánuðir og miðast við mánaðamót. Tilkynning um uppsögn skal vera skrifleg og afhent með sannanlegum hætti.
- 7.3 Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að ganga úr skugga um rekstrarhæfi tónlistarskóla áður en þjónustusamningur er gerður við skólann og hvenær sem er eftir að slíkur samningur hefur verið gerður ef málefnalegar ástæður eru fyrir hendi. Ef vafi leikur á um rekstrarhæfi tónlistarskóla er Reykjavíkurborg heimilt að hafna samningsgerð við skólann eða eftir atvikum að segja upp



gildandi samningi. Til samræmis við lög um ársreikninga nr. 3/2006 skal koma fram í skýrslu stjórnar með ársreikningi ef vafi leikur á um rekstrarhæfi, sbr. gr. 11.3 í reglum um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla.

#### 8. gr.

##### **Þagmælska starfsfólks og meðferð stjórnsýslumála**

- 8.1 Starfsfólk tónlistarskóla skal gæta fyllstu þagmælsku um hagi foreldra og barna þeirra sem það fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi. Brot á þagnarskyldu getur varðað refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum.
- 8.2 Tónlistarskólinn skal fylgja ákvæðum stjórnsýslulaga við töku ákvarðana er varða réttindi og skyldur nemenda í tónlistarskólanum.

#### 9. gr.

##### **Fyrirvari vegna breytinga á lögum**

- 9.1. Verði gerð breyting á lögum nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla eða lögum sem koma í þeirra stað er gerður almennur fyrirvari við samning þennan, ef breytingarnar kalla á endurskoðun á einstökum ákvæðum samnings þessa.

#### 10. gr.

##### **Force Majeure.**

- 10.1. Hvorugur aðili verður talinn hafa brotið gegn samningi þessum, þegar honum er ókleift að uppfylla samningsskyldur sínar vegna atvika, sem rekja má til óviðráðanlegra ytri atvika (force majeure), s.s. vegna alvarlegra slysa, stríðsátaka, náttúruhamfara, deilna á vinnumarkaði, fyrirmæla stjórnvalda eða annarra óvæntra og ófyrirséðra atvika, sem samningsaðilum er ekki unnt að fyrirbyggja.

#### 11. gr.

##### **Fjárhagsleg ábyrgð og framsal**

- 11.1. Reykjavíkurborg ber hvorki lagalega né fjárhagslega ábyrgð á rekstri tónlistarskólans.
- 11.2 Samningsaðila er óheimilt að framselja réttindi sín og/eða skyldur samkvæmt samningi þessum, í heild eða að hluta, nema að fyrirframfengnu skriflegu samþykki hins.

#### 12. gr.

##### **Bráðabirgðaákvæði**

- 12.1 Aðilar eru sammála um að greiðsla framlags vegna tímabilsins 1. september 2016 til 31. desember 2016 fari fram með þeim hætti að samningur þessi verði lagður til grundvallar.

#### 13. gr.

##### **Varnarþing**

- 13.1 Komi til þess að mál verði höfðað vegna ágreinings um samning þennan skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

DRÖG

**14. gr.**  
**Undirritun**

**14.1.** Samningur þessi er gerður í tveimur (2) samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki. Öllu framangreindu til staðfestu rita til þess bærir fyrirvarsmenn/fulltrúar aðila nöfn sín hér undir í votta viðurvist.

Reykjavík, [ ], 2017.

\_\_\_\_\_  
F.h. Reykjavíkurborgar vegna skóla- og frístundasviðs      F.h. [ Nafn skóla ]  
Reykjavíkurborgar.

Vottar að dags. og undirskriftum:

\_\_\_\_\_  
kt

\_\_\_\_\_  
kt

## ÞJÓNUSTUSAMNINGUR VIÐ TÓNLISTARSKÓLA VEGNA EFRI STIGA TÓNLISTARNÁMS

Reykjavíkurborg vegna skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609 annars vegar og [Nafn skóla] [kennitala tónlistarskóla] hins vegar, hér eftir tónlistarskólinn, gera með sér svofelldan samning í samræmi við reglur um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla, dags. xx., samkomulag um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms, dags. 13. apríl 2016 og reglur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um framlögin, dags. 31. ágúst 2016, sem fylgja sem viðhengi við samning þennan og eru órjúfanlegur hluti hans:

### 1. gr.

#### Markmið

- 1.1. Markmið samningsaðila er að styrkja og efla tónlistarskólanám í Reykjavík.

### 2. gr.

#### Fjárframlög

- 2.1. Reykjavíkurborg miðlar framlagi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna náms á efri stigum tónlistarnáms og er framlag Jöfnunarsjóðs til tónlistarskólans [ ] þ.kr. á samningstímanum 1. september 2016 til 31. ágúst 2017.
- 2.2. Fjárframlög sem Reykjavíkurborg miðlar frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga eru vegna nemenda, óháð lögheimili þeirra, sem stunda nám í söng á miðstigi, framhaldsstigi og viðbótarnám eftir framhaldsstig og sem stunda nám í hljóðfæraleik á framhaldsstigi og viðbótarnám eftir framhaldsstig (efri stig tónlistarnáms), og greitt er vegna á grundvelli samkomulags, dags. 13. apríl 2016, um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms og reglna Jöfnunarsjóðs um framlögin, dags. 31. ágúst 2016.
- 2.3. Tónlistarskólinn skal nýta árlegt framlag til greiðslu kennslu- og stjórnunarkostnaðar kennara og skólastjóra í samræmi við þann fjölda nemendastunda sem tilgreindur er í samningi þessum og tónlistarskólinn telur sig að lágmarki geta kennt m.v. heildarframlag. Árlegt framlag hækkar frá byrjun árs 2017 í samræmi við ákvæði 2. gr. samkomulags um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms, dags. 13. apríl 2016. Reykjavíkurborg tekur við hækkuðum greiðslum frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og reiknar upp framlög til tónlistarskólans.
- 2.4. Gerður er fyrirvari um að miðað er við greitt framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til Reykjavíkurborgar og getur framlagið lækkað verði fjármagn frá Jöfnunarsjóði skert.
- 2.5. Tónlistarskólinn skal innheimta skólagjöld. Skólagjöldum er ætlað að standa undir öðrum kostnaði við skólareksturinn en launakostnaði kennara og skólastjóra, að svo miklu leyti sem rekstrarkostnaðurinn er ekki borinn af styrktarmeðlimum eða annarri fjáröflun.
- 2.6. Tónlistarskólinn ber ábyrgð á að kennsla og önnur starfsemi hans sé í samræmi við gildandi þjónustusamning. Skilyrði þess að tónlistarskóli fái fjárframlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga frá Reykjavíkurborg er að hann starfi að fullu samkvæmt reglum um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla, samkomulagi um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms, dags. 13. apríl 2016 og reglum Jöfnunarsjóðs um framlögin, dags. 31. ágúst 2016.

DRÖG

- 2.7 Tónlistarskólanum ber að fara eftir kjarasamningum sem Samband íslenskra sveitarfélaga gerir við stéttarfélög tónlistarskólakennara á hverjum tíma. Í þessu felst meðal annars að tónlistarskólanum ber að tryggja að mat á menntun og reynslu tónlistarkennara sé í samræmi við ákvæði kjarasamninga.
- 2.8 Tónlistarskóli sem greiðir fleiri stjórnunarstundir en kjarasamningar kveða á um þarf að skila frávíkagreiningu til Reykjavíkurborgar en óheimilt er að nota framlög samkvæmt þjónustusamningnum til greiðslu slíks kostnaðar.
- 2.9 Skilyrði fyrir nýtingu fjárframlags vegna hljóðfæra- og tölvunotkunar tónlistarkennara er að fyrir liggja skrifleg beiðni tónlistarskóla um að tónlistarkennari leggi sjálfur til hljóðfæri eða tölvu. Að öðru leyti fer um framlög vegna hljóðfæra- og tölvunotkunar tónlistarkennara samkvæmt ákvæðum kjarasamninga. Tónlistarskólinn skal skila í árlegri greinargerð samkvæmt gr. 5.7 í samningi þessum, yfirliti yfir notkun hljóðfæra eða tölvu í eigu tónlistarkennara sem greitt er fyrir.
- 2.10 Tónlistarskólanum er heimilt að sækja sérstaklega um aukaframlag vegna kostnaðar við afleysingar vegna langtímaforfalla kennara, að loknum eins mánaðar samfelldum forföllum tiltekins kennara, sem staðfest eru með læknisvottorði, til samræmis við gr. 4.10 í reglum um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla.
- 2.11 Framlag skv. gr. 2.1. skal greitt út síðasta virka dag hvers mánaðar (eftirá).

### 3. gr.

#### Kennsla og kennslumagn á grundvelli framlags

- 3.1 Kennslumagn á samningstímanum er ákvarðað á grundvelli upplýsinga frá tónlistarskólanum til skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um kennslumagn frá fyrra ári, að teknu tilliti til útreikninga Jöfnunarsjóðs á grundvelli reglna hans.
- 3.2 Tónlistarskólinn kennir að lágmarki [ ] nemendastundir fyrir framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á samningstímanum.
- 3.3 Fjármagn skal að lágmarki notað til greiðslu kennslu- og stjórnunarkostnaðar vegna nemendastunda skv. gr. 3.2 í samningi þessum.
- 3.4 Tónlistarskólinn skal fylgja reglum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um kennslu og nýtingu kennslumagns og reglum um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla þegar reglum Jöfnunarsjóðs sleppir.
- 3.5 Tónlistarskólanum er óheimilt að mismuna nemendum eftir búsetu við inntöku nemenda.
- 3.6 Framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir komandi skólaár miða við kennslumagn nýliðins skólaárs. Tónlistarskólinn skal skila upplýsingum um kennslu og nýtingu kennslumagns á yfirstandandi skólaári til skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar á viðeigandi eyðublaði fyrir 1. mars ár hvert.
- 3.7 Samkvæmt reglum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er einungis heimilt að telja með kennslumagn vegna náms á miðstigi í söng hafi viðkomandi nemandi lokið að fullu námi í söng á grunntstigi. Þá má aðeins telja með kennslumagn vegna sama nemanda á miðstigi í söng í fjögur ár samanlagt.
- 3.8 Samkvæmt reglum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er einungis heimilt að telja með kennslumagn vegna náms á framhaldsstigi í söng eða hljóðfæraleik hafi nemandi lokið að fullu námi á miðstigi. Þá má aðeins telja með kennslumagn vegna sama nemanda á framhaldsstigi í söng eða hljóðfæraleik í fimm ár samanlagt. Tónlistarskólum ber að afla upplýsinga um námsferil nemenda.
- 3.9 Samkvæmt reglum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er einungis heimilt að telja með kennslumagn vegna viðbótarnáms eftir framhaldsstig í söng eða hljóðfæraleik hafi nemandi lokið námi á framhaldsstigi að fullu. Þá má aðeins telja með

DRÖG

kennslumagn vegna sama nemanda í viðbótarnámi eftir framhaldsstig í tvö ár samanlagt.

- 3.10 Tónlistarskólanum ber í starfsáætlun að upplýsa skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar um hversu margar nemendastundir hann getur kennt að lágmarki fyrir áætlað framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem Reykjavíkurborg miðlar, sbr. gr. 8.2 í reglum um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla. Starfsáætlun skal berast fyrir 1. júlí ár hvert.
- 3.11 Tónlistarskólinn ábyrgist að kennda þeirra nemenda, sem innritaðir eru í skólann, sé í samræmi við lög og reglugerðir og önnur stjórnvaldsfyrirmæli sem áhrif kunna að hafa á rekstur tónlistarskóla. Aðalnámskrá tónlistarskóla skal ávallt liggja til grundvallar náminu, en skólanum er heimilt að leggja áherslu á afmarkaða þætti aðalnámskrárinnar í þeim tilgangi að auka fjölbreytni í tónlistarskólasterfinu og mæta áhuga nemenda.
- 3.12 Nemendur skulu fá kennslu að lágmarki í samræmi við lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985, eða lög sem koma í þeirra stað, aðalnámskrá tónlistarskóla, sbr. auglýsingu nr. 529/2000 og reglur um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla.
- 3.13 Tónlistarskólanum er heimilt að ráðstafa fleiri nemendastundum en fram kemur í grein 3.2 en aukin þjónusta skólans hefur ekki áhrif á fjárhæð framlags, sbr. gr. 2.1.
- 3.14 Skólaári skal ljúka með prófum og opinberum tónleikum og fer um tónleikana samkvæmt gr. 8.4 í reglum um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla.
- 3.15 Sjái tónlistarskólinn sér ekki fært að uppfylla skilyrði um kennsluskyldu eða þjónustu miðað við forsendur þær er fram koma í samningi þessum skal skólinn tilkynna skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar það svo fljótt sem verða má. Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar mun þá endurskoða fjárhæð framlags og lækka framlagið í samræmi við breyttar forsendur.

#### 4. gr.

##### Umsókn og innritun í tónlistarskóla

- 4.1 Umsókn um nám í tónlistarskóla fer fram í miðlægu innritunarkerfi Reykjavíkurborgar. Tónlistarskólinn ber ábyrgð á að upplýsingar í innritunarkerfi Reykjavíkurborgar um nemendur sem eru í skólanum séu réttar og að þær séu í samræmi við nám þeirra í skólanum.
- 4.2 Tónlistarskólinn skal setja sér inntökureglur og birta á heimasíðu sinni. Tónlistarskólinn skal gæta jafnræðis við inntöku nemenda og skulu aðferðir skólans við mat á umsækjendum vera gagnsæjar og aðgengilegar almenningi á heimasíðu skólans. Kostnaður vegna námsins skal tilgreindur með skýrum og aðgengilegum hætti og vera umsækjendum um nám ljós áður en þeir senda inn umsókn sína.

#### 5. gr.

##### Upplýsingagjöf og eftirlit skóla- og frístundasviðs

- 5.1 Tónlistarskólinn skal skila starfsáætlun eigi síðar en 1. júlí ár hvert samkvæmt leiðbeiningum skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar til samræmis við gr. 11.1 í reglum um þjónustusamninga við tónlistarskóla.
- 5.2 Tónlistarskólanum ber að beiðni skóla- og frístundasviðs að afhenda þegar eftir því er óskað yfirlit yfir kennara og stjórnendur skólans þar sem m.a. komi fram upplýsingar um laun og kennslu hvers og eins. Jafnframt komi fram upplýsingar um áætlaðan nemendafjölda. Ef um samkennslu er að ræða þarf

- að tilgreina hversu margir nemendur eru í hóp. Upplýsingum skal skilað á því formi sem óskað er eftir af hálfu skóla- og frístundasviðs hverju sinni, sbr. Tónalaun eða á öðru sambærilegu formi.
- 5.3 Skóla- og frístundasviði Reykjavíkur er heimilt að krefja tónlistarskóla um fjárhagsáætlun fyrir tiltekið tímabil. Með fjárhagsáætlun skal fylgja yfirlit yfir kennara og stjórnendur skólans þar sem m.a. komi fram upplýsingar um laun og kennslu hvers og eins. Jafnframt komi fram upplýsingar um áætlaðan nemendafjölda. Ef um samkenndu er að ræða þarf að tilgreina hversu margir nemendur eru í hóp. Upplýsingum skal skilað á því formi sem óskað er eftir af hálfu Reykjavíkurborgar hverju sinni.
- 5.4 Tónlistarskólinn skal senda skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar endurskoðaðan ársreikning sem gerður er í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og góða reikningsskilavenju auk skýrslu stjórnar fyrir 1. júní ár hvert til samræmis við gr. 11.4 í reglum um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla.
- 5.5 Tónlistarskólinn skal skila greinargerð til skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar um starfsemi síðasta skólaárs fyrir 1. júlí árlega, sbr. gr. 11.5 í reglum um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla.
- 5.6 Reykjavíkurborg getur hvenær sem er látið gera stjórnsýsluúttekt á tónlistarskólanum, sbr. gr. 11.6 í reglum um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla.
- 5.7 Um upplýsingar um frávik í fjölda stjórnunarstunda frá ákvæðum kjarasamnings og greinargerð um eigin hljóðfæra- eða tölvunotkun tónlistarkennara fer samkvæmt 4. gr. reglna um þjónustusamninga við tónlistarskóla.
- 5.8 Tónlistarskólanum er einnig skylt að veita skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar allar aðrar upplýsingar um starfsemi og fjárhag skólans og allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar kunna að vera vegna rannsókna eða úttekta sem skóla- og frístundasvið kann að framkvæma eða láta framkvæma og varða tónlistarfræðslu í Reykjavík, sbr. ákvæði 11. gr. reglna um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla.

## 6. gr.

### Vanefndir

- 6.1 Ef rökstuddur grunur er um að tónlistarskóli standist ekki kröfur sem gerðar eru í lögum nr. 75/1985, aðalnámskrá tónlistarskóla, reglum um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla, samkomulag um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms, dags. 13. apríl 2016 og reglur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um framlögin, dags. 31. ágúst 2016, getur skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar stöðvað greiðslur og farið fram á endurstaðfestingu mennta- og menningarmálaráðuneytis.
- 6.2 Berist endurskoðaður ársreikningur tónlistarskóla ekki á tilsettum tíma, sbr. gr. 11.4 í reglum um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla, getur skóla- og frístundasvið stöðvað greiðslur til skólans. Sama gildir ef starfsáætlun tónlistarskóla fyrir næsta skólaár, sbr. gr. 11.1 og/eða greinargerð um skólastarf síðasta skólaárs, sbr. gr. 11.5 í framangreindum reglum, berast ekki á tilsettum tíma.
- 6.3 Komi í ljós að skóla- og frístundasvið hefur ofgreitt framlag til tónlistarskóla af einhverjum ástæðum, t.d. vegna rangra upplýsinga eða mistaka mun skóla-

DRÖG

og frístundasvið lækka framlag til skólans við næstu greiðslu sem því nemur eða krefjast endurgreiðslu. Tónlistarskólinn getur óskað eftir því að endurgreiðslu verði dreift á þrjá mánuði.

- 6.4 Komi til vanefnda á þjónustusamningi er heimilt að grípa til hefðbundinna vanefndaúrræða. Sé um verulega vanefnd að ræða er heimilt að grípa til riftunar að undangengnum hæfilegum fresti til úrbóta.

#### 7. gr.

##### Gildistími og uppsögn, áskilnaður um rekstrarhæfi

- 7.1. Samningur þessi gildir til fyrir tímabilið 1. september 2016 til og með 31. ágúst 2017.
- 7.2. Óski annar hvor aðilinn eftir því að segja samningnum upp fyrir er gagnkvæmur uppsagnarfrestur þrjú mánuðir og miðast við mánaðamót. Tilkynning um uppsögn skal vera skrifleg og afhent með sannanlegum hætti.
- 7.3. Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að ganga úr skugga um rekstrarhæfi tónlistarskóla áður en þjónustusamningur er gerður við skólann og hvenær sem er eftir að slíkur samningur hefur verið gerður ef málefnalegar ástæður eru fyrir hendi. Ef vafi leikur á um rekstrarhæfi tónlistarskóla er Reykjavíkurborg heimilt að hafna samningsgerð við skólann eða eftir atvikum að segja upp gildandi samningi. Til samræmis við lög um ársreikninga nr. 3/2006 skal koma fram í skýrslu stjórnar með ársreikningi ef vafi leikur á um rekstrarhæfi, sbr. gr. 11.3 í reglum um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla.

#### 8. gr.

##### Þagmælska starfsfólks og meðferð stjórnsýslumála

- 8.1 Starfsfólk tónlistarskóla skal gæta fyllstu þagmælsku um hagi foreldra og barna þeirra sem það fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi. Brot á þagnarskyldu getur varðað refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum.
- 8.2 Tónlistarskólinn skal fylgja ákvæðum stjórnsýslulaga við töku ákvarðana er varða réttindi og skyldur nemenda í tónlistarskólanum.

#### 9. gr.

##### Fyrirvari vegna breytinga á lögum

- 9.1. Verði gerð breyting á lögum nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, samkomulagi um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms, dags. 13. apríl 2016 eða reglum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um framlögin, dags. 31. ágúst 2016 er gerður almennur fyrirvari við samning þennan, ef breytingarnar kalla á endurskoðun á einstökum ákvæðum samnings þessa.

#### 10. gr.

##### Force Majeure.

- 10.1. Hvorugur aðili verður talinn hafa brotið gegn samningi þessum, þegar honum er ókleift að uppfylla samningsskyldur sínar vegna atvika, sem rekja má til óviðráðanlegra ytri atvika (force majeure), s.s. vegna alvarlegra slysa, stríðsátaka, náttúruhamfara, deilna á vinnumarkaði, fyrirmæla stjórnvalda eða annarra óvæntra og ófyrirséðra atvika, sem samningsaðilum er ekki unnt að fyrirbyggja.

DRÖG

**11. gr.**

**Fjárhagsleg ábyrgð og framsal**

- 11.1. Reykjavíkurborg ber hvorki lagalega né fjárhagslega ábyrgð á rekstri tónlistarskólans.
- 11.2 Samningsaðila er óheimilt að framselja réttindi sín og/eða skyldur samkvæmt samningi þessum, í heild eða að hluta, nema að fyrirframfengnu skriflegu samþykki hins.

**12. gr.**

**Bráðabirgðaákvæði**

- 12.1 Aðilar eru sammála um að greiðsla framlags vegna tímabilsins 1. september 2016 til 31. desember 2016 fari fram með þeim hætti að samningur þessi verði lagður til grundvallar.

**13. gr.**

**Varnarþing**

- 31.1 Komi til þess að mál verði höfðað vegna ágreinings um samning þennan skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

**14. gr.**

**Undirritun**

- 14.1. Samningur þessi er gerður í tveimur (2) samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki. Öllu framangreindu til staðfestu rita til þess bærir fyrirsvarsmenn/fulltrúar aðila nöfn sín hér undir í votta viðurvist.

Reykjavík, [ dags. ] 2017.

\_\_\_\_\_  
F.h. Reykjavíkurborgar  
vegna skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar

\_\_\_\_\_  
F.h. [ Nafn skóla ]

Vottar að dags. og undirskriftum:

\_\_\_\_\_ kt \_\_\_\_\_



DRÖG

\_\_\_\_\_ kt \_\_\_\_\_



## REGLUR UM ÞJÓNUSTUSAMNINGA REYKJAVÍKURBORGAR VIÐ TÓNLISTARSKÓLA

Reglur þessar taka til þjónustusamninga og úthlutunar fjármuna Reykjavíkurborgar til tónlistarskóla í Reykjavík, sbr. lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985 og aðalnámskrá tónlistarskóla, sbr. auglýsingu nr. 529/2000.

Skilyrði þess að tónlistarskóli fái fjárframlög frá Reykjavíkurborg er að hann starfi að fullu samkvæmt þessum reglum.

### Skilgreining tónlistarskóla samkvæmt lögum

Tónlistarskóli er skilgreindur í 1. gr. laga nr. 75/1985. Þar segir:

Með tónlistarskóla er í lögum þessum átt við skóla sem fullnægir eftirtöldum skilyrðum:

1. hefur a.m.k. einn fastan kennara auk stundakennara;
2. starfar minnst sjö mánuði á ári og lýkur með prófum og opinberum nemendatónleikum;
3. kennir samkvæmt námsskrá útgefinni af menntamálaráðuneyti eða námslýsingu sem hlotið hefur staðfestingu ráðuneytisins ef námsskrá skortir; hverjum nemanda skal veitt kennsla í aðalnámsgrein eina stund á viku; auk þess séu a.m.k. tvær aukanámsgreinar kenndar í hóptímum (tónfræði, tónheyrn, tónlistarsaga og samleikur);
4. hefur a.m.k. 30 nemendur sem stunda nám til viðurkenndrar prófraunar;
5. hefur hlotið sérstakt samþykki menntamálaráðuneytis og jafnframt samþykki viðkomandi sveitarstjórnar ef skóli er rekinn af þriðja aðila.

### 1. gr. Grundvöllur þjónustusamninga Reykjavíkurborgar og tónlistarskóla

Markmið reglnanna er:

- Að stuðla að faglegu, vel skipulögðu og fjölbreyttu tónlistarnámi fyrir Reykvíklinga.
- Að tryggja að hjá tónlistarskólunum starfi fagfólk sem hefur menntun og hæfni til að sinna tónlistarkennslu.

Þjónustusamningar tónlistarskóla og Reykjavíkurborgar skulu uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- Áður en þjónustusamningur tekur gildi þarf að liggja fyrir sérstakt samþykki menntamálaráðuneytis, sbr. lög nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.
- Samþykktir fyrir skóla þar sem fram kemur rekstrarform, stjórn, fjármögnun, s.s stofnsamþykktir eða skipulagsskrá, skal senda skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar, undirrituðum af stjórn/skólanefnd skólans. Jafnframt skal fylgja með þriggja ára fjárhagsáætlun skólans.

### 2. gr. Réttindi og skyldur

- Reykjavíkurborg tekur ákvörðun um árlegt heildarfjármagn til tónlistarskóla.
- Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar ber ábyrgð á að greiða tónlistarskólum fjárframlag Reykjavíkurborgar í samræmi við þá þjónustusamninga sem í gildi eru hverju sinni ásamt því að greiða til tónlistarskóla framlag ríkis vegna nemenda sem falla undir samkomulag ríkis og sveitarfélaga um eflingu tónlistarnáms og jöfnun á aðstöðumun nemenda.

- Tónlistarskólar bera ábyrgð á að kennsla og önnur starfsemi þeirra sé í samræmi við gildandi þjónustusamning.
- Þrátt fyrir þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla ber Reykjavíkurborg hvorki fjárhagslegar né lagalegar skyldur eða ábyrgð á rekstri þeirra tónlistarskóla sem gert hafa þjónustusamning.

### 3. gr. Skilyrði um kennslu

Tónlistarskóli sem Reykjavíkurborg gerir þjónustusamning við skal uppfylla eftirfarandi skilyrði um kennslu:

- Tónlistarskóli geri starfsáætlun skv. nánari viðmiðum skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og sendir Reykjavíkurborg eigi síðar en 1. maí ár hvert, nema sérstakar aðstæður hamli því, en þá í seinasta lagi 1. júní ár hvert.
- Í starfsáætlun upplýsir tónlistarskóli um hversu margar nemendastundir þeir geta kennt að lágmarki fyrir annars vegar áætlað framlag Reykjavíkurborgar og hins vegar áætlað framlag ríkisins. Með nemendastundum er átt við allar kennslustundir (aðalnámsgrein, meðleik og aukanámsgreinar) í grunn-, mið- og framhaldsnámi umreiknaðar yfir í kennslustundir í grunnnámi.
- Skólinn skal leitast við að kenna hverjum nemanda í fullu námi að jafnaði 35 klukkustundir á ári í aðalnámsgrein, auk hliðargreina, nema þeir skólar sem fengið hafa undanþágu, sbr. gr. 2.1.2 í kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og FÍH/FT.
- Skólaári skal ljúka með prófum og opinberum tónleikum.
- Skólinn þarf að jafnaði að hafa a.m.k. 150 nemendur sem stunda nám til viðurkenndra áfangaprófa skv. Aðalnámskrá tónlistarskóla. Skóli er ekki skyldugur til að hafa 150 reykvíska nemendur, heldur einungis að hafa 150 nemendur í styrkhæfu námi að mati Reykjavíkurborgar.
- Lögð er áhersla á að tónlistarskólar leiti eftir samstarfi við grunnskóla Reykjavíkurborgar um kennslu yngri nemenda. Skriflegt samþykki foreldra/forráðamanna nemenda þarf til að taka nemendur út úr tímum grunnskólans í tónlistarkennslu.

### 4. gr. Upplýsingagjöf og eftirlit

- Skóla og frístundasvið Reykjavíkurborgar getur kafið tónlistarskóla um fjárhagsáætlun fyrir tiltekið tímabil. Með fjárhagsáætlun fylgi yfirlit yfir kennara og stjórnendur skólans þar sem m.a. komi fram upplýsingar um laun og kennslu hvers og eins. Eins komi fram upplýsingar um áætlaðan nemendafjölda. Ef um samkenndu er að ræða þarf að tilgreina hversu margir nemendur eru í hóp.
- Tónlistarskóli sendir skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar ársreikning sem gerður er í samræmi við lög um ársreikninga og góða reiknisskilavenju að jafnaði 1. júní ár hvert. Hafi skólar valið annað uppgjörstímabil ber þeim að tilkynna skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar um það. Reikningar skulu áritaðir af framkvæmdastjóra (skólastjóra), stjórn félagsins (skólanefnd) og endurskoðendum eða þeim sem setur upp reikninginn og yfirfer bókhald.
- Greinargerð um skólastarf síðasta árs skal skila til skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar 1. júlí árlega. Í greinargerð skulu koma fram upplýsingar um starfsemi skólans, s.s. fjölda nemenda, fjölda kenndra nemendastunda, fjölda kennara og stöðugildi, fjölda áfangaprófa, yfirlit yfir tónleika, nýjungar í skólastarfi og annað það sem tónlistarskólar vilja taka fram.
- Reykjavíkurborg getur hvenær sem er látið gera stjórnýsluúttekt á tónlistarskólum.

#### 5. gr. Menntun skólastjórnenda og kennara

- Stjórn/skólanefnd tónlistarskóla ræður skólastjóra.
- Menntun skólastjóra skal vera tónlistarskólakennari IV hið minnsta og framhaldsmenntun á sviði tónlistar eða stjórnunar er æskileg.
- Alla jafna er gert ráð fyrir því að starf skólastjóra sé fullt starf.
- Minnst 80% kennara í hverjum tónlistarskóla skulu hafa réttindi tónlistarskólakennara IV.

#### 6. gr. Samningstími

- Þjónustusamningur Reykjavíkurborgar og nýrra tónlistarskóla er gerður til eins árs í senn.
- Eftir þriggja ára starfstíma tónlistarskóla er heimilt að gera þjónustusamning til allt að þriggja ára í senn en þó með þeim fyrirvara að framlagið geti lækkað verði árlegur fjárhagsrammi skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar skertur. Stefnt skal að því að endurskoða þriggja ára þjónustusamninga hálfu ári áður en þeir falla úr gildi. Eldri samningur gildir út samningstímann.

#### 7. gr. Úthlutun fjármagns frá Reykjavíkurborg til tónlistarskóla

- Skóla- og frístundaráð tekur ákvörðun um styrkveitingar til tónlistarskóla.
- Heildarframlög til skólanna ráðast af árlegum fjárhagsramma skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og geta framlög til skólanna tekið breytingum milli ára.
- Við úthlutun fjármagns til tónlistarskóla er heimilt að taka tillit til gildandi úthlutunar.
- Fjárframlög til tónlistarskóla eru einungis vegna nemenda með lögheimili í Reykjavík og falla utan samkomulags ríkis og sveitarfélaga um eflingu tónlistarnáms og jöfnun á aðstöðumun nemenda frá maí 2011.
- Ef tónlistarskólar hætta eða umtalsverð fækkun verður á kenndum stundum í tilgreindum skólum er heimilt að úthluta samsvarandi nemendastundum til annarra skóla.

#### 8. gr. Úthlutun fjármagns frá ríkinu til tónlistarskóla

- Á grundvelli samkomulags við ríkið sem undirritað var 13. maí 2011 um eflingu tónlistarnáms og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms greiðir ríkið framlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélags sem standa á straum af kennslukostnaði í tónlistarskólum vegna hljóðfæranáms á framhaldsstigi og söngnáms á mið- og framhaldsstigi.
- Reykjavíkurborg tekur við framlagi vegna þessara nemenda frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og greiðir það áfram til tónlistarskóla á grundvelli reglna innanríkisráðherra og að teknu tilliti til málefna legra sjónarmiða þegar þeim reglum sleppir.
- Í þjónustusamningi Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla um framlag Reykjavíkurborgar, eða í viðauka við hann, skal tiltaka heildarframlag ríkis til tónlistarskóla vegna þeirra nemenda sem falla undir samkomulag um eflingu tónlistarnáms og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms.
- Tónlistarskólum er heimilt að kenna fleiri nemendastundir og/eða veita fleiri nemendum kennslu, sem falla undir samkomulag ríkis og sveitarfélaga um eflingu tónlistarnáms og jöfnun á aðstöðumun nemenda, en rúmast innan framlags ríkisins.
- Meðan í gildi er samkomulag ríkis og sveitarfélaga um eflingu tónlistarnáms og jöfnun á aðstöðumun nemenda leggur Reykjavíkurborg tónlistarskólum ekki til fé umfram framlag ríkisins vegna þeirra nemenda sem falla undir slíkt samkomulag.
- Verði samkomulag ríkis og sveitarfélaga um eflingu tónlistarnáms og jöfnun á aðstöðumun nemenda hvorki framlengt né endurskoðað þarf Reykjavíkurborg að taka afstöðu til þess hvort gera eigi þjónustusamninga við tónlistarskóla um framlög vegna þeirra nemenda sem féllu undir samkomulagið og Reykjavíkurborg gerir á grundvelli þessara reglna ekki þjónustusamninga um.

#### **9. gr. Ákvörðun um breytingu á úthlutun fjármagns**

- Skóla- og frístundaráð tekur ákvörðun um þjónustusamning við nýja tónlistarskóla, s.s. í nýjum hverfum, hverfum sem eru í vexti eða þegar starfandi tónlistarskóli hættir störfum.
- Í ofanefndum tilvikum má auglýsa eftir aðilum sem áhuga hafa á að reka tónlistarskóla eða setja upp útibú frá starfandi skólum.
- Skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar getur veitt tónlistarskóla undanþágu frá lágmarksfjölda nemenda (150) ef um er að ræða þjónustu við borgarhluta sem skortir slíka þjónustu að mati skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, nýjungar í starfi eða faglega þróun sem talin er þörf á að styrkja, s.s. fyrir nemendur með sérstakar þarfir. Tillögu um slíkt skal leggja fyrir skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar.

#### **10. gr. Samræmd skráning**

- Innritun í tónlistarskóla fer fram í miðlægu innritunarkerfi Reykjavíkurborgar.

#### **11. gr. Kaup á viðbótarþjónustu**

- Skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar getur samkvæmt nánari reglum samþykktum af skóla- og frístundaráði keypt viðbótarþjónustu af ákveðnum tónlistarskólum. Rökstyðja skal sérstaklega slík kaup á viðbótarþjónustu.

#### **12. gr. Vanefndir á þjónustusamningi**

- Ef rökstuddur grunur er um að skóli standist ekki kröfur sem gerðar eru í lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985, aðalnámskrá tónlistarskóla, sbr. auglýsingu nr. 529/2000 og reglum þessum getur skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar stöðvað greiðslur og farið fram á endurstaðfestingu menntamálaráðuneytis.
- Berist ársreikningur ekki á tilsettum tíma getur skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar stöðvað greiðslur til viðkomandi tónlistarskóla.
- Berist greinargerð um skólastarf síðasta skólaárs ekki á tilsettum tíma getur skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar stöðvað greiðslur til viðkomandi tónlistarskóla.

#### **13. gr. Gildistaka**

- Reglur þessar eru settar skv. 2. gr. laga nr. 75/1985 og taka gildi við staðfestingu borgarráðs.

#### **Ákvæði til bráðabrigða**

- Vegna skólaársins 2012-2013 skal tónlistarskóli sem Reykjavíkurborg gerir þjónustusamning við gera starfsáætlun skv. nánari viðmiðum skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og senda Reykjavíkurborg eigi síðar en 20. júní 2012.

29. maí 2012

## TÓNLISTARSKÓLASAMNINGUR

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur, kt. 500796-2359, annarsvegar og xxx skóli kt.xxxxxxxx, hinsvegar, gera með sér svofelldan samning á grundvelli reglna um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla sem fylgja sem viðhengi við samning þennan og eru órjúfanlegur hluti hans:

### 1. gr.

#### Markmið

- 1.1. Markmið samningsaðila er að styrkja og efla tónlistarskólanám í Reykjavíkurborg.

### 2. gr.

#### Fjárframlög

- 2.1. Reykjavíkurborg tekur ákvörðun um árlegt heildarframlag til tónlistarskóla og er árlegt framlag Reykjavíkurborgar til tónlistarskólans xxxxx þ.kr. á samningstímanum 01.09.2012 til 31.08.2015.
- 2.2. Tónlistarskólar nýta árlegt framlag til greiðslu launakostnaðar kennara og skólastjóra í samræmi við þann fjölda nemendastunda sem tilgreindar eru í samningi þessum og skólarnir telja sig að lágmarki geta kennt m.v. heildarframlag. Árlegt framlag vegna umsaminna kenndra nemendastunda getur hækkað á grundvelli breytinga á launatöxtum í samræmi við kjarasamninga Samband íslenskra sveitarfélaga og FÍH/FT.
- 2.3. Framlag á síðari tveimur samningsárunum er með fyrirvara um árlegan fjárhagsramma skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og getur lækkað verði fjárhagsrammi sviðsins skertur.
- 2.4. Tónlistarskólanum er heimilt að sækja sérstaklega um aukaframlag vegna langtímaforfalla kennara, að loknum eins mánaðar samfelldum forföllum tiltekins kennara, sem staðfest eru með læknisvottorði.
- 2.5. Heildarframlag til tónlistarskóla, árlegt framlag og aukaframlag skv. gr. 2.4., verður aldrei hærri en sem nemur raunverulegum launakostnaði skólans vegna kennslu og stjórnunar á viðkomandi ári.
- 2.6. Framlag skv. gr. 2.1. skal greitt út síðasta virka dag hvers mánaðar (eftirá).

### 3. gr.

#### Kennsla á grundvelli framlags

- 3.1. Tónlistarskólinn ábyrgist að kennsla þeirra nemenda, sem innritaðir eru í skólann sé í samræmi við lög og reglugerðir og önnur stjórnvaldsfyrirmæli sem áhrif kunna að hafa á rekstur tónlistarskóla.
- 3.2. Tónlistarskólanum ber í starfsáætlun að upplýsa skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar um hversu margar nemendastundir þeir geta kennt að lágmarki fyrir áætlað framlag Reykjavíkurborgar, sbr. 3. gr. reglna um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla.
- 3.3. Tónlistarskólinn kennir að lágmarki xxxxx nemendastundir fyrir árlegt framlag á samningstímanum.
- 3.4. Árlegt framlag tekur til kennslu þeirra nemenda sem falla undir reglur um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla.
- 3.5. Nemendur skulu fá kennslu að lágmarki í samræmi við aðalnámskrá tónlistarskóla, sbr. auglýsingu nr. 529/2000 og reglur um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla.

- 3.6. Tónlistarskólanum er heimilt að ráðstafa fleiri nemendastundum en fram kemur í grein 3.3. en aukin þjónusta skólans hefur ekki áhrif á fjárhæð framlags, sbr. gr. 2.1. Sjái skólinn sér ekki fært að uppfylla skilyrði um kennsluskyldu eða þjónustu miðað við forsendur þær er fram koma í samningi þessum skal skólinn tilkynna skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar það svo fljótt sem verða má. Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar mun þá endurskoða fjárhæð framlags og lækka framlagið í samræmi við breyttar forsendur.

#### 4. gr.

##### Upplýsingaskylda

- 4.1. Tónlistarskólinn skal skila árituðum ársreikningi til Menntasviðs fyrir 1. júní ár hvert um liðið fjárhagsár, sbr. ákvæði 4. gr. reglna um þjónustusamninga við tónlistarskóla. Hafi skólar valið annað uppgjörstímabil ber þeim að tilkynna skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar um það.
- 4.2. Tónlistarskólinn skal skila greinargerð til skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar fyrir 1. júlí ár hvert um liðið skólaár, sbr. ákvæði 4. gr. reglna um þjónustusamninga við tónlistarskóla.
- 4.3. Tónlistarskólanum er einnig skylt að veita skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar allar aðrar upplýsingar um starfsemi og bókhald skólans og allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar kunna að vera vegna rannsókna eða úttekta sem skóla- og frístundasvið kann að framkvæma eða láta framkvæma og varða tónlistarfræðslu í Reykjavíkurborg, sbr. ákvæði 4 gr. reglna um þjónustusamninga við tónlistarskóla.

#### 5. gr.

##### Vanefndir

- 5.1. Verði vanefndir á samningi þessum af hálfu tónlistarskólans áskilur skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar sér rétt til synjunar framlags til hans.

#### 6. gr.

##### Gildistímabil og uppsögn

- 6.1. Samningur þessi gildir til þriggja ára fyrir tímabilið 01.09.2012 til og með 31.08.2015.
- 6.2. Óski annar hvor aðillinn eftir því að segja samningnum upp fyrr er gagnkvæmur uppsagnarfrestur 3 (þrjú) mánuðir. Tilkynning um uppsögn skal vera skrifleg og afhent með sannanlegum hætti.

#### 7. gr.

##### Fyrirvari vegna breytinga á lögum

- 7.1. Verði gerð breyting á lögum nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla er gerður almennur fyrirvari á samningi þessum, vegna aðlögunar breytinga á samningnum að þeim lagabreytingum sem gerðar yrðu.

#### 8. gr.

##### Force Majeure.

- 8.1. Hvorugur aðili verður talinn hafa brotið gegn samningi þessum, þegar honum er ókleift að uppfylla samningsskyldur sínar vegna atvika, sem rekja má til óviðráðanlegra ytri atvika (force majeure), s.s. vegna alvarlegra slysa, stríðsátaka, náttúruhamfara, deilna á vinnumarkaði, fyrirmæla stjórnvalda eða

annarra óvæntra og ófyrirséðra atvika, sem samningsaðilum er ekki unnt að fyrirbyggja.

**9. gr.**  
**Framsali**

- 9.1. Samningsaðila er óheimilt að framselja réttindi sín og/eða skyldur samkvæmt samningi þessum, í heild eða að hluta, nema að fyrirframfengnu skriflegu samþykki hins.

**10. gr.**  
**Varnarþing**

- 10.1 Komi til þess að mál verði höfðað vegna ágreinings um samning þennan skal það rekið fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.

**11. gr.**  
**Undirritun**

- 11.1. Samningur þessi er gerður í tveimur (2) samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki. Öllu framangreindu til staðfestu rita til þess bærir fyrirsvarsmenn/fulltrúar aðila nöfn sín hér undir í votta viðurvist.

Reykjavík, xx. júní 2012.

\_\_\_\_\_  
F.h. skóla- og frístundasviðs  
Reykjavíkurborgar.

\_\_\_\_\_  
F.h. x skóla

Vottar að dags. og undirskriftum:

\_\_\_\_\_ kt \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_ kt \_\_\_\_\_



Mennta- og menningarmálaráðherra, fjármála- og efnahagsráðherra og innanríkisráðherra, af hálfu ríkisins, og Samband íslenskra sveitarfélaga, f.h. sveitarfélaga, (til samans nefnd aðilar) gera með sér eftirfarandi:

## Samkomulag um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms

1. gr.

### *Markmið*

Aðilar eru sammála um að gera nemendum kleift að stunda hljóðfæranám á framhaldsstigi og söngnám á mið- og framhaldsstigi óháð búsetu.

Markmiðum þessum verður náð m.a. með því að ríkissjóður greiðir árlegt framlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga til greiðslu kennslukostnaðar nemenda í framhaldsnámi í hljóðfæraleik og söng ásamt miðnámi í söng, og annarra nemenda sem þurfa af gildum ástæðum að sækja tónlistarskóla utan lögheimilissveitarfélags skv. nánari skilyrðum sem sett eru í reglum sem innanríkisráðherra gefur út.

2. gr.


### *Fjárstuðningur ríkisins við tónlistarnám á vegum sveitarfélaga*

Ríkissjóður greiðir árlegt styrktarframlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem renna skal til greiðslu kennslukostnaðar í samræmi við markmið 1. gr., að meðtöldu álagi fyrir stjórnunarkostnað, langtímaforföll, hljóðfæragjald og tengdan kostnað, 520 m.kr. Frá og með árinu 2017 skal framlag ríkisins samkvæmt samningi þessum breytast árlega í samræmi við launaforsendur BHM og verðlagsforsendum fjárlaga í hlutföllunum laun 85% og 15% önnur gjöld. Framlag ríkisins vegna annars kostnaðar en launa skal breytast samkvæmt forsendum fjárlaga um almennar verðlagsbreytingar.

Framlög ríkisins skv. samkomulaginu eru með fyrirvara um fjárheimildir til verkefnisins í fjárlögum.

Á móti framlagi ríkisins skuldbinda sveitarfélög sig til að taka yfir verkefni frá ríki sem nemur 230 m.kr. á ársgrundvelli, sbr. 4. gr.

Sveitarfélög skulu tryggja að framlag skv. 1. mgr. renni til kennslu þeirra nemenda sem innritaðir eru í viðurkennda tónlistarskóla án tillits til búsetu og uppfylla nánari skilyrði sem sett verða í lögum um tónlistarskóla. Sveitarfélög skulu jafnframt tryggja að nemendur sem njóta framlags greiði ekki annað en skólagjöld til viðkomandi tónlistarskóla. Sveitarfélög skulu stýra aðgengi að náminu og nýtingu kennslumagns með gerð þjónustusamninga við þá tónlistarskóla sem ekki eru reknir af sveitarfélögum.



Handwritten signatures and initials, including the name 'BRAM' and other illegible marks.

3. gr.  
*Reglur*

Innanríkisráðherra setur nánari ákvæði um úthlutun framlags skv. 2. gr., skilyrði um námsframvindu nemenda og upplýsingaskyldu sveitarfélaga og tónlistarskóla í reglum sem samdar er í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga. Þar skal áskilið að þeir nemendur í framhaldsnámi sem stuðningsnjóta skv. samkomulagi þessu hafi lokið miðnámi að fullu í aðalgrein og aukanámsgreinum. Einnig er heimilt að skilgreina í reglunum í hvaða tilvikum og með hvaða skilyrðum er heimilt að greiða framlag vegna nemenda sem hafa lokið námi á framhaldsstigi.

Í reglunum skal kveðið á um skiptingu þess kennslumagns sem Jöfnunarsjóður sveitarfélaga hefur til ráðstöfunar á landsvísu. Við þá skiptingu er heimilt að leggja til grundvallar fyrirbyggjandi upplýsingar hjá Jöfnunarsjóði um skiptingu kennslumagns milli sveitarfélaga á síðustu tveimur árum. Framlag til einstakra tónlistarskóla skal aldrei nema hærri fjárhæð en útlögðum kennslukostnaði og öðrum kostnaði skv. 1. mgr. 2. gr. en þó er heimilt að setja í reglur ákvæði um tímabundna afkomuþryggingu til að bregðast við breyttum aðstæðum.

Í reglunum er jafnframt heimilt að kveða á um framlög til sveitarfélaga vegna nemenda í tónlistarnámi sem ekki falla undir 1. mgr. en þurfa af gildum ástæðum að sækja tónlistarskóla utan lögheimilissveitarfélags.

4. gr.

*Réttindi nemenda*

Á grundvelli samkomulags þessa tryggja sveitarfélög að nemendur sem uppfylla inntökuskilyrði tónlistarskóla og reglur um námsframvindu geti stundað tónlistarnám á framhaldsstigi í hljóðfæraleik og á mið- og framhaldsstigi í söng án tillits til búsetu. Samkomulag þetta hefur ekki áhrif á rétt tónlistarskóla til að krefja nemendur um skólagjöld skv. gildandi lögum.

5. gr.

*Tímabundin tilfærsla verkefna til sveitarfélaga frá ríki.*

Sveitarfélög skuldbinda sig til að taka tímabundið við verkefnum frá ríki samkvæmt eftirfarandi:


- fyrir árið 2016 230 m.kr.
  - fyrir árið 2017 200 m.kr.
  - fyrir árið 2018 230 m.kr.
- samtals 660 m.kr.

Á árinu 2016 er um að ræða eftirtalin verkefni:

a.	Endurmenntunarsjóður grunnskóla	44,6
b.	Námshagnasjóður	54,0
c.	Reykjadalur	29,2
d.	Vistheimilið Bjarg	63,3
e.	Tölvumiðstöð fatlaðra	9,5
f.	Lausn á bráðavanda tónlistarskóla	30,0

Samtals 230 m.kr.

Gert er ráð fyrir að útgjöld til verkefna samkvæmt þessari grein skiptist jafnt milli sveitarfélaga í hlutfalli við íbúafjölda og að Jöfnunarsjóði sveitarfélaga verði falið að standa skil á greiðslum



sveitarfélaga með því að draga kostnað hvers sveitarfélags frá framlögum sjóðsins. Á samningstímanum geta orðið breytingar innan þess ramma sem greinin kveður á um, á grundvelli skriflegs samkomulags ríkis og sveitarfélaga.

6. gr.

*Lagabreytingar, forsendur og fyrirvari*

Mennta- og menningarmálaráðuneyti vinnur nú að því að settur verði á laggirnar listframhaldsskóli með sérhæfingu í tónlist. Skólanum er ætlað að bjóða upp á viðurkennt framhaldsskólanám þar sem lokamarkmið námsins eru skilgreind á 2. – 4. hæfniprepi, sem felur m.a. í sér tónlistarnámsbraut til stúdentsprófs. Miðað er við að skólastarf hefjist á skólaárinu 2016-2017 með innritun nemenda af landinu öllu, óháð lögheimili. Þeir nemendur falla utan samkomulags þessa.

Verði breytingar á framangreindum áformum sem hafa áhrif á fjölda nemenda sem falla undir samkomulag þetta skal samkomulagið tekið til endurskoðunar að undangenginni umfjöllun í samstarfsnefnd ríkis og sveitarfélaga, Jónsmessunefnd.

Aðilar eru sammála um að á vorþingi 2016 verði lagt fram frumvarp um nauðsynlegar breytingar á lögum í tengslum við samkomulag þetta, þar með talið frumvarp til laga um tónlistarskóla.

Skylda sveitarfélaga til að gera þjónustusamninga við þá tónlistarskóla sem ekki eru reknir af sveitarfélögum um ráðstöfun á framlagi skv. samkomulagi þessu gildir frá og með upphafi skólaársins 2016-2017.

Samkomulag þetta felur ekki í sér breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga skv. lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, nr. 75/1985. Fjárstuðningur ríkisins skv. 2. gr. er óháður útgjöldum sveitarfélaga vegna reksturs tónlistarskóla og tekur ekki breytingum í samræmi við þau. Kjósi sveitarfélag að auka kennslumagn umfram úthlutun úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga ber það sjálft þann viðbótarkostnað sem af því leiðir.


7. gr.

*Gildistími, greiðslur og endurskoðun*


Gildistími samkomulagsins er frá 1. janúar 2016 til 31. desember 2018. Á samningstímanum greiðir ríkissjóður mánaðarlega framlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem ráðstafað er í samræmi við 2. gr. Viðræður um framlengingu samkomulagsins skulu hefjast eigi síðar en 1. desember 2017 og vera lokið eigi síðar en 1. febrúar 2018.

Komi upp ágreiningur um framkvæmd einstakra þátta í samkomulagi þessu geta samningsaðilar vísað honum til samstarfsnefndar ríkis og sveitarfélaga, Jónsmessunefndar.

Gefist tilefni til þess að fara yfir framkvæmd einstakra ákvæða samkomulagsins vegna atriða sem ófyrirséð eru við gerð þess, lýsa aðilar sig reiðubúna að ganga til viðræðna þar um og eftir atvikum endurskoða það fyrirkomulag sem samkomulagið gerir ráð fyrir.

Handwritten signatures and initials in black ink, including a large signature and the initials 'BSM' and 'm.j.'.

Reykjavík, 13. apríl 2016




f.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga


mennta- og menningarmálaráðherra




formaður



fjármála- og efnahagsráðherra



frankvæmdastjóri



innviðisráðherra

## REGLUR

um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til stuðnings við tónlistarnám og jöfnunar á aðstöðumun nemenda.

### 1. gr.

#### *Gildissvið og markmið.*

Reglur þessar gilda um úthlutun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á styrktarframlagi úr ríkissjóði til sveitarfélaga vegna kennslukostnaðar í tónlistarskólum, sbr. samkomulag ríkis og sveitarfélaga frá 13. apríl 2016 um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms.

Framlagi ríkisins er ætlað að gera nemendum kleift að stunda tónlistarnám óháð búsetu og efnahag. Framlagið skal renna til greiðslu kennslukostnaðar nemenda í framhaldsnámi í hljóðfæraleik og söng ásamt miðnámi í söng og, að uppfylltum skilyrðum, nemenda sem hafa lokið námi á framhaldsstigi.

Með framlagi ríkisins er Jöfnunarsjóði jafnframt heimilt að veita framlag vegna kennslukostnaðar annarra nemenda sem þurfa af gildum ástæðum að sækja tónlistarskóla utan lögheimilissveitarfélags, sbr. 7. gr. Skilyrði er að um sé að ræða tónlistarnám í viðurkenndum tónlistarskóla, þ.e. skóla sem kennir samkvæmt aðalnámskrá tónlistarskóla og nýtur viðurkenningar mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Reglurnar gilda ekki um tónlistarnám sem kennt er í listframhaldsskólum.

### 2. gr.

#### *Framlag úr ríkissjóði.*

Eins og fram kemur í samkomulaginu frá 13. apríl 2016 er árlegt styrktarframlag ríkissjóðs í Jöfnunarsjóð 520 m. kr. á árunum 2016 til 2018. Framlagið greiðist með jöfnum mánaðarlegum greiðslum. Um forsendur framlagsins og verðlagsbreytingar á tímabilinu vísast til 2. gr. samkomulagsins.

Ráðherra setur nánari vinnureglur um úthlutun framlaga að fenginni umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Vinnureglurnar eru birtar sem viðauki við þessar reglur.

### 3. gr.

#### *Upplýsingar frá tónlistarskólum – Umsóknir sveitarfélaga*

Eigi síðar en 1. mars ár hvert skulu tónlistarskólar senda því sveitarfélagi, þar sem skóli starfar, skrá um alla nemendur sem stunda eða hafa stundað tónlistarnám á yfirstandandi skólaári sem fellur undir 2. mgr. 1. gr. Upplýsingum skal skilað á eyðublaði sem Jöfnunarsjóður sveitarfélaga lætur í té og nálgast má á vefsíðu Jöfnunarsjóðs: jofnunarsjodur.is.

Við skil upplýsinga til sveitarfélaga skal taka mið af eftirfarandi:

- a. Til að hægt sé að sækja um framlag vegna náms á miðstigi í söng þarf nemandi að hafa lokið að fullu námi í söng á grunnstigi. Framlög vegna náms á miðstigi eru að hámarki greidd í fjögur ár.
- b. Til að hægt sé að sækja um framlag vegna náms á framhaldsstigi í söng eða hljóðfæragreinum þarf nemandi að hafa lokið að fullu námi á miðstigi. Framlög vegna náms á framhaldsstigi eru að hámarki greidd í fimm ár.
- c. Til að hægt sé að sækja um framlag vegna viðbótarnáms að loknu framhaldsstigi (4. hæfniprep í söng eða hljóðfæranámi) þarf nemandi að hafa lokið að fullu námi á framhaldsstigi. Framlög vegna náms að loknu framhaldsstigi eru að hámarki greidd í tvö ár.

Sveitarfélögum ber að yfirfara upplýsingar frá tónlistarskólum um kennslumagn á yfirstandandi skólaári, skv. 1. málsgrein og senda til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir 15. mars ár hvert. Þær upplýsingar eru ígildi umsókna sveitarfélaga um framlög fyrir næsta skólaár. sbr. þó 1. mgr. 5. gr. Við útreikning og úthlutun framlaga, sbr. 2. mgr. 1. gr, er Jöfnunarsjóði heimilt, á grundvelli upplýsinga í umsókn sveitarfélagsins, að bregðast við verulegri fækkun nemenda einstakra tónlistarskóla á yfirstandandi skólaári þannig að skerðing á framlagi komi ekki að fullu til framkvæmda á næsta skólaári.

#### 4. gr.

##### *Framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.*

Þegar upplýsingar liggja fyrir úr umsóknum sveitarfélaga um kennslumagn á yfirstandandi skólaári, sbr. 3. gr., birtir Jöfnunarsjóður sveitarfélaga upplýsingar um skiptingu framlaga (kennslumagns) milli sveitarfélaga vegna kennslu nemenda í framhaldsnámi í hljóðfæraleik og söng ásamt miðnámi í söng, skv. 2. mgr. 1. gr. að teknu tilliti til þess fjármagns sem er til úthlutunar hverju sinni, sbr. 2. gr. Við útreikning á kennslumagni eru raunverulegar kennslumínútur (stundir) umreiknaðar yfir í einingar út frá stuðlum í kjarasamningi tónlistarkennara.

Upplýsingar um framlög fyrir komandi skólaár skulu liggja fyrir eigi síðar en 1. apríl, sbr. þó ákvæði til bráðabirgða.

Um mánaðarlegar greiðslur framlaga verður að ræða yfir skólaárið, þ.e. á tímabilinu september til ágúst. Greiðsla skal berast til sveitarfélags eigi síðar en síðasta dag hvers mánaðar.

#### 5. gr.

##### *Breyttar forsendur og veruleg frávik*

Sveitarfélagi ber að gæta þess að framlag til einstakra tónlistarskóla nemi ekki hærri fjárhæð en heimilt er samkvæmt þessum reglum. Sveitarfélagi er þó heimilt að veita tónlistarskóla tímabundna afkomutryggingu til að bregðast við breyttum aðstæðum, sbr. 3. mgr. 3. gr. þessara reglna.

Sveitarfélagi ber að tilkynna Jöfnunarsjóði sveitarfélaga ef forsendur fyrir úthlutun framlaga breytast, svo sem ef tónlistarskóli hættir starfsemi.

Komi í ljós verulegar breytingar á kennslumagni milli skólaára, við yfirferð upplýsinga frá sveitarfélögum, sbr. 2. mgr. 3. gr., er jöfnunarsjóði heimilt að leita skýringa hjá sveitarfélögum þar að lútandi.

Ef framlög til sveitarfélags hafa verið greidd á grundvelli rangra upplýsinga skal gerð leiðrétting áður en kemur til lokagreiðslu framlags fyrir viðkomandi skólaár, en ef því verður ekki við komið, getur sjóðurinn dregið mismuninn af öðrum framlögum sjóðsins.

#### 6. gr.

##### *Langtímaforföll.*

Sveitarfélagi er heimilt að sækja sérstaklega um aukaframlag til Jöfnunarsjóðs vegna langtímaforfalla kennara á miðstigi í söng og á framhaldsstigi eða ofar í söng og hljóðfæragreinum, sem standa lengur en einn mánuð enda liggja fyrir læknisvottorð. Heildarframlag verður þó aldrei hærra en sem nemur raunverulegum viðbótarlaunakostnaði skólans vegna langtímaforfalla á því tímabili sem um ræðir.

Umsókn frá sveitarfélagi um framlag samkvæmt þessari grein skal berast til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir 20. júní ár hvert vegna skólaársins sem er að líða. Jöfnunarsjóði ber að hafa lokið útreikningi og úthlutun framlaga, skv. þessari grein fyrir 1. júlí ár hvert.

#### 7. gr.

##### *Framlög vegna nemenda á grunnstigi og nemenda á miðstigi í hljóðfæragreinum.*

Jöfnunarsjóði sveitarfélaga er heimilt að veita sveitarfélögum framlög vegna nemenda sem þurfa af gildum ástæðum að sækja tónlistarskóla utan síns sveitarfélags sbr. 3. mgr. 1. gr. Skilyrði er að fyrir liggja staðfesting um að námið verði metið til eininga í framhaldsskóla. Umsóknir samkvæmt þessari grein skulu berast til jöfnunarsjóðs eigi síðar en 1. september vegna komandi skólaárs.

Úthlutun framlaga samkvæmt þessari grein takmarkast af því hve mikið fjármagn Jöfnunarsjóður hefur til ráðstöfunar að teknu tilliti til framlaga skv. 4. og 6. gr. Við ákvörðun framlaga skal umsóknum forgangsraðað í eftirfarandi röð:

1. Nemendur á miðstigi í hljóðfæragreinum.
2. Nemendur á grunnstigi í söng eða hljóðfæragreinum, þ.e. nemendur sem hafa verið í tónlistarnámi á grunnstigi í eitt skólaár eða lengur.
3. Nemendur sem eru að hefja nám á grunnstigi í söng.

Falli tónlistarnám nemenda undir þessa grein ber tónlistarskóla að senda lögheimilissveitarfélagi skrá um þá nemendur, sbr. ákvæði í 3. mgr. 1. gr,

Úthlutuð framlög vegna samþykkrtra umsókna samkvæmt þessari grein skulu að hámarki nema 50% af vegnu meðaltali framlags á nemanda, sbr. 2. mgr. 1. gr. Framlöggin geta lækkað ef eftirspurn er umfram það fjármagn sem er til ráðstöfunar skv. 2. mgr. Sveitarfélag sem sækir um framlag greiðir þann hluta kennslukostnaðar sem út af stendur. Tónlistarskólar skulu gæta þess

að samþykki lögheimilissveitarfélags liggja fyrir vegna nemenda sem uppfylla skilyrði skv. 1. og 2. mgr., áður en þeir eru innritaðir í tónlistarnám.

Um umsóknir, greiðslu framlaga og leiðréttingu áætlaðra framlaga fer skv. 3.- 5. gr. eftir því sem við á. Jöfnunarsjóður skal senda lögheimilissveitarfélögum tilkynningu um áætluð framlög fyrir næsta skólaár samkvæmt þessari grein fyrir 1. október ár hvert.

8. gr.

*Gildistaka.*


Reglur þessar eru settar á grundvelli samkomulags ríkisins og sveitarfélaga frá 13. apríl 2016 um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda og laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, nr. 75/1985. Reglurnar öðlast þegar gildi og koma í stað reglugerðar nr. 23/2013, sem felld verður úr gildi.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Þrátt fyrir ákvæði 3. og 4. gr. gildir eftirfarandi um framlög fyrir skólaárið 2016-2017:

- a. Við skiptingu kennslumagns og úthlutun framlaga samkvæmt 4. gr. þessara reglna liggja til grundvallar upplýsingar frá tónlistarskólum um nemendur og kennslumagn skólaárið 2015–2016, yfirfarnar af viðkomandi sveitarfélagi, á eyðublaði sem Jöfnunarsjóður sveitarfélaga lætur í té. Skoðast þessar upplýsingar sem ígildi umsókna sveitarfélaga um framlag og skulu þær liggja til grundvallar við skiptingu kennslumagns fyrir næsta skólaár. Við endanlega skiptingu kennslumagns er horft til þess hvort samdráttur hafi orðið í kennslumagni tónlistarskóla frá vori 2014 til vors 2016 og bætt við kennslumagni sem nemur 70 hundraðshlutum af neikvæðum mismun undanfarinna tveggja ára.
- b. Upplýsingar frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga um framlög á skólaárinu 2016 - 2017 skulu sendar til sveitarfélaga eigi síðar en 1. september 2016.

*Innanríkisráðuneytinu, 31. ágúst 2016.*

*Reginvaldur Hjartarson*  




Vinnureglur

## Úthlutun framlaga á grundvelli 2. mgr. 1. gr., sbr. 4. gr. reglna um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til eflingar tónlistarnámi og jöfnunar á aðstöðumun nemenda

Tónlistarskólar sem njóta viðurkenningar mennta- og menningarmálaráðuneytisins og veita nemendum kennslu sem fellur undir samkomulagið fylla út sérstakt skjal í töflureikni sem nálgast má á vefsíðu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Í skjalinu er óskað eftir eftirfarandi upplýsingum

- Upplýsingum um nemendur sem falla undir samkomulagið.
- Upplýsingum um fjölda nemenda og kennslustunda sem falla ekki undir samkomulagið. Upplýsinganna er aflað vegna aðferðafræði við útreikning framlaga.
- Upplýsingum um allar aðrar kennslustundir, svo sem í tónfræði og samspili/samsöng.

Skjalið er síðan sent til kennslusveitarfélags eigi síðar en 1. mars. Kennslusveitarfélagið sendir síðan skjöl fyrir alla viðurkennda tónlistarskóla í sveitarfélaginu til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir 15. mars. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem fram koma í innsendum skjölum kennslusveitarfélags er fundinn út heildarfjöldi kennslueininga (sjá skilgreiningu hér á eftir) fyrir hvert sveitarfélag á grundvelli samkomulagsins. Hvert sveitarfélag fær síðan fjárframlag hlutfallslega miðað við heildarfjölda kennslueininga allra sveitarfélaga vegna þess náms sem fellur undir samkomulagið að teknu tilliti til ráðstöfunarfjármagns Jöfnunarsjóðs. Sveitarfélögum er einnig tilkynnt, samhliða tilkynningu um framlag, hvaða lágmarksfjölda kennslustunda tónlistarskólum sveitarfélagsins ber að kenna. Fjöldi stunda er reiknaður út miðað við uppgefinn kostnað á kennslustund.

### Útreikningsreglur

Við útreikning á heildarfjölda kennslueininga tónlistarskóla eru raunverulegar kennslumínútur (stundir) umreiknaðar yfir í einingar út frá stuðlum í kjarasamningi tónlistarkennara. Þessar umreiknuðu einingar eru grundvöllur að stöðuhlutfalli tónlistarkennara og endurspeglar því hvernig kennslukostnaður er fundinn.

Aðferð við útreikninginn er sú að heildarkennslustundum og stundum í meðleik er breytt yfir í kennslustundir á grunnstigi. Þessar umreiknuðu kennslustundir kallast kennslueiningar. Þetta er gert með stuðlum reiknuðum skv. töflu 1 er sýnir mismunandi kennslueiningar eftir námsstigum fyrir hverja kennda klukkustund. Sem dæmi jafngildir ein kennslustund á miðstigi 1,0926 kennslueiningum og ein kennslustund í meðleik á miðstigi jafngildir 1,2371 kennslueiningum.

Tafla 1 - Kennslueiningar fyrir hverja kennslustund/meðleik á hverju námsstigi

	Kennsla <sup>1)</sup>	Meðleikur
Fornám/Grunnstig	1,0000	1,0926
Miðstig	1,0926	1,2371
Framhaldsstig	1,2371	1,4229
Nám að loknu framhaldsst.	1,2371	1,4229

1) Einkakennsla, samkennsla, samspil, samsöngur og önnur kennsla.

Þannig er fundinn út heildarfjöldi kennslueininga (umreiknað kennslumagn) á ári, fyrir hvert sveitarfélag, sem fellur undir samkomulagið.

Námsstigin sem falla undir samkomulagið eru:

- Hljóðfæranám á framhaldsstigi
- Söngnám á miðstigi
- Söngnám á framhaldsstigi

Við kennslueiningar í aðalnámsgreinum (hljóðfæranám/söngnám) er síðan bætt hlutdeild þessara námsstiga í aukánámsgreinum í sömu hlutföllum.

Summa kennslueininga vegna þessara námsstiga hvers skóla er auðkennd “ $T_{\text{Samk}}$ .” Summa allra skóla sama sveitarfélags er auðkennd “ $S_{\text{Samk}}$ .” Summa allra sveitarfélaga sem falla undir samkomulagið er auðkennt “ $H_{\text{Samk}}$ .”

$$S_{\text{Samk}} = \sum T_{\text{Samk}}(i); i = \text{númer skóla innan sveitarfélags}$$


$$H_{\text{Samk}} = \sum S_{\text{Samk}}(j); j = \text{númer sveitarfélags}$$

$$F_{\text{Samk}} = \text{Fjármagn til ráðstöfunar vegna samkomulagsins}$$

$$F_{\text{Svfe}} = \text{Fjármagn til sveitarfélags}$$

Hvert sveitarfélag fær síðan fjárframlag hlutfallslega miðað við heildarfjölda kennslueininga allra sveitarfélaga vegna þess náms sem fellur undir samkomulagið skv. eftirfarandi:

$$F_{\text{Svfe}} = S_{\text{Samk}}/H_{\text{Samk}} \times F_{\text{Samk}}$$



## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

**Efni:** *Tillaga um að sviðsstjóra verði falið að leggja fram drög að breytingum á reglum um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla og drög að samningum við þá.*

Lagt er til að sviðsstjóra verði falið að leggja fram drög að breytingum á reglum um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla auk draga að samningi. Sviðsstjóra verði jafnframt falið að tilkynna tónlistarskólum sem njóta framlags frá Reykjavíkurborg um að nú standi yfir endurskoðun og undirbúningur að gerð nýrra reglna og samninga við tónlistarskólana vegna framlaga til þeirra.

### **Greinargerð:**

Reglur um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla voru samþykktar 29.maí 2012.

Á grundvelli framangreindra reglna voru gerðir samningar við 18 tónlistarskóla í Reykjavík til þriggja ára. Samningarnir runnu út þann 31. ágúst 2015.

Reykjavíkurborg ber að gera samninga vegna tónlistarnáms á bæði efri og neðri stigum fyrir næsta skólaár. Samningsskylda á efri stigum er tilgreind í samkomulagi við ríki um eflingu tónlistarnáms. Meðfylgjandi er umrætt samkomulag en tekið er fram að á því hafa verið gerðar smávægilegar breytingar og viðaukar. Reykjavíkurborg hefur ekki áður gert samninga um efri stigin sem falla undir samkomulagið frá 2011. Sérstakar aðstæður og óvissa vegna stofnunar nýs skóla sem rekinn verður alfarið af ríki hafa tafið verkefnið.

Lagt er til að gerðir verði tvískiptir samningar, annar um kennslu á neðri stigum og hinn um kennslu á efri stigum námsins sem fellur undir samkomulagið. Fjórtán skólar í Reykjavík hafa að jafnaði kennt á efri stigum undanfarin ár, en sex skólar kenna þó megnið af kennslumagninu. Tveir þeirra munu færast undir ríkið sem nýr skóli vegna kennslu á efri stigum. nýja skólans.

### **I Um samninga vegna neðri stiga**

Samningar voru ekki gerðir vegna náms á neðri stigum í Reykjavík vegna skólaársins 2015-2016. Kom það meðal annars til vegna tafa við uppgjör á samningum fyrir 2012-2015. Kennslumagn var ekki að fullu kennt í nokkrum skólum á þriggja ára samningstímanum og var kennslumagn minnkað í nokkrum skólum sem höfðu skilað áætlun vegna 2015-2016 sem ekki uppfyllti áður umsamið kennslumagn heldur.

Vorið 2016 voru tónlistarskólar látnir vita af nauðsynlegum niðurskurði og beðnir að miða við um 95% kennslumagns þangað til línur yrðu skýrari. Sviðsstjóri skóla- og frístundavíðs hefur í samráði við fjármáladeild SFS og deildarstjóra listfræðslu SFS ákveðið að niðurskurður kennslumagns verði 2% frá og með hausti 2016. Skýrist mismunurinn af því að heimilað var að láta innheimtar skuldir vegna lánaþyringreiðslu eða vankennslu renna á móti 70 mkr. niðurskurðarkröfu á tónlistarnámið vegna 2016. Send hefur verið formleg tilkynning um niðurstöðu niðurskurðarkröfu til tónlistarskóla vegna kennslumagns á neðri stigum.

Endurskoða þarf reglur um þjónustusamninga borgarinnar við tónlistarskóla og setja reglur sem taka til samninga vegna kennslu á efri stigum líka eða a.m.k. viðbætur við reglur sem gilda um samninga um þá kennslu sem nýtur stuðnings úr Jöfnunarsjóði. Breytingarnar þarf að skoða með fulltrúum tónlistarskólanna og leggja fyrir skóla- og frístundaráð.

Fyrirhugað er að bjóða fulltrúum tónlistarskóla á fund þar sem farið verður yfir málið og þeim gefinn kostur á því að koma á framfæri sjónarmiðum og athugasemdum. Er það m.a. gert í ljósi stefnu um aukið samráð sem formaður skóla- og frístundaráðs hefur sett fram við þessa aðila. Í kjölfarið þarf að leggja fullunnar reglur og drög að samningum fyrir skóla- og frístundaráð. Eftir það er hægt að ganga til samninga við hvern og einn skóla að því tilskyldu að rekstrarhæfni liggja fyrir á grundvelli upplýsinga sem skólarnir gáfu síðastliðið vor og annarra skilyrða.

## II Um samninga vegna efri stiga

Mögulegt er að sambærilegt ferli vegna reglna og samninga um kennslu á efri stigum fari ekki fram samhliða ofangreindu heldur í kjölfarið. Þó verður reynt að fremsta megni að flýta ferlinu og ganga frá samningum eins fljótt og auðið er. Jöfnunarsjóður mun láta í té nauðsynlegar upplýsingar til að hægt sé að gera samninga við skólana, en þær upplýsingar ættu að liggja fyrir fljótlega.

## III Yfirlit yfir helstu áhersluatriði við endurskoðun reglna og nýrra samninga:

- **Lengd samninga – eitt ár**

Breytingar á kerfinu nú gefa tilefni til að senja til skamms tíma þannig að hægt sé að bæði hvetja til og opna á frekari aðlögun og viðbrögð við þeim. Áhersla borgarinnar á góða nýtingu kennslumagns veldur meðal annars því að skólar verða hvattir til að skoða á tímabilinu möguleika á stækkun rekstrareininga eða sameiningu skóla.

Í reglum Reykjavíkurborgar um þjónustusamninga við tónlistarskóla stendur: „*Skólinn þarf að jafnaði að hafa a.m.k. 150 nemendur sem stunda nám til viðurkenndra áfangaprófa skv. Aðalnámskrá tónlistarskóla. Skóli er ekki skyldugur til að hafa 150 reykvíska nemendur, heldur einungis að hafa 150 nemendur í styrkhæfu námi að mati Reykjavíkurborgar.*„

- **Samræming ársreikninga – tímabil, sundurliðanir og skil**

Undanfarin ár hefur verið miklum erfiðleikum bundið að fá heildaryfirlit yfir stöðu tónlistarskóla í borginni. Mismunandi uppgjörstímabil þeirra og mismunandi sundurliðanir í ársreikningum hafa gert nær ókleift að taka saman heildstæða mynd sem byggir á sambærilegum gögnum. Gert er ráð fyrir að almanaksár verði lagt til grundvallar. Rætt verður við fulltrúa skóla um hver aðlögunartími þarf að vera vegna þessa. Af átján skólum setja nú níu skólar fram ársreikning á grundvelli almanaksárs, þrjár fyrir tímabilið ágúst-júlí og fjórir fyrir tímabilið september-ágúst. Skólar þurfa að skila ársreikningum með fullri og óskilyrtri áritun, þ.e. endurskoðandi staðreynir reikningana. Skoða þarf hvort gefa eigi heimild til að skila pro-forma ársreikningi fyrir síðustu mánuði ársins hjá þeim skólum sem þurfa að breyta uppgjörstímabili.

Taka þarf fram í reglum heimild borgarinnar til að óska eftir upplýsingum á ákveðnu formi.

- **Jafnræði og gagnsæi**

Vilji borgarinnar stendur til að fjölga nemendum í tónlistarnámi og stuðla að jöfnum aðgangi þeirra eftir hverfum. Í því efni er mikilvægt að inntökuaðferðir skóla séu gagnsæjar og kynntar með aðgengilegum hætti fyrir almenning. Allar upplýsingar liggja fyrir og tekið fram að allir séu velkomnir og myndbirtingar og annað gefi þá mynd af starfsemi skólans.

- **Frelsi til að nýta úthlutað kennslumagn til að fjölga nemendum**

Frelsi til að nýta úthlutað kennslumagn með öðrum hætti en nú er tekið fram í reglum Reykjavíkurborgar um þjónustusamninga við tónlistarskóla:

„*Skólinn skal leitast við að kenna hverjum nemanda í fullu námi að jafnaði 35 klukkustundir á ári í aðalnámsgrein, auk hliðargreina, nema þeir skólar sem fengið hafa undanþágu, sbr. gr. 2.1.2 í kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og FÍH og FT.*“ Skilyrðið er að svigrúmið sé notað til að fjölga nemendum.

- **Skoða þarf 8. gr. í reglum Reykjavíkurborgar um þjónustusamninga við tónlistarskóla**

Skoða þarf hvort ástæða er til að vinna sérstaklega reglur um samninga vegna tónlistarnáms á efri stigum, þ.e. það nám sem fjármagnað er af ríki.

- **Samræming - aldursmörk**

Skoða þarf hvernig staðið verður að því að samræma hámarksaldur fastráðinna starfsmanna hjá Reykjavíkurborg og þeirra sem ráðnir eru hjá tónlistarskólum sem njóta framlags frá Reykjavíkurborg.

#### **IV. Kostnaðarmat**

Verið er að vinna kostnaðarmat vegna samninga um neðri stig. Skipting fjárframlaga Jöfnunarsjóðs vegna kennslu á efri stigum byggir á upplýsingum frá skólum og er unnin um leið og upplýsingar hafa borist frá Jöfnunarsjóði. Gert er ráð fyrir að upplýsingarnar um áætlaðar fjárhæðir verði lagðar fram við meðferð málsins í skóla- og frístundaráði þann 14. september nk.

#### **V. Ferill málsins**

Verði framangreind tillaga samþykkt er gert ráð fyrir að á fundi skóla- og frístundaráðs þann 14. september nk. verði lögð fram drög að breytingum á reglum um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla auk draga að samningum við hlutaðeigandi skóla.

Verður þá lagt til að sviðsstjóra verði falið að kynna tónlistarskólum drögin og fá fram sjónarmið þeirra.

Málið verði lagt fram til afgreiðslu í skóla- og frístundaráði þann 12. október 2016. Málið þarf jafnframt að fá afgreiðslu borgarráðs. Að samþykki fengnu fer fram undirritun samninga.



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 13. desember 2016  
SFS2016080106  
110. fundur / fskj. 1/8  
HG/sb

## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

***Efni: Drög að nýjum reglum um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla og drög að samningum vegna neðri og efri stiga tónlistarnáms.***

Á 103. fundi skóla- og frístundaráðs þann 24. ágúst 2016 var sviðsstjóra falið að leggja fram drög að breytingum á reglum um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla auk draga að samningi. Sviðsstjóra verði jafnframt falið að tilkynna tónlistarskólum sem njóta framlags frá Reykjavíkurborg um að nú standi yfir endurskoðun og undirbúningur að gerð nýrra reglna og samninga við tónlistarskólana vegna framlaga til þeirra.

Um forsögu málsins og tillögur um helstu breytingar er vísað til minnisblaðs sviðsstjóra, dags. 22. ágúst 2016.

### **I Almennt um breytingarnar**

Lagt er til að í stað þess að núgildandi reglum verði breytt verði þær felldar úr gildi og nýjar reglur samþykktar.

Reglur um þjónustusamninga taki annarsvegar til þjónustusamninga og úthlutana fjármuna Reykjavíkurborgar og hinsvegar til þjónustusamninga og greiðslu stuðningsframlags Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Lagt er til að gerðir verði tveir samningar við tónlistarskóla þegar við á, annarsvegar um kennslu á neðri stigum og hinsvegar um kennslu á efri stigum náms sem fellur undir samkomulag um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms, dags. 13. apríl 2016. Fjórtán skólar í Reykjavík hafa að jafnaði kennt á efri stigum undanfarin ár, en sex skólar kenna þó megnið af kennslumagninu. Tveir þeirra munu færast undir ríkið sem nýr skóli vegna kennslu á efri stigum.

### **II Yfirlit yfir breytingar**

#### **Lengd samninga**

Lagt er til að samningar taki gildi frá og með 1. september 2016 og gildi til 31. ágúst 2017. Í samningum komi bráðabirgðaákvæði er kveði á um uppgjör aðila vegna þessa tíma sem liðinn er með þeim hætti að um greiðslu framlags vegna tímabilsins 1. september 2016 til 31. desember 2016 fari fram með þeim hætti að nýr samningur verði lagður til grundvallar.

Rökkin fyrir stuttum gildistíma eru þau að breytingar á kerfinu ( nýr listframhaldsskóli ) gefa tilefni til að semja til skamms tíma þannig að hægt sé að bæði hvetja til og opna á frekari aðlögun og viðbrögð við þeim. Áhersla borgarinnar á góða nýtingu kennslumagns veldur meðal annars því að skólar verða hvattir til að skoða á tímabilinu möguleika á stækkun rekstrareininga eða sameiningu skóla.

Óbreytt er sú regla tónlistarskóli þarf að jafnaði hafa a.m.k. 150 nemendur, óháð lögheimili, sem stunda nám til viðurkenndra áfangaprófa samkvæmt aðalnámskrá tónlistarskóla. Gerð er sú breyting að tónlistarskólar sem ekki uppfylla framangreint skilyrði um fjölda nemenda geta sótt um undanþágu til þriggja ára að hámarki til skóla- og frístundaráðs Reykjavíkurborgar. Skilyrði slíkrar undanþágu er að um sé að ræða borgarhluta sem skortir slíka þjónustu eða fá tækifæri eru til tónlistarnáms, um sé að ræða sérhæft tónlistarnám, nýjungar í starfi eða faglega þróun sem talin er þörf á að styrkja, s.s. fyrir nemendur sem þurfa sérstakan stuðning. Nýtt er að „sérhæft tónlistarnám“ geti leitt til undanþágu.

Lagt er til að sett verði bráðabirgðaákvæði sem kveður á um að tónlistarskóli, vegna skólaársins 2016-2017 þurfi ekki að sækja um undanþágu frá þeirri reglu að tónlistarskóli skuli að jafnaði hafa a.m.k. 150 nemendur, óháð lögheimili, sem stunda nám til viðurkenndra áfangaprófa samkvæmt aðalnámskrá tónlistarskóla.

### **Rekstrarhæfi tónlistarskóla**

Í gr. 1.1.4 í reglum um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla er sett ákvæðu um að Reykjavíkurborg áskilji sér rétt til að ganga úr skugga um rekstrarhæfi tónlistarskóla áður en þjónustusamningur er gerður við skólann og hvenær sem er eftir að slíkur samningur hefur verið gerður ef málefnalegar ástæður eru fyrir hendi. Ef vafi leikur á um rekstrarhæfi tónlistarskóla er Reykjavíkurborg heimilt að hafna samningsgerð við skólann eða eftir atvikum að segja upp gildandi samningi.

### **Samræming ársreikninga – tímabil, sundurliðanir og skil**

Í minnisblaði sviðsstjóra, dags. 22. ágúst 2016, kom fram að undanfarin ár hafi verið miklum erfiðleikum bundið að fá heildaryfirlit yfir stöðu tónlistarskóla í borginni. Niðurstaða skoðunar var sú að fresta breytingum á uppgjörstímabili og er ákvæði því hvað það varðar óbreytt.

Gerð er sú breyting að gerð er krafa um endurskoðaðan ársreikning auk skýrslu stjórnar í stað ársreiknings áður, sjá gr. 11.4.

Gerð er sú breyting að fram kemur að tónlistarskóli skuli gera starfsáætlun samkvæmt leiðbeiningum skóla- og frístundasviðs, sjá gr. 11.1, auk þess sem fram kemur að

tónlistarskóla ber að afhenda þegar eftir því er óskað yfirliti yfir kennara og stjórnendur skólans þar sem m.a. koma fram upplýsingar um laun og kennslu hvers og eins, sjá gr. 11.2.

### **Jafnræði og gagnsæi**

Í 10. gr. draga að reglum um þjónustusamninga er nú kveðið á um að umsókn um nám í tónlistarskóla fari fram í miðlægu innritunarkerfi Reykjavíkurborgar. Fram kemur í gr. 10.2 að tónlistarskóli skuli setja sér inntökureglur og birta á heimasíðu sinni. Tónlistarskóli skuli gæta jafnræðis við inntöku nemenda og skulu aðferðir skólans við mat á umsækjendum vera gagnsæjar og aðgengilegar almenningi á heimasíðu skólans. Tekið er fram að kostnaður vegna námsins skuli tilgreindur með skýrum og aðgengilegum hætti og vera umsækjendum um nám ljós áður en þeir senda inn umsókn sína.

### **Heimild til að sækja um breytingu á nýtingu úthlutaðs kennslumagns**

Í 6. gr. draga að reglum um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla er fjallað um skilyrði kennslu og kennslumagn á neðri stigum tónlistarnáms. Fram kemur m.a. sú meginregla að tónlistarskóli skuli leitast við að kenna hverjum nemanda í fullu námi að jafnaði eina klukkustund á viku í aðalnámsgrein, auk hliðargreina, á starfstíma tónlistarskólans samkvæmt kjarasamningi.

Til að auka möguleika skóla til að nýta úthlutað kennslumagn með fjölbreytilegri hætti kemur nú fram í gr. 6.1.3 kemur fram að tónlistarskóla sé heimilt að sækja um að fjárframlög úr borgarsjóði vegna samþykks kennslumagns á neðri stigum tónlistarnáms verði nýtt með öðrum hætti en fram kemur í gr. 6.1.1, en þó aðeins þannig að breytingin leiði til fjölgunar nemenda, enda fái hver nemandi a.m.k. eina klukkustund á viku í aðalnámsgrein sinni þar sem kennsla fer fram í smærri eða stærri hópum. Skólinn skal gera grein fyrir nýtingu fjármagns á grundvelli breytts fyrirkomulags kennslu og áhrifum þess í starfsáætlun og greinargerð.

### **Samræming - aldursmörk**

Í gr. 4.12 reglna um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla kemur fram að ekki er greitt aukaframlag vegna viðbótarlaunakostnaðar vegna langtímaveikinda tónlistarkennara sem náð hafa 70 ára aldri.

Framangreint er til samræmis við það sem gildir fyrir starfsmenn sveitarfélaga.

### **IV. Kostnaðarmat**

Áætlaðar heildargreiðslur til tónlistarskóla vegna umsamins kennslumagns í samningum vegna efri stiga er kr. 268 m.kr.


Áætlaðar heildargreiðslur til tónlistarskóla vegna umsamins kennslumagns í samningum vegna neðri stigs er kr. 806 m.kr.



Nánar verður farið yfir upphæðir á fundinum og gerð stuttlega grein fyrir útreikningum, veikindasjóði vegna neðri stiga, óúthlutuðum stundum og fleiru sem áhrif hefur á endanlegar fjárhæðir vegna málaflokksins.

#### **V. Ferill málsins**

Lagt er til að samþykkt verði að vísa drögum að reglum um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar og drögum að samningum vegna neðri og efri stiga til umsagnar til tónlistarskóla í Reykjavík, Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 11. janúar 2017 verði drög að reglum og samningum að teknu tilliti til fram kominna athugasemda lögð fram að nýju. Að afgreiðslu skóla- og frístundaráðs lokinni verði drögum að reglum og samningum vísað til borgarráðs til samþykktar. Nýir samningar við tónlistarskóla verði lagðir fram til undirritunar að lokinni samþykkt borgarráðs í janúar 2017.



## Minnisblað

Móttakandi: Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar Dags.: 5. janúar 2017

Sendandi: Guðjón Bragason, sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga Málsnr.: 1612052SA

Málalykill: 00.64

### Efni: Minnisatriði vegna umsagnarbeiðni um reglur um þjónustusamninga við tónlistarskóla

Vísað er til erindis frá Reykjavíkurborg, dags. 19. desember 2016, þar sem óskað er eftir umsögn um drög að nýjum reglum um þjónustusamninga við tónlistarskóla ásamt drögum að þjónustusamningum vegna neðri og efri stiga tónlistarnáms. Jafnframt er óskað eftir umsögnum frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og tónlistarskólum í Reykjavík.

Eins og kunnugt er hefur sambandið um langt skeið unnið að því að skýra verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga gagnvart tónlistarnámi. Samkomulag sem gert var árið 2011 um aðkomu ríkisins að fjármögnun tónlistarnáms á framhaldsstigi reyndist haldið ákveðnum annmörkum. Þar má m.a. nefna að stjórnþæki skorti til þess að stýra fjölda nemenda sem innritast á framhaldsstigi í tónlistarskólum. Þannig fjölgaði nemendum á framhaldsstigi umtalsvert á milli árána 2011 og 2014, sem aftur leiddi til þess að framlag ríkisins til kennslu pr. nemanda varð umtalsvert lægra en að var stefnt í upphafi. Afleiðing þessa var verulegur hallarekstur nokkurra tónlistarskóla. sem vonandi hefur tekist að leysa úr með markvissum aðgerðum á undanförunum árum.

Við gerð nýs samkomulags milli ríkis og sveitarfélaga, sem undirritað var árið 2016, var reynt að bæta úr helstu annmörkum á fyrra samkomulagi. Eitt þeirra atriða sem lögð var áhersla á er að gerðir verði samningar milli sveitarfélaga og rekstraraðila tónlistarskóla sem bjóða upp á nám á framhaldsstigi, til að stýra aðgengi að námi og nýtingu kennslumagns. Það er því fagnaðarefni að nú liggi fyrir drög að reglum og þjónustusamningum.

### Ábendingar um fyrirliggjandi drög

Varðandi ábendingar við fyrirliggjandi drög skal tekið fram að undirritaður átti í desember sl. fund með sérfræðingum borgarinnar þar sem settar voru fram nokkrar ábendingar um efni þeirra. Tekið hefur verið tillit til þeirra ábendinga að miklu leyti.

Jafnframt skal tekið fram að undirritaður telur ekki vera tilefni til athugasemda við þá umgjörð sem sett er í drögum að reglum varðandi kennslu og kennslumagn á efri stigum tónlistarnáms, sbr. 7. gr. reglnanna. Sama á við um ákvæði reglnanna um eftirlit og vanefndaúrræði, sbr. 11. og 14.

gr. Þá telur undirritaður ekki vera tilefni til frekari athugasemda við drög að þjónustusamningum milli borgarinnar og tónlistarskóla.

Almennt hefur undirritaður áður lýst þeirri skoðun að drögin að reglum um gerð þjónustusamninga séu mögulega full ítarleg og hefði verið hægt í þeim að kveða meira á um hvaða atriði eigi að koma fram í þjónustusamningi, frekar en að setja fram nákvæm fyrirmæli um einstök atriði. Þar sem nú er miðað við að þjónustusamningar verði gerðir til eins árs mætti huga nánar að þessu atriði þegar kemur að endurskoðun reglnanna og gerð nýrra þjónustusamninga.

Til lengri tíma litið getur jafnframt verið ástæða til þess að leita leiða, í samvinnu við stjórnendur tónlistarskólanna, til þess að einfalda kröfur um upplýsingagjöf, sem geta kallað á töluverða skrifinnsku. Eðlilegt er að kröfur um upplýsingagjöf byggist á stöðlun þegar við á, eins og mun raunar tíðkast í framkvæmd hjá borginni, t.d. varðandi fjárhagsáætlanir tónlistarskóla.

GB

## Innanríkisráðuneytið

### Minnisblað

Viðtakandi:  
Sendandi: **Bergur Sigurjónsson**  
Dagsetning: **05.01.2017**  
Málsnúmer: **IRR16120201**  
Bréfalykill:  
Tilgangur:  Til ákvörðunar  Til upplýsingar  
 Til undirritunar  Skv. beiðni ráðherra

Efni: Þjónustusamningar við tónlistarskóla - drög til umsagnar - 2016  
Reykjavíkurborg

Vegna beiðni Reykjavíkurborgar um umsögn vegna reglna um þjónustusamninga við tónlistarskóla.

Hlutverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á þessu sviði er að útteila framlögum til eflingar tónlistarnámi og jöfnunar á aðstöðumun nemenda, en til þess fær Jöfnunarsjóður styrktarframlag úr ríkissjóði sbr. samkomulag ríkis og sveitarfélaga frá 13. apríl 2016. Reglur um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til stuðnings við tónlistarnám og jöfnunar á aðstöðumun nemenda liggja til grundvallar útteilingar framlaganna og í þeim kemur fram hvernig sveitarfélög skuli sækja um framlög til sjóðsins.

Í samkomulagi ríkis og sveitarfélaga kemur fram í 2.gr. að sveitarfélög skuli tryggja að framlag skv. 1.mgr. renni til kennslu þeirra nemenda sem innritaðir eru í viðurkennda tónlistarskóla án tillits til búsetu og uppfylla nánari skilyrði sem sett verða í lögum um tónlistarskóla. Sveitarfélög skuli jafnframt tryggja að nemendur sem njóta framlags greiði ekki annað en skólagjöld til viðkomandi tónlistarskóla. Sveitarfélög skulu stýra aðgengi að náminu og nýtingu kennslumagns með gerð þjónustusamninga við þá tónlistarskóla sem ekki eru reknir af sveitarfélögum. Hlutverk Jöfnunarsjóðs er því að taka við þeim upplýsingum sem sveitarfélögin hafa yfirfarið þannig að þær séu skv. samkomulagi ríkis og sveitarfélaga.

Ekki verður séð að fyrirliggjandi drög að þjónustusamningum Reykjavíkurborgar stangist á við reglur Jöfnunarsjóðs um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til stuðnings við tónlistarnám og jöfnunar á aðstöðumun nemenda. Rétt er þó að taka fram að þegar kemur að faglegum ramma tónlistarskólanna teljum við að fagraðuneytið sem fer með mál tónlistarskóla þ.e. mennta- og menningarmálaráðuneytið sé betur í stakk búið til þess að meta áhrif á störf tónlistarskóla.

Undirritaður hefur farið yfir og kynnt sér drög að nýjum reglum um þjónustusamninga við tónlistarskóla.

Í stuttu máli er hægt að segja að reglurnar séu afskaplega einhliða og lýsa miklu vantrausti og tortryggni í garð eigenda og stjórnenda þeirra er að koma að rekstri tónlistarskóla í Reykjavík. Má þar nefna að í drögunum er ítrekað undirstrikað eftirfarandi:

- *Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að ganga úr skugga um rekstrarhæfi tónlistarskóla áður en þjónustusamningur er gerður við skólann og hvenær sem er eftir að slíkur samningur hefur verið gerður ef málefnalegar ástæður eru fyrir hendi. Ef vafi leikur á um rekstrarhæfi tónlistarskóla er Reykjavíkurborg heimilt að hafna sammingsgerð við skólann eða eftir atvikum að segja upp gildandi samningi.*
- *Tónlistarskóli skal skila í árlegri greinargerð yfirliti um eigin hljóðfæra- eða tölvunotkun tónlistarkennara.*
- *Tónlistarskóli skal gera starfsáætlun samkvæmt leiðbeiningum skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og senda Reykjavíkurborg eigi síðar en 1. júlí ár hvert.*
- *11.2 Tónlistarskóla ber að beiðni skóla- og frístundasviðs að afhenda þegar eftir því er óskað yfirliti yfir kennara og stjórnendur skólans þar sem m.a. komi fram upplýsingar um laun og kennslu hvers og eins.*
- *11.3 Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur er heimilt að krefja tónlistarskóla um fjárhagsáætlun fyrir tiltekið tímabil samkvæmt leiðbeiningum Reykjavíkurborgar.*
- *Tónlistarskóli sendir skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar endurskoðaðan ársreikning sem gerður er í samræmi við lög um ársreikninga og góða reiknisskilavenju auk skýrslu stjórnar að jafnaði 1. júní ár hvert.*
- *11.5 Tónlistarskóli skal skila greinargerð til skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar um starfsemi síðasta skólaárs fyrir 1. júlí árlega.*
- *Tónlistarskóli skal skila til skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar upplýsingum um kennslu og nýtingu kennslumagns á efri stigum tónlistarnáms vegna yfirstandandi skólaárs á viðeigandi eyðublaði fyrir 1. mars ár hvert.*
- *11.7 Reykjavíkurborg getur hvenær sem er látið gera stjórnýsluúttekt á tónlistarskólum.*
- *14.1 Ef rökstuddur grunur er um að tónlistarskóli standist ekki kröfur sem gerðar eru í lögum nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla getur skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar stöðvað greiðslur og farið fram á endurstaðfestingu mennta- og menningarmálaráðuneytis.*
- *14.2 Berist endurskoðaður ársreikningur tónlistarskóla ekki á tilsettum tíma, sbr. gr. 11.4 í reglum þessum, getur skóla- og frístundasvið stöðvað greiðslur til skólans.*
- *14.3 Komi í ljós að skóla- og frístundasvið hafi ofgreitt framlag til tónlistarskóla af einhverjum ástæðum, t.d. vegna rangra upplýsinga eða mistaka mun skóla- og frístundasvið lækka framlag til skólans við næstu greiðslu sem því nemur eða krefjast endurgreiðslu.*
- *14.4 Komi til vanefnda á þjónustusamningi er heimilt að grípa til hefðbundinna vanefndaúrræða. Sé um verulega vanefnd að ræða er heimilt að grípa til riftunar*

Þá er rétt að benda á að R.borg gerir kröfur þessu til viðbótar:

- 12.1 Stjórn/skólanefnd ræður skólastjóra tónlistarskóla.
- 12.2 Menntun skólastjóra skal vera tónlistarskólakennari III samkvæmt kjarasamningum

*við tónlistarkennara hið minnsta og framhaldsmenntun á sviði tónlistar eða stjórnunar er æskileg.*

- *12.3 Alla jafna er gert ráð fyrir því að starf skólastjóra sé fullt starf.*
- *12.4 Minnst 80% kennara í hverjum tónlistarskóla skulu hafa réttindi tónlistarskólakennara III samkvæmt kjarasamningum við tónlistarkennara.*

Þrátt fyrir þessar ítarlegu varúðarreglur og skilyrði fyrir afhendingu rekstrarstyrks þá kemur þessi gullvæga setning:


***4.1 Reykjavíkurborg ber hvorki lagalega né fjárhagslega ábyrgð á rekstri þeirra tónlistarskóla sem gert hafa þjónustusamning við Reykjavíkurborg***

Undirritaður vill benda á að það sé eðlilegt að kalla eftir skýrslum og greinargerðum um starf stofnana sem R.borg gerir þjónustusamninga við. En þau drög sem liggja nú fyrir einkennast af því að borgaryfirvöld ætli sér í þessum málaflokk að hafa bæði belti, axlarbönd og risastórt flotholt. Undirritaður getur fullyrt það að nær allar þær stofnanir sem hafa með rekstur tónlistarskóla að gera og borgin hefur gert samninga við á undanförunum árum vinna að kostgæfni að tónlistarmenntun borgarbúa og hafa náð verulegum árangri í gegnum tíðina. Stjórnendur skólanna eru yfirhöfuð vel menntaðir og það á við kennara einnig. Kannanir sem gerðar hafa verið á vegum borgarinnar sýna að það ríkir veruleg ánægja með þennan málaflokk. Þrátt fyrir þennan árangur hafa borgaryfirvöld þrengt að rekstri þessara stofnana sem endurspeglast í minnkandi framlögum ár hvert og neikvæðum viðhorfum. Allt innra starf tónlistarskólanna í Reykjavík endurspeglar mikinn metnað og umhyggju fyrir nemendum sínum og sá árangur sem náðst hefur í tónlistarmenntun borgarbúa er því fyrst og fremst að þakka því. Reykjavíkurborg nýtur uppskerunnar alla daga ársins og fyrir allan peninginn.

Því leggur undirritaður til að borgaryfirvöld endurskoði og umorði reglur sínar þar sem frekara jafnræðis verði gætt á milli aðila hvað varðar ábyrgð og skyldur. Sá tónn sem hefur verið sleginn í samstarfi borgarinnar og tónlistarskólanna í Reykjavík undanfarna áratugi er neikvæður og er rétt að nota tækifærið á þessum tímapunkti að umorða og endurskoða til betri vegar svo samhljómurinn verði hreinn. Horfum til framtíðar og vinnum saman.

Með bestu kveðju.

Björn Th. Árnason skólastjóri Tónlistarskóla FÍH



Dags. 4. janúar 2017

## Fyrirspurn frá Tónskóla Hörpunnar varðandi þjónustusamning

### Reykjavíkurborgar við Tónlistarskóla í Reykjavík

Með vísan í greinar nr. 4.7- 6.1.1 -8.1 og 1. gr. laga nr. 75/1985

Niðurstaðan miðuð við ofangreint er þessi:

*Tónlistarskóli þarf að hafa að jafnaði 150 nemendur í skólanum, á meðan kveðið er á um 30 nemendur í lögum. Leitast við að hver nemandi í fullu námi fái 1. klst. á viku í aðalnámsgrein, auk hliðargreina. Hann má ekki nýta námsgjöld til annars en reksturs ( sem sagt ekki til launagreiðslna ).*

**Tónskóli Hörpunnar er með fjárframlag sem svarar til 68 nemendastunda.**

**Hvernig á þetta að ganga upp?**

**Ef Reykjavíkurborg ætlar að setja skilyrði um ákveðinn nemendafjölda verður hún þá ekki að tryggja Tónlistarskólunum fjárframlag sem því nemur?**

Reykjavík 05.01 2017

Til skóla og frístundasviðs Reykjavíkur

Stjórn samtaka tónlistarskóla vill með þessu bréfi senda nokkrar ábendingar, spurningar og tillögur til skóla og frístundasviðs vegna nýrra þjónustusamninga og nýrra reglna sem Reykjavík sendi skólustjórum tónlistarskóla til umsagnar nú í desember. Við viljum koma á framfæri óánægju með að ekki hefur verið brugðist við fundarbeiðnum okkar í allt haust, þrátt fyrir ítrekaða beiðni um fund með sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs og formanni skóla- og frístundaráðs. Stjórn STÍR hefur ítrekað beiðni um að fá að koma að stefnumótum borgarinnar varðandi tónlistarskóla en ekki hefur verið orðið við þeirri ósk. Loks þegar drög að þjónustusamningum voru send skólunum var mjög knappur tími gefinn til þess að bregðast við þeim og senda umsagnir og ábendingar vegna þeirra. Nú er langt liðið á skólaárið og drögin sem nú liggja fyrir eru einungis drög að þjónustusamningi fyrir þennan vetur. Við viljum gera þá tillögu að í stað þess að hlaupa til að gera þjónustusamning fyrir þetta skólaár sem er nú langt liðið á verði unnið að því að gera samning fyrir næsta skóla ár, og að það verði samningur til lengri tíma. Sá samningur yrði að vera tilbúinn ekki síðar en í mars/apríl svo að skólarnir geti gert áætlanir tímanlega fyrir næsta skólaár eins og eðlilegt er.

Hér sendum við nokkrar ábendingar varðandi nýjar reglur um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla:

Í grein 1.2 er talað er um að nemendur stundi nám í miðstigi og framhaldsstigi, þessi málnotkun kemur víða fram í skjalinu en í Aðalnámskrá tónlistarskóla er iðulega talað um miðnám og framhaldsnám. Við teljum eðlilegt að nota þau hugtök frekar en að stunda nám í stigi.

Í grein 1.3.3 kemur fram að áður en þjónustusamningur er gerður þurfi að liggja fyrir fjárhagsáætlun skóla til þriggja ára. Í tengslum við þetta bendum við á að erfitt er að gera áætlanir svo langt fram í tímann þar sem nemendafjöldi er breytilegur. Jafnframt er fjárhagsáætlun ætíð háð framlögum Reykjavíkurborgar og jöfnunarsjóðs.

Í grein 1.3.4 áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að ganga úr skugga um rekstrarhæfi tónlistarskóla og ef vafi leikur á rekstrarhæfi hefur hún rétt á að hafna samningsgerð og segja upp gildandi samningi. Í þessu samhengi er rétt að benda á að rekstrarerfiðleikar tónlistarskóla í Reykjavík á síðustu árum tengjast vanfjármögnun Reykjavíkur á tónlistarnámi, jafnvel þó tónlistarnemendum hafi fækkað mikið í borginni. Rekstrarhæfi skólanna hangir saman við fjármögnun borgarinnar á náminu. Það er rétt að benda á að á síðustu árum hafa margir skólar neyðst til að nota hluta af skólagjöldum til að greiða fyrir kennslukostnað þó að samkvæmt lögum og reglum þessum sé það óheimilt. Rétt er að undirstrika að einu breytunar sem skipta máli varðandi rekstarhæfi tónlistarskóla eru nemendafjöldi og fjármögnun opinberra aðila.

Í grein 2.4 er talað um nemendastundir sem eru umreiknaðar yfir í kennslustundir í grunnnámi. Af hverju er þessi stuðull notaður og af hverju er nauðsynlegt að umreikna kennslustundir yfir í kennslustundir í grunnnámi?

Í grein 3.1.1 er talað um faglegt, vel skipulagt og fjölbreytt nám. Vildum benda á að eðlilegt væri að fyrst í upptalningunni kæmi gott tónlistarnám.



Í grein 4.2 er talað um að heimilt sé að taka tillit til gildandi úthlutana við úthlutun fjármagns til tónlistarskóla. Við viljum leggja til að notað sé orðalagið „Alla jafna er tekið tillit til gildandi úthlutana.“ Í þessu samhengi er mikilvægt að ef gera á breytingar á framlögum, hvort sem það er að draga úr framlögum eða auka þá verði skólarnir látnir vita af þessum breytingum með góðum fyrirvara. Stöðugleiki í rekstri skiptir skólana miklu - og þar ræður fjármögnun Reykjavíkurborgar mestu.

Grein 4.10. Leggjum til að þessi grein sé tekin út úr reglunum, viðbótarstjórnunarkostnaður er á ábyrgðs skólanna sjálfra.

Grein 4.11 er að okkar mati óþörf þar sem gert er grein fyrir hljóðfæragejald í kjarasamningum og óþarfi að taka það fram í þessum reglum. Skólarnir fylgja kjarasamningum hvaða þetta varðar og óþarfi að senda inn sérstaka beiðni um þetta þar sem um kjarasamningsbundin réttindi er að ræða. Greinin sýnir vantraust og kallar á óþarfa vinnu.

Í grein 4.12 stendur skrifað að skólunum sé heimilt að sækja um aukaframlag vegna viðbótarlaunakostnaðar skóla vegna langtímaveikinda. Þetta ættu að vera sjálfsgöð réttindi skólanna þar sem þeir eru bundnir af kjarasamningum og skuldbindingum sínum gagnvart nemendum. Margir skólar hafa lent í vandræðum þegar þeir hafa sótt um þennan viðbótarlaunakostnað og það hefur tekið langan tíma að fá hann greiddan. Mikilvægt er að verkferlar í kring um þessa grein séu skýrir og að skólarnir geti treyst því að fá þennan launakostnað greiddan ef að kennari á við langtímaveikindi að stríða. Reykjavíkurborg ber að fara eftir kjarasamningum og skólarnir eiga ekki að þurfa að fara bónveg til borgarinnar til að fá þennan sjálfsagða og umsamda kostnað greiddan.

Í grein 6.1.1 þyrfti að koma fram hvernig skólarnir fá úthlutað vegna kennslu í aukagreinum. Hér væri gott að skilgreina það og tryggja að sú úthlutun geri skólunum kleift að uppfylla skilyrði Aðalnámskrár tónlistarskóla.

Í grein 6.1.4 er lögð áhersla á að tónlistarskólar leiti eftir samstarfi við grunnskóla Reykjavíkurborgar um kennslu yngri nemenda. Í þessu samhengi er mikilvægt að tryggja að ef tónlistarkennsla fer fram í grunnskóla að aðstæður séu góðar til tónlistarkennslu, en það er ekki alltaf tilfellið. Í tónlistarskólum eru sérhæfðar aðstæður til tónlistarkennslu og ekki er æskilegt að færa þá kennslu inn í grunnskólana ef ekki eru viðunandi aðstæður til kennslu. Þetta ákvæði er að sjálfsgöðu háð samstarfsvilja af hálfu grunnskólanna.

8.5. Þessi grein er óþörf að okkar mati enda fylgja skólarnir Aðalnámskrá tónlistarskóla og þeim kröfum sem gerðar eru í henni.

Í grein 10.2 Við teljum að þessari grein sé einnig ofaukið í reglunum. Skólarnir setja sér ólíkar áherslur sem byggjast meðal annars á aldri og hæfni nemenda. Ef að þessi grein er áfram í reglum þessum væri gott að skilgrein hvað er átt við með að gæta skuli jafnræðis við inntöku nemenda. Eðlilegt er að skólar sem sérhæfa sig öðru fremur í framhaldsnámi taki inn á forsendum inntökuprófa en öðru máli gegnir um forskóla eða skóla sem sérhæfa sig í kennslu á neðri stigum.

Í grein 12.3 kemur fram að gert sé ráð fyrir að starf skólustjóra sé fullt starf. Af hverju er þetta hér í þessum reglum? Það er auðvitað sjálfgefið að starf skólustjóra er fullt starf, en kennsluskylda hans veltur á stærð skóla samkvæmt kjarasamningum. Leggjum til að þessi grein verði tekin út.

Í grein 14.4 er talað um vanefndir. Það er eðlilegt að þar sé talað um vanefndir beggja aðila en hér sýnist okkur að aðeins sé rætt um vanefndir skóla en ekki Reykjavíkurborgar. Væri ekki rétt að tilgreina hvernig farið skal að ef Reykjavíkurborg vangreiðir? Hvernig verður það bætt upp? Á hve löngum tíma?

Ábendingar þessar snúa að reglum um þjónustusamninga en eiga að sjálfsögðu einnig við samningana sjálfa sem endurspeglar reglurnar.

Okkur þykir miður að tónninn í reglunum er fremur einhliða og neikvæður; virðist hafa að aðalmarkmiði að tryggja hagsmuni, rétt og vald Reykjavíkurborgar í bak og fyrir þó að um leið sé afar skýrt tekið fram að Reykjavíkurborg beri enga ábyrgð á skólunum. Í sumum greinum örlar á tortryggni og vantrausti í garð skólanna. Skyldur Reykjavíkurborgar virðast engar aðrar en að leggja fram fé - það sem borginni hentar hverju sinni. Því miður fer lítið fyrir ástríðu fyrir málefnum, umhyggju fyrir nemendum, velferð starfsfólks og stofnana. Það er einlæg ósk okkar að það verði haft samráð við skólana og Samtök tónlistarskóla í borginni í framtíðinni. Það er lykilatriði til þess að samvinna skólanna við borgina geti verið góð og þjónað hagsmunum nemenda á sem bestan hátt.

Með vinsemd og virðingu

Stjórn Samtaka tónlistarskóla í Reykjavík

Freyja Gunnlaugsdóttir, formaður

Edda Borg Ólafsdóttir, gjaldkeri

Sigurður Flosason, ritari

Umsögn um drög að nýjum reglum um þjónustusamninga við tónlistarskóla og drög að samningum vegna neðri og efri stiga.

Góðan dag.

Eftir að hafa lesið vandlega drög að reglum um þjónustsamninga við tónlistararskóla sem stendur til að undirrita tel ég í megindráttum þessar reglur vera alveg ágætar. Ég vil byrja á að minna á aukin gæði skólans og þeim mikla áhuga á okkar starfi sem við finnum fyrir. Það er mikið hringt og mikið spurt um pláss í skólanum. Sem dæmi um gæði má nefna að á jólatlónleikum sem voru haldnir í Bústaðakirkju í desember 2016 léku 34 börn undir 17 ára aldri ( varla helmingur skólans ) og öll úr Reykjavík ( nema eitt ) einleik á píanó og stóðu sig frábærlega. Börnin voru búin að æfa af kappi og mættu í fínunum fötum. Faðir eins barn sem er í skólanum og er læknir lét þessi orð falla: 'Þetta var svo fallegt að ég táraðist.' Það er á svona stundum sem við fyllumst stolti yfir því sem við störfum við. Við, fullorðna fólkið, kennarar, stjórnendur, skólayfirvöld og stjórnálamenn berum vissulega mikla ábyrgð þegar kemur að krónum, aurum og hvernig þeim er varið. Útreikningum. En við megum ekki missa sjónar af því sem skiptir mestu máli, velferð barnanna. Tölfræðilega er skólinn á uppleið. Nú í desember fóru fram í skólanum 4 grunnpróf á vegum prófanefndar tónlistarskóla. Hæstu einkunn sem hefur verð gefin frá stofnun skólans á grunnprófi og jafnframt þriðja hæsta einkunn allra prófa við skólann hlaut 12 ára stúlka sem fékk 9,5. Hæstu einkunn á grunn- prófi frá stofnun skólans miðað við aldur hlaut stúlka nýorðin 11 ára sem fékk 9.1. Hinir fengu mjög nálægt 9.00. Þeir sem til þekkja vita að þetta eru mjög háar einkunnir. Við erum þó ekki að reyna að búa til undrabörn sérstaklega heldur höfða til margra þátta. Við kennum eftir Aðalnámsskrá tónlistarskóla. Við höfum þó með góðum árangri kennt sem viðbót í námi í sumum tilfellum eftir eyranu, hljómsetja eða leyft börnunum að leika kvikmynda og söngleikja lög. Sumir nemendur hafa náð betri árangri í nótnalestri með því að fá að spila lög úr uppáhalds tölvuleikjunum sínum eftir nótum o,s.fr. Við reynum að fanga athygli og áhuga nemenda til þess að ná árangri. Ánægjulegt er að „sérhæft tónlistarnám“ geti leitt til undanþágu frá reglunni um 150 nemendur. Píanóskóli Þorsteins Gauta er mjög sérhæfður skóli þar sem hann kennir aðeins á eitt hljóðfæri. Við munum því væntanlega sækja um þessa undanþágu. Til að setja

Það í samhengi þá er grunnskóli eins og Vogaskóli með um 300 nemendur. Einn þekktasti tónlistarskóli í heimi, The Juilliard School of Music í New York þar sem undirritaður lærði er með 200-250 píanónemendur sem koma frá 40 þjóðlöndum. Starf tónlistarskólustjóra er nokkuð flókið og viðamikil. Það þarf að hafa mikil samskipti við foreldra og nemendur á degi hverjum og ýmis vandamál geta komið upp. Við reynum að vanda okkur á hverjum degi. Flækjustigið er stundum mjög hátt. Eins og hjá fleirum. Ég sem stjórnandi tónlistarskóla væri þakklátur ef hægt væri að einfalda skil á gögnum og hafa þau meira fyrirsjánleg. Þó þannig að allar upplýsingar komi fram. Einnig að skilafrestir væru stundum lengri. Píanóskóli Þorsteins Gauta verður 15 ára á árinu 2017. Ég hlakka til að halda áfram að sinna þessu ánægjulega en jafnframt erfiða og krefjandi starfi.

Takk fyrir

F.h.

Píanóskóla Þorsteins Gauta

Þorsteinn Gauti

Reykjavík 8. janúar 2017

## **Þjónustusamningar við tónlistarskóla**

### **Umsögn um drög að reglum um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla**

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur hefur óskað eftir umsögn um drög þess að *Reglum um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla* og drög að *Þjónustusamningum við tónlistarskóla*. Ósk um umsögn var send með bréfi 16. desember 2016 og var frestur til að skila umsögn upphaflega til 4. janúar 2017 en síðar lengdur til 9. janúar 2017. Með tilliti til þess að frestur þessi fellur saman við miklar annir hjá skólunum við tónleika o.fl. á adventu, hátíðisdaga um jól og áramót og upphaf skólastarfs á nýju ári hefur lítill tími verið til að gaumgæfa þessi mál sem þörf væri á og nær umsögn af þeim sökum ekki til allra þeirra atriða sem ástæða hefði verið til að fjalla um í henni.

Þjónustusamningar eru mikilvægir fyrir skólana ekki síst í þeim tilgangi að skapa þeim starfsöryggi og gera þeim kleift að skipuleggja starf sitt til lengri tíma. Hingað til hefur það gengið erfiðlega þar sem samningarnir hafa fyrst og fremst verið umgjörð um einhliða ákvarðanir borgarinnar um fjárframlög. Hefur lítið ánægja verið meðal skólanna um þetta fyrirkomulag og hvernig staðið hefur verið að samningsgerðinni, sem þær tillögur sem nú liggja fyrir virðast eiga að festa í sessi.

Síðast voru gerðir þjónustusamningar til þriggja ára haustið 2012 svo spyrja má hvort nú sé ekki tímabært og ráðrúm til að endurskoða þennan feril frá grunni, m.a. með hliðsjón af því að yfirstandandi skólaár er hálfnað og skipulagt til enda. Eftirfarandi ábendingar eru settar fram í þeirri von að þær gætu orðið að gagni við slíka endurskoðun.

#### ***Stjórnsýslulegar forsendur þjónustusamninga við tónlistarskóla.***

Sveitarfélög landsins eru það stjórnvald sem lögum samkvæmt fara með málefni tónlistarskóla að því er varðar fjárhagslegan stuðning við þá skv. lögum nr. 75/1985. Var sveitarfélögunum tryggt fjármagn til að sinna þessu verkefni á sínum tíma með aukinni hlutdeild útsvars í tekjuskattstofni, sem vaxið hefur í samræmi við breytingar á tekjum frá því að lögin tóku gildi. Auk þess var sveitarfélögum tryggt aukið framlag í þessum efnum með samkomulagi þeirra við ríkið *um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms*. Á sveitarfélögum hvílir því sú ábyrgð og skylda að sjá til þess að þessum fjármunum sé ráðstafað til tónlistarskólanna til þeirra verkefna sem lög inntaka og að hafa eftirlit með hagkvæmri nýtingu þeirra.

Sveitarfélögin hafa farið mismunandi leiðir í framkvæmd laganna. Flest sveitarfélög hafa kosið að reka eigin tónlistarskóla sem eru þá hluti af stjórnsýslu sveitarfélagsins og lúta þeim reglum sem um stofnanir sveitarfélaga gilda. Í öðrum tilvikum hafa sveitarfélögin veitt fé til tónlistarfræðslu til einkarekinna skóla og er stór hluti tónlistarskólakennsla í Reykjavík með þeim hætti. Tónlistarskólarnir í Reykjavík eru því sjálfstæðar einkaréttarlegar stofnanir sem reknar eru sem félög eða sjálfseignarstofnanir. Þær heyra ekki undir boðvald Reykjavíkurborgar og tekur stjórnsýsla borgarinnar ekki til þeirra.

#### ***Stjórnsýsluleg staða reglna um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla.***

Af framansögðu leiðir að reglur Reykjavíkurborgar um þjónustusamninga geta ekki að efni og formi beinst að tónlistarskólunum, sett þeim fyrir mæli eða skilyrði eða lagt á þau kvaðir. Til þess hefur Reykjavíkurborg ekki stjórnsýslulegt vald. Rammi samskipta borgarinnar og skólanna eru þjónustusamningarnir sjálfir sem geta kveðið á um skilyrði og kvaðir vegna þeirra verkefna sem skólarnir inna af hendi fyrir fé úr borgarsjóði.

Að sjálfsögðu er af hálfu skólanna ekkert nema gott um það að segja að Reykjavíkurborg setji sér, þ.e. deildum sínum, stofnunum og embættismönnum reglur í þessi tilvik um hvernig hún vill standa að því að rækja það hlutverk að styðja tónlistarnám í einkareknum skólum í samræmi við gildandi lög. Er lofsvert að slíkar reglur séu fyrir hendi og geta þær markað skýran feril fyrir ákvarðanir borgarinnar í þessum efnum og auðveldað samskipti hennar og tónlistarskólanna. Slíkar reglur þurfa, eins og almennt gildir um reglusetningu í opinberri stjórnsýslu, að byggjast á réttarheimildum og geta ekki lagt á þriðja aðila kvaðir eða skyldur eða haft áhrif á réttarstöðu hans.

#### ***Drög að reglum um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla***

Eins og að framan segir eru reglur um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar hluti af innri stjórnsýslu hennar og sem slíkar ekki á verksviði tónlistarskólanna þótt efni þeirra skipti þá máli og þakkarvert að þeir hafi tækifæri til að tjá sig um þær.

Við yfirferð fyrirliggjandi draga að slíkum reglum verður strax ljóst að þær eru að formi og efni ekki í samræmi við stjórnsýslulega stöðu þeirra. Að formi til eru reglurnar með blönduðum boðvalds- og náðarvaldsbrag sem ekki ætti að sjást á prenti um aldarfjórðungi eftir að stjórnsýslulög voru sett hér á landi. Má í því efni benda á greinar: 4.6, 4.7, 4.9, 4.12, 6.1.3, 8.3, 10.2, 11.2, 11.7 og margar fleiri. Sum þessara atriða eiga þó efnislega fullan rétt á sér með eðlilegri framsetningu eða í þjónustusamningi. Að efni koma fram í reglunum atriði sem engin réttarheimild stendur til eða beinlínis eru í andstöðu við lög, sjá greinar: 4.1, 4.3 og 4.4, 4.9, 4.12, 10.1, 11.2, 11.3, 11.7, 12.1 - 12.4, 14.1, 14.4 o.fl. Hér á við eins og áður að efnislegar forsendur kunna að vera fyrir þessum atriðum í réttum buningi og á réttum stað, þ.e. sem samkomulag í þjónustusamningi.

#### ***Drög að þjónustusamningum***

Ekki eru að sinni gerðar athugasemdir við drög að þjónustusamningum en ljóst að mikið skortir á að þeir séu fullnægjandi eða aðgengilegir. Ýmis þau atriði sem samkvæmt framgreindu er ofaukið í reglunum gætu að breyttu breytanda átt heima í þjónustusamningunum.

#### ***Niðurlag***

Drögin að reglunum eru ófullnægjandi og þarfnast breytinga. Er æskilegt að þau verði endurunnin meðal annars m.t.t. stjórnsýsluhátta, sem þurfa að vera skýrir m.a. ef reyna kynni á gildi þeirra hjá Umboðsmanni Alþingis. Efni þjónustusamninganna mun ráðast að hluta af endurskoðuðum reglum. Ljóst er að mikil vinna í þessum efnum er óunnin og mun vart verða lokið á yfirstandandi skólaári. Er því lagt til að gildistöku nýrra reglna og nýrra þjónustusamninga verði frestað til haustsins 2017 og tíminn þangað til notaður til samvinnu allra hlutaðeigandi aðila um þetta mikilvæga verkefni.

Virðingarfyllst,  
f.h. Tónskóla Sigursveins  
Júlíana Rún Indriðadóttir, skólastjóri  
Sigursveinn Magnússon, formaður skólaráðs  
f.h. Tónskóla Hörpunnar  
Svanhvít Sigurðardóttir, skólastjóri  
Kjartan Eggertsson, aðstoðarskólastjóri

From: Gunnar Guðbjörnsson [mailto:gunnar@songskoli.is]

Sent: 9. janúar 2017 10:06

To: Sigfríður Björnsdóttir

Subject:

Sæl Sigfríður,

Ég hef verið í sambandi við Garðar og Ásrúnu í Söngskólanum og við erum sammála um þessa athugasemd varðandi 150 nemenda regluna.

Grein 8.1 fjallar um að tónlistarskóli hafi að jafnaði „ a.m.k. 150 nemendur, óháð lögheimili, sem stunda nám til viðurkenndra áfangaprófa samkvæmt aðalnámskrá tónlistarskóla.“

Að gefnu tilefni leyfi ég mér að benda á þá staðreynd að umfang 150 nemenda skóla getur verið mjög misjafnt. Leggi skóli áherslu á nám grunnstigs- og miðstignemenda á hljóðfæri verður það varla lagt að jafnaði við t.d. söngskóla þar sem tilhneiging hefur verið til að það myndist hinn „öfugi píramídi“ með meirihluta nemenda á mið- og framhaldsstigi. Námi á efri stigum fylgir óumflýjanlega meira umfang í stjórnun ekki síst ef um er að ræða söng þar sem hver nemandi er óumflýjanlega með tvo kennara allan veturinn og gert ráð fyrir kennslumagni í 1,5-2 klukkustundir einkakennslu á viku. Umfang skipulags kennslunnar er því tvöfalt miðað við þá nemendur sem aðeins njóta undirleiks hluta námsársins og þó það fjölgi ekki nemendum í skóla er eðlilegt að það eykur umfang hans og um leið umfang stórnunar. Að okkar mati þarf að setja inn undanþáguákvæði um 150 nemendur í söngskólunum tveimur og setja markið í þeim við 100 nemendur.

Athugasemdin er gerð með samþykki Söngskólans og ætti að vera undir nafni beggja skóla.


með bestu kveðju,

Gunnar

**Gunnar Guðbjörnsson**

Skólastjóri

s.6634239



**SÖNGSKÓLI**  
**SIGURÐAR DEMETZ**

Ármúla 44 - 108 Reykjavík - 552 0600  
Kt. 570211-0480

--



**From:** Edda Borg Ólafsdóttir [<mailto:eddaborg@eddaborg.is>]  
**Sent:** 7. janúar 2017 14:25  
**To:** Sigfríður Björnsdóttir; Haukur Þór Haraldsson; Guðrún Sigtryggsdóttir  
**Subject:** Vegna fyrirhugaðra þjónustusamninga við tónlistarskóla

Sæl Sigfríður, Guðrún og Haukur.

Það er auðvitað fagnaðarefni að stjórnendum Tónlistarskólanna í Reykjavík bjóðist nú að tjá sig um fyrirhugaða þjónustusamninga. Lengri aðdragandi hefði þó ekki spillt fyrir til að skiptast á skoðunum og velta fyrir okkur ýmsum þáttum áður en gengið er frá samningnum.

Sjón STÍR, sem ég á sæti í, hefur ritað bréf sem verður sent til ykkar í dag/morgun, ég hef í raun ekki miklu við það að bæta.

Hvað varðar Tónskóla Eddu Borg, þá vil ég taka fram að nú er nemendafjöldi okkar rétt undir því lágmarki sem sett er um nemendafjölda í reglunum.

Ég hef mikinn metnað fyrir því að Tónskóli Eddu Borg nái að vaxa í 200 nemenda skóla. Hið kostnaðarsama húsnæði skólans myndi rúma þann fjölda vel. Aukin nemendafjöldi myndi vitanlega léttu reksturinn og einnig gera skólastarf fjölbreyttara og líflegra. Nú þegar eru nemendur á biðlista.

Með ósk um faglega umfjöllun og jákvætt og gott samstarf í framtíðinni.

Virðingarfyllt,  
Edda Borg Ólafsdóttir

## Umsögn um drög að reglum um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla.

Ósk um umsögn var send á miklum annatíma í öllum tónlistarskólum í Reykjavík þann 16. desember og fáeinum dögum fyrir jólafrí. Skilafrestur átti að vera 4. janúar en var síðan framlengdur um 5 daga.

Þetta þykir mér lýsandi fyrir verklag fræðsluviðs Reykjavíkur gagnvart tónlistarskólum borgarinnar. Desember er háannatími skólanna eins og öllum er kunnugt og er því fullkomnlega óviðeigandi að ætlast til þess að sé unnið sé í nýjum reglum um þjónustusamninga yfir jól og áramót.

Tónninn í nýju reglum Reykjavíkurborgar um þjónustusamning við tónlistarskóla er mjög einhliða og hefur það eitt að markmiði að tryggja eigin hagsmuni og rétt um leið og skírt er tekið fram að Reykjavíkurborg beri enga ábyrgð á skólunum.

Tónlistarskólarnir í Reykjavík eru allir einkareknar stofnanir sem Reykjavíkurborg gerir þjónustusamninga við skv. lögum nr. 75/1985. Skólarnir eru ekki í eigu borgarinnar og gildir því ekki það sama og t.d. með skólahljómsveitirnar en þær eru í eigu borgarinnar. Flestir eru skólarnir áratuga gamlir og hafa þeir allir staðið sig mjög vel og sinnt þeirri þjónustu sem borgin kaupir af mikilli kostgæfni. Tónlistarlíf á Íslandi er í miklum blóma og þar eiga skólarnir stóran hlut af máli.

Þjónustusamningurinn á að vera rammi utanum þá þjónustu sem borgin kaupir, þ.e. nemendafjölda og tímamagn og þess háttar. Reglurnar mega ekki setja skólunum faglegar skorður.

Í sambandi við rekstrarhæfi tónlistarskóla er það eina sem þarf að hafa í huga er að fjármögnun opinberra aðila séu skv. lögum nr. 75/1985 og að tiltekinn nemendafjöldi sé til staðar.

Þetta eru vangaveltur mínar en að öðru leyti ég styð heilshugar þá ítarlegu umsögn sem kemur frá Tónskóla Sigursvein D. Kristinssonar og er fylgjandi henni.

Með kveðju,

Sigríður Árnadóttir

Tónlistarskólanum í Grafarvogi.



Til Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur

Reykjavík, 8. janúar 2017

Athugasemdir við Drög að reglum um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla.

Í byrjun skal tekið fram að í grunninn er ég sammála flestum þeim athugasemdum sem stjórn STÍR og Tónskóli Sigursveins hafa sent frá sér.

Ég vil þó bæta um betur til að útskýra afstöðu mína í einstökum atriðum, ef ske kynni að það yrði gagnleg viðbót við innlegg og umfjöllun um málið.

#### **Eftirlit með nýtingu opinberra fjármuna.**

Það er góðra gjalda vert og sjálfsagt mál að líta eftir að fjármunum okkar borgaranna sé vel varið, og þeir nýttir á sem bestan máta. Varðandi eftirlit með starfi tónlistarskólanna tel ég að markvissari og betri árangur næðist með heimsóknnum í skólana ásamt viðtölum við kennara og skólastjórnendur, auk kannana á afmörkuðum þáttum starfsins, fremur en aukin skýrslugerð og flóknara regluverk. Skýrslur hafa þann ókost að lenda gjarnan uppi í hillum og gleymast.

Ég vil leggja mikla áherslu á að í góð nýting fjármagns til hljóðfærakennslu felst mun fremur í góðri og faglegri kennslu sem skilar árangri, en fjöldataölum miðað við fjármagn. Ein leið til að meta árangur er að skoða hlutfall nemenda sem skilar sér í samræmd áfangapróf, árangur þeirra og aldur.

Að mínum dómi felst mesta hættan á slakri nýtingu fjármagns í nemendum sem ekki skila tilskyldu vinnuframlagi milli kennslustunda. Þá fer sérþekking og reynsla kennarans fyrir lítið, þegar um er að ræða hljóðfæranám, því árangur þess felst að miklu leyti í reglulegri heimavinnu.

Varðandi jafnræði til náms verður að horfa til þess að möguleikar til námsins skerðast á þeim svæðum og í því sérnámi þar sem þjónustan annar ekki eftirspurn. Þar sem áhugamiklir nemendur komast ekki að, vegna biðlista, en aðrir áhugaminni halda plássi árum saman, verður ekki um jafnræði til náms að ræða.

#### **Athugasemdir við einstakar greinar.**

4.11 Ef ég skil þessa grein rétt er gert ráð fyrir að tónlistarskólar sendi skriflega beiðni til kennara um að koma með hljóðfæri sitt til kennslu þar sem það á við! Á að senda afrit til borgarinnar? Hjá okkur nota allir strengjakennarar sín eigin hljóðfæri við kennsluna en píanóleikarar nota hljóðfæri skólans. Þetta kemur allt fram í tónalaunaskjölum sem skólarnir hafa þurft að skila til Reykjavíkurborgar.

Persónulega finnst mér þetta svo sjálfsagt mál að eins mætti senda skriflega beiðni til kennara um að mæta í vinnuna!

Hver er ástæðan fyrir þessu ákvæði? Eina augljósa breytingin að mínum dómi er aukin skrifinnenska. Ef tilgangurinn er betri eftirlit held ég að það virki engan vegin. Ef einhver hefur vilja til að svindla á þessu ákvæði og greiða kennurum aukalaun sem ekki eru að nýta hljóðfærin og tölvurnar, þá getur hann jafn auðveldlega gefið rangar upplýsingar í skýrslum til borgarinnar.

8.1 Ákvæðið um 150 nemendur hefur verið í reglum borgarinnar í 12 ár. Allan þann tíma hefur Allegro Suzukitónlistarskólinn fengið styrk frá borginni án þess að sækja um undanþágu. Þetta ákvæði hefur hins vegar valdið okkur óþægindum, þar sem í upphafi óttuðumst við að borgin myndi framfylgja sínum eigin reglum, og leituðumst við að fjölga nemendum. 130 nemendur stunduðu nám við skólann þegar mest var. En við áttuðum okkur um síðir á því að að það var enginn vilji til þess að veita skólanum styrk til að kenna 150 nemendum. Þar af leiðandi höfum við þurft að fækka nemendum verulega til að halda skólanum rekstrarhæfum og erum nú með innan við 80 nemendur, en okkar kjörstærð er um 100 nemendur.

Á hinn bóginn er jákvætt að undanþágur séu nánar skilgreindar!

10.2 Skýra þarf betur hvað er átt við með jafnræði við inntöku nemenda. Annað í greininni er jákvætt að mínu mati.

11.4 Sundurgreining af tekjum skólagjalda eftir stigum. Þetta er ekki einfalt mál. Við miðum til dæmis skólagjöld við stig í hljóðfæranámi, án tillits til tónfræðigreina, þannig að sami nemandi getur hæglega verið í framhaldsstigi í hljóðfæraleiknum en í miðstigi í tónfræðigreinum.

Sundurgreining launa í ársreikningi eftir námsstigum er heldur ekki einfalt mál, þar sem laun eru ekki sundurgreind á launaseðlum eftir kennslustigum. Hins vegar er hægt að lesa þessar upplýsingar úr tónalaunaskýrslum, og þær hefur borgin fengið sendar á hverju ári. Ég tel að þessum upplýsingum sé auðveldlegar fyrir komið í starfskýrslum en ársreikningum. En til að flækja málið enn meir eru nemendur á mismunandi stigum oft saman í hóptímum.

### Þjónustusamningarnir

Varðandi þjónustusamningana sjálfa tel ég að ef Reykjavíkurborg endurreiknar fjármagn frá jöfnunarsjóði til skólanna á forsendu meðaltalsreiknikúnsta eða safnar í sjóð vegna veikindaforfalla eigi allt slíkt að vera gegnsætt og koma fram í þjónustusamningum eða reglum.

Ef skólum er gert að skila fjárhagsáætlun til ákveðins tíma, tel ég sjálfsagt að einnig komi inn ákvæði um skyldur Reykjavíkurborgar á borð við: „enda liggja fyrir áætlun Skóla- og frístundasviðs um greiðslur til skólanna á sama tíma.“ Fjárhagur skólanna og kennslugeta veltur á styrkjum sveitarfélagsins og vonlaust að gera marktækar áætlanir ef áætlaðar styrkfjárhæðir Reykjavíkurborgar liggja ekki fyrir!

### Um Allegro Suzukitónlistarskólann

Fyrir nokkrum árum fór skólinn fram á leiðréttingu kennslustyrks frá Reykjavíkurborg á þeirri forsendu að við kenndum grunnskólanemum upp á miðstig og jafnvel framhaldsstig, það er mun dýrari kennsla, en aldrei hafði verið tekið tillit til þess í styrkveitingum. Kennslan er dýrari ekki bara vegna álags á kennslu á efri stigum, heldur líka vegna þess að við aukum kennslutímamann í hlutfalli við þörf nemenda. Lengra komnir nemendur þurfa meiri kennslutíma en þeir sem eru að byrja með aðstoð foreldra. Í Suzukinámi kennum við hverjum nemenda hálf tíma í byrjun, en ekki klukkutíma á

viku. Við skilgreinum það hins vegar sem heilt nám, enda bjóðum við ekki upp á annað fyrirkomlag. Nemendur í framhaldsstigi fá hjá okkur klukkutíma á viku. Það er því ljóst að við höfum nýtt styrkinn til að kenna mun fleiri nemendum en upphaflegur samningur um 55 nemendur í grunnstigi (frá 2004) sagði til um. Fjármagnið hefur síðan minnkað vegna „hagræðingarkrafna“ eftir hrun, sem reyndar var lofað að yrðu teknar til baka þegar hagur borgarinnar vænkaðist á ný. Það virðist enn ekki hafa orðið. Skemmst er frá því að segja að þessarri beiðni var neitað (bréf SFS2012010231).

Þetta hefur verið okkur dýrt, og þrátt fyrir mikið aðhald í rekstri kom að því að eigið fé var orðið neikvætt svo skipti milljónum, þá var ljóst að snúa þyrfti þróuninni við og fækka nemendum á ný.

Nú er nemendafjöldinn orðinn svípaður og þegar skólinn var stofnaður, eða innan við 80 nemendur, og kennt á færri hljóðfæri og kennslutími naumari. Hópar eru orðnir minni og mikil breidd í getu innan þeirra, sem reynir enn meir á kennarana. Nýting á húsnæði er verri en áður.

Við teljum að kjörstærð okkar skóla séu um 100 nemendur, þá erum við bæði að hugsa um sem mest gæði og persónulega þjónustu og einnig um að fullnýta húsnæðið, en þar eigum við eftir 7 ár af 10 ára leigusamningi.

Við munum því fyrir næsta ár sækja um að fá samning sem nægir til að halda þeim fjölda, og styrk sem tekur tillit til þess að nemendur okkar eru líka í mið- og stundum framhaldsnámi, þrátt fyrir að vera allir á leik- og grunnskólaaldri. Við höfum reynt að framfylgja þeirri stefnu að veita úrvals kennslu, við gerum miklar kröfur til nemenda og foreldra um að þeir geri sitt besta, án þess þó að gera sérstakar framvindukröfur.

Þetta er enn brýnna fyrir okkur nú þar sem með breyttum reglum getum við ekki sótt styrk frá jöfnunarsjóði. Skal ég nú skýra það aðeins út.

Við höfum eingöngu nemendum á leik- og grunnskólaaldri. Margir þeirra taka grunnpróf, sumir taka líka miðpróf á sitt hljóðfæri áður en þeir ljúka grunnskólanámi. Þar sem tónfræðikennsla hefst ekki fyrr en við 9 ára aldur, er mjög ólíklegt að þeir ljúki miðprófi í tónfræði jafn snemma. Við gefum okkur 5 ár til að kenna til samræmds miðprófs í tónfræðigreinum, þannig að flestir nemendur taka það um 14 ára aldur. Samkvæmt nýjum reglum jöfnunarsjóðs þarf að hafa lokið miðprófi að fullu, og er vafalítið átt við að miðprófi í tónfræðigreinum sé lokið einnig.

Þar sem tiltölulega fáir nemendur komast í framhaldsstig á þessum aldri erum við stundum með nokkra nemendur í framhaldsstigi, en stundum enga. Það gefur auga leið að þessar sveiflur geta orðið óþægilegar þegar kennslukostnaður eykst verulega milli ára, án þess að nokkrar tekjur komi þar á mót, nema e.t.v. hærri skólagjöld!

Þeir nemendur sem lokið hafa miðstigi og þar með komnir á framhaldsstig hljóðfæranámsins hafa nær undantekningarlaust haldið áfram sínu námi við TR (Tónlistarskólann í Reykjavík) Góð samvinna hefur verið milli skólanna, nemendur okkar hafa tekið þátt í hljómsveitarstarfi þar með eldri nemendum og yngri nemendur úr TR hafa tekið þátt í kammerhljómsveit og sótt tónfræðitíma hjá okkur. Í sumum tilfellum hafa nemendur fylgt sínum kennara í TR fyrsta árið, í öðrum tilfellum höfum við ráðið auka stundakennara ef við höfum talið nemanda tilbúinn til að skipta um kennara en ekki um skóla vegna ungs aldurs. Allt með hagsmuni nemenda að leiðarljósi.

Þetta verða lokaorðin að sinni: Hagsmunir nemenda og fagleg vinna er okkar leiðarljós.

---

Kristinn Örn Kristinsson, skólastjóri

SAMANTEKT – klippt saman álit sem skilað var á fundi 23.september 2016  
eða í kjölfar hans

---

Sent til allra sem fengu boð á fundinn eftir hádegi 23.september 2016:

Sæl verið þið

Kærar þakkir fyrir fundinn í morgun.  
Vinsamlegast tryggið að ég fái punktana úr hópavinnunni fljótt.  
Ekki hafa áhyggjur af orðalagi eða slíku. Þetta er allt á vinnslustigi.  
Helst senda til mín í dag eða snemma á mánudag.

Og ég minni á að einnig getur hver og einn sent inn almennar athugasemdir.  
Auk þess er gott að byrja að safna saman athugasemdum ykkar um sérákvæði eða undanþágur  
sem ykkar skóli myndi vilja sjá í eigin samningi.  
Þið getið sent slíkt strax ef vill.

Ég sendi hér aftur öll gögnin fyrir fundinn þar sem þau bárust ekki öllum.  
Ég sendi líka glærurnar frá fundinum, en setti merkingu inn á þær þannig að ekki væri hægt  
að ruglast og taka það sem þarna kemur fram sem annað en hugleiðingar (sic) mínum um  
tónlistarnámið – sem sagt, ekki er um stefnu borgarinnar að ræða í t.d. listum í glærunum yfir  
atriði til umhugsunar!  
Með glærunum eru minnispointar mínir fyrir neðan – var ekkert að hreinsa þá út, kannski  
hjálpa þeir fleirum en mér.

bkv  
Fríða

Ör-fundagerð – drög, endilega gerið athugasemdir:

Samráðsfundur með tónlistarskólastjórum vegna mögulegra breytinga á reglum og  
samningum vegna tónlistarnáms í Reykjavík var haldinn 23.9.2016 kl.10-12 í Borgartúni,  
Kerhólum 7.hæð. Unnið var í hópum og munu fulltrúar hópanna (ath) senda athugasemdir til  
undirritaðrar.

Stefnt er að framhaldi samráðs og þá með aðkomu fleiri aðila sem heildarfyrirkomulagið  
snertir.

Mættir voru frá tónlistarskólum: (endilega látið vita ef ég er að gleyma einhverjum – ég  
gleymdi að láta ganga mætingarlista)

Stefán S. Stefánsson – Tónlistarskóli Árbæjar  
Guðbjörg Sigurjónsdóttir - Dem  
Sigríður Árnadóttir - Graf  
Gunnar Guðbjörnsson - Dem  
Þórunn Guðmundsdóttir - Tónó  
Kjartan Óskarsson - Tónó  
Björn Th. Árnason - FíH

Valgerður Jónsdóttir - Tonst.Valg.  
Tryggvi Hubner - Gítarsk.  
Kjartan Eggertsson - Harpan  
Svanhvít Sigurðarsdóttir - Harpan  
Ásrún Davíðsdóttir - Söngskólinn  
Mary Campell - Suzukiskólinn

Ekki voru fulltrúar fyrir eftirtalda skóla á fundinum:  
Allegro - Kristinn Örn Kristinsson - (Epta)  
Tónsk. Sigursveins- Júlíana Rún Indriðadóttir - (Epta)  
Doremi - Vilberg Viggósson - (Epta)  
Domus Vox - Margrét J. Pálmadóttir (ætlaði að koma)  
Nýi tónlistarskólinn - Sigurður Sævarsson (veikur)  
Tónskóli Eddu Borg  
Píanóskóli Þorsteins Gauta

Frá SFS komu á fundinn eftirtaldir:  
Guðrún Sigtryggsdóttir lögfræðingur SFS sat hálfan fundinn.  
Haukur Þór Haraldsson og Sigríður María Hreiðarsdóttir komu stuttlega inn á fundinn um miðbik hans.  
Sigríður Björnsdóttir stýrði fundi og ritaði þetta yfirlit.

---

Við borðið voru Gunnar Guðbjörnsson Söngskóla Sigurðar Demets, Trggvi Hubner GÍS, Mary Campell Suzukiskólanum og Svanhvít Sigurðardóttir og Kjartan Eggertsson Tónskóla Hörunnar.

Það sem bar hæst var að við vorum sammála um að:

1. Ekki mætti koma í veg fyrir að sjötugir fengju að starfa við tónlistarskólana þar sem þeir væru verðmætir starfsmenn fyrir tónlistarskólana.
2. Fjármagn til tónlistarnáms væri skipt milli nemenda og að þeir fengju að ákveða í hvaða skóla þeir stunduðu sitt nám. Fjármagnið fylgdi nemendunum.
3. Í þjónustusamning eða reglur borgarinnar þyrfti að setja ákvæði um að skólunum væri heimilt að vikja frá námskrárbundnu námi þegar sýnt væri að annars konar námsframvinda uppfyllti jafn vel þau markmið sem borgin hefur sett sér um fjölbreytni.

---

Í hópnum voru: Þórunn Guðmundsdóttir, Guðbjörg Sigurjónsdóttir, Sigríður Árnadóttir, Stefán Edelstein og Stefán S. Stefánsson.

Við vorum aðallega að skoða reglur um þjónustusamninga.

Talað er um að gera samninga til eins árs (2016-2017). Okkur finnst þetta full stutt, en kannski skiljanlegt í ljósi breytinga sem gert er ráð fyrir að verði á þessu skólaári. Í framhaldinu er æskilegt að gera þjónustusamninga til þriggja ára.

Á bls. 2 í þriðju grein viljum við gera þá tillögu að dagsetningum verði breytt þannig að í stað 1. maí komi 1. júní og í stað 1. júní komi 1. júlí. Það er óraunhæft að gera ráð fyrir að

starfsáætlun sé tilbúin í byrjun maí, enda eru skólar gjarnan með inntökupróf í maímánuði og ekki ljóst með fjölda nemenda fyrr en liðið er á maímánuð.

Bls. 2, þriðja grein, punktur 5: Það er ljóst að margir skólar sem starfa nú í Reykjavík eru ekki með 150 nemendur. Ef það á að fylgja þessari tölu þarf að skoða vel hvernig skólar eru hvattir til þess að sameinast eða fjölga nemendum. Ef breyta á orðalaginu og nota þann möguleika að hluti nemenda (að lágmarki 30 í hverjum skóla) stundi nám „til viðurkenndra áfangaprófa skv. Aðalnámskrá tónlistarskóla“ og aðrir nemendur séu í öðruvísi skipulögðu námi, þá þarf að skoða vel hvort það verður „útþynnt nám“ til þess eins að fjölga nemendum. Verða þá skólagjöld nemendanna mismunandi eftir því hvaða kerfi þeir tilheyra (inna sama skóla), munu tónlistarskólar sjálfir ráða því hversu margir nemendur stunda nám sem ekki er skv. námskrá, eða mun verða stýring að ofan (frá Rvík) til þess að fjölga nemendum í kerfinu? Svona sveigjanleiki virðist við fyrstu sýn afar jákvæður og stuðla að meiri fjölbreytni og jafnvel nýsköpun í skólum, en spörin hræða – t.d. má rifja upp þegar sett var inn ákvæði um sveigjanlegan fjölda kennsluvikna og Reykjavíkurborg ákvað að það væri ekki tónlistarskólanna að ákveða þetta, heldur gæti hún komið með boð að ofan og beint því til allra tónlistarskóla í borginni að fækka kennsluvikum niður í 30 og þannig fjölga nemendum fyrir sömu framlög. Aðrar spurningar sem vakna eru t.d.: Ef það á að vera lágmark 30 nemendur í hverjum skóla í núverandi áfangaprófakerfi, hvernig á þá að velja þá 30 nemendur – samkvæmt prófum, tillögum frá kennurum, efnahag foreldra (ef það nám verður dýrara)? Í stuttu máli vakna ótal spurningar varðandi það að opna á möguleika á að jafnvel meginþorri tónlistarnemenda í borginni stundi annars konar nám en skv. námskrá. Það væri gott að fá útskýringar frá borginni varðandi það hver hugsunin er með því að hvetja til slíkra breytinga.

Bls. 2, 4. Grein: Reykjavíkurborg getur hvenær sem er látið gera stjórnsýsluúttekt á tónlistarskólum. Spurning um að bæta við ákvæði á þá leið að Reykjavíkurborg þarf að rökstyðja þörf fyrir og gefa upp ástæður stjórnsýsluúttektar.

Kkv

Þórunn

---

Komdu sæl,

Þakka þér fyrir góðan fund sl. föstudag. Framlag þitt og framsaga í upphafi var mjög gott og vel framsett og þú átt skilið hrós fyrir það hve vel tókst til.

Ég vil núna bregðast við örfáum atriðum, bæði hvað varðar reglurnar um þjónustusamninga frá 2012 og einnig í minnisblaðinu frá sviðstjóra.

Hvað varðar reglurnar þá er það 3. gr sem ég vil gera athugasemd við. Þar vil ég meina hvað 1. punkt varðar að betra væri að breyta dagsetningunni 1. maí í 1. júní og einnig breyta dagsetningunni 1. júní í 1. júlí.

Í 5. punkti er rætt um stærð skóla (að jafnaði 150 nemendur). Í því sambandi vil ég benda á að á sínum tíma setti borgin þetta inn til að hamla því og koma í veg fyrir að nýir skólar kæmu inn í kerfið (m.a. út af kröfu samkeppnisráðsins).

Nú hefur nemendafjöldi í Tónmenntaskólanum farið lækkandi í nokkur ár, aðallega vegna krafna Reykjavíkurborgar um niðurskurð. Mér myndi finnast það gerræðisleg vinnubrögð af borgarinnar hálfu ef það ætti að dæma Tónmenntaskólann úr leik eingöngu vegna fækkunar



nemenda milli ára.

Í því sambandi vil ég benda á 9. grein í þjónustusamningnum frá 2012 en þar er talað um undanþágu frá 150 nemenda reglunni ef um er t.d. að ræða þjónustu við borgarhluta sem skortir þessa þjónustu. Það á svo sannarlega við um Tónmenntaskólann en hann er eini tónlistarskólinn sem veitir borgarhlutanum 101 þessa þjónustu.

Þetta er atriði sem ég vil leggja mikla áherslu á.

Í minniblaði sviðsstjóra er í kafla III rætt um samræmingu ársreikninga-tímabil, sundurliðanir og skil

þar segir m.a.: Gert er ráð fyrir að almanaksár verði lagt til grundvallar.

Það tók mig mörg ár að fá borgina til að samþykkja að Tónmenntaskóli Reykjavíkur skilaði endurskoðuðum reikningum miðað við skólaár en ekki almanaksár. Hin eðlilega rekstrartímabilseining er SKÓLAÁR en ekki ALMANAKSÁR, sem er samsett úr brotum TVEGGJA SKÓLAÁRA. Ég á erfitt með að skilja af hverju þetta ætti að vera vandamál. Hinsvegar er sjálfsagt að endurskoðandinn fari eftir óskum borgarinnar um sundurliðanir í ársreikningum til þess að þær væru samræmdar milli skóla.

Tónmenntaskólinn hefur skilað inn endurskoðuðum reikningum (af löggiltum endurskoðenda) áratugum saman og aldrei heyrt óánægjuraddir af borgarinnar hálfu varðandi þessa reikninga. Ég tel einnig að sundurliðanir á ársreikningum Tónmenntaskóla Reykjavíkur séu skýrar, rökfastar og yfirlitsvænar.

Og að síðustu leyfi ég mér að spyrja: Skila ALLIR tónlistarskólar sem njóta styrkja frá borginni inn endurskoðuðum reikningum gerðir af löggiltum endurskoðendum á hverju ári?

Í lokin: Sérákvæði (undanþágur) sem ég myndi vilja sjá í eigin samningi eru þessi:

1. Ákvæðið um 150 lágmarks nemendafjölda væri ekki í gildi hvað Tónmenntaskólann varðar.
2. Löggild endurskoðun mætti áfram miðast við skólaár. Ef það er ekki hægt þá tæki ekki annað form við en í fyrsta lagi skólaárið 2017 – 2018.

Bestu kveðjur  
Stefán Edelstein

---

